allt

**ÓLÖF ERLA BJARNADÓTTIR**

*Býr til jólakúlur*

jól • heilsa

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**JÓLABLAÐIÐ**

*Allt um undirbúning jólanna*

uppskriftir skraut viðtöl

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU**




**KVIKMYNDIN KVIKYNDI**

*Var klofin í tvennt og verður að tveimur bíómyndum*

Beðið með eftirvæntingu eftir Börnum og Fullorðnum

**FÓLK 42**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. nóvember 2005 — 296. tölublað — 5. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 550 5000


### Fær hugmyndir í flugvélum



Þór Sigfússon hefur tekið við starfi forstjóra Sjóvár. Hann ætlar að auka áherslu fyrirtækisins á forvarnir, þjónustu og nýjungar.

**TÍMAMÓT 24**

### Hlutafélagavæðing leysir ekkert

„Hvergi hafa heyrst gild rök fyrir því hvers vegna ætti að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag,“ segir Margrét Sverrisdóttir, formaður Hollvinasamtaka RÚV.



**UMRÆÐAN 22**

### Gerir sig kláran fyrir útgáfutónleika



Magnús Þór Sigmundsson hefur unnið sér sess sem einn ástsælasti lagahöfundur þjóðarinnar en hann samdi til dæmis Ísland er land þitt, Ást og Jörðin sem ég ann.

**MENNING 28**

### Er Logi lausnin?

Handboltamaðurinn Logi Geirsson kveðst vera maðurinn til að leysa vandamál landsliðsþjálfarans Viggó Sigurðssonar með skyttustöðuna vinstra megin. Logi leikur sinn fyrsta leik eftir erfið meiðsli í kvöld.



**ÍÞRÓTTIR 38**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SLYDDA EÐA SNJÓKOMA** í borginni og sunnan og vestan til. Úrkomulítið annars staðar síst þó með ströndum. Yfirleitt frost á landinu.

**VEÐUR 4**






# Litháar á þrælakjörum hjá íslensku þjónustufyrirtæki

**Alþýðusamband Íslands rannsakar starfsemi fyrirtækis í Reykjavík og íslenskrar starfsmannaleigu í Litháen. Talið er að fyrirtækið hafi fengið þrjá Litháa hingað í gegnum þjónustuleiguna og borgi þeim 60 þúsund krónur í mánaðarlaun. Þetta er í fyrsta sinn sem svona mál kemur upp í verslun og þjónustu.**

**VINNUMARKAÐUR** Verslunar- og þjónustufyrirtæki í Reykjavík hefur fengið að minnsta kosti þrjá Litháa hingað til lands til að vinna á lager fyrirtækisins. Þetta er gert á vegum starfsmannaleigu í Litháen sem ber íslenskt nafn og íslenskur karlmaður er skráður fyrir. Ekki er vitað meira um leiguna eða nákvæmlega hversu margir starfsmennirnir eru eða hafa verið en verið er að rannsaka málið á vegum ASÍ.

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, segir að Litháarnir hafi verið fengnir hingað á kjörum sem séu víðs fjarri kjarasamningum hér á landi. Verið sé að kanna réttarstöðu þessara starfsmanna og málið fari sinn gang innan kerfisins en þetta sé í fyrsta skipti sem svona mál komi upp í þjónustugeiranum, áður hafi þetta verið mest í framkvæmdageiranum.

„Ráðningarsamningarnir sýna þrælakjör,“ segir Magnús og telur að starfsmennirnir fái um sextíu þúsund krónur á mánuði sem er langt undir lágmarkskjörum Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Fólkið hefði átt að fá greitt samkvæmt þeim taxta.

Rannsókn ASÍ gengur hægt enda segir Magnús að þjónustufyrirtækið sé ekki mjög viljugt til að gefa upplýsingar en Litháarnir komu hingað á vegum starfsmannaleigunnar. Þá segir Magnús að það hái ASÍ að frumvarp félagsmálaráðherra sé ekki komið í gegnum þingið. „Þegar svona skýr og alvarleg brot eru framin þá gæti Vinnumálastofnun stöðvað tímabundið starfsemi fyrirtækisins ef þessi lög sem við bíðum eftir hefðu tekið gildi,“ segir hann.

Erlent launafólk hefur veika stöðu í ókunnu landi, ekki síst vegna málleysisins. Magnús segir að það séu sem betur fer alltaf einhverjir sem gefi sig fram og segi frá. Svo hafi verið í þessu tilviki. **- ghs**



**SYNDANDI Í LJÓSHAFINU** Þessir fimm krakkar tóku nokkur sundtök í ljóshafinu áður en þau hurfu svo ofan í kalda Laugardalslaug í gær. Ljósmyndarinn fangaði þetta listræna augnablik áður en hann fékk væna gusu frá krökkunum yfir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ódæði í Kaupmannahöfn:

## Unglingspiltur fannst myrtur

**DANMÖRK** Sautján ára piltur fannst myrtur á hótelherbergi Continent-hótelsins í Kaupmannahöfn í gærmorgun. Pilturinn, sem er af afrískum uppruna, var með skotsár á höfði.

Lögregla handtók í gær fjóra menn vegna morðsins auk þess sem fjöldi vitna var yfirheyrður.

Hótel Continent er í norðurhluta borgarinnar og hefur meðal annars verið notað sem neyðarskýli fyrir heimilislausa og flóttamenn. Um síðustu jól kviknaði í einni hæð hótelsins og varð eldurinn þremur að bana. **- ks**



**FRAMBJÓÐENDUR VALDIR** Þessar konur kusu áður en vopnaðir menn aflýstu kjörfundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðstoðaryfirlögregluþjónn segir fólk líta á störf í lögreglunni sem skammtímalausn:

## Skortur á faglærðu starfsfólki

**LÖGREGLUMÁL** „Við höfum ekki orðið að grípa til þessa ráðs í langan tíma en nú er skortur á faglærðu fólki á sama tíma og verið er að fjölga lögreglumönnum og því erum við í þessari stöðu,“ segir Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Gripið hefur verið til þess ráðs að ráða menn, sem ekki hafa lokið námi í Lögregluskólanum, til löggæslustarfa þar sem skólinn útskrifar ekki nógu marga til að manna þær stöður sem nú vantar í.

Karl Steinar segir þetta vissulega vandamál sem eigi sér nokkrar skýringar. „Það hefur verið áberandi síðustu árin hversu starfsmannavelta innan lögreglunnar er mikil. Margir sem útskrifast úr Lögregluskólanum starfa aðeins í lögreglunni í stuttan tíma og jafnvel eru dæmi um að menn sem ljúka skólanum fari strax til annarra starfa eða náms en hefji ekki störf sem lögreglumenn.“

Karl Steinar segir þetta þurfa að rannsaka enda virðist ungt fólk líta fremur á störf í lögreglunni sem skammtímastarf ólíkt því sem áður var þegar algengt var að lögreglumenn störfuðu sem slíkir allt sitt líf. „Þetta eru ekki illa launuð störf miðað við það sem gengur heldur er eitthvað annað sem þessu veldur og það er mikilvægt að komast að því hvað það er því það er bæði dýrt og tímafrekt að mennta lögreglumenn.“

Lögregluskólinn hefur útskrifað lögreglumenn í sex ár en samt ekki nógu marga til að brúa það bil sem nú er. Í Reykjavík vantar lögreglumenn í 26 stöðugildi en Karl Steinar telur ólíklegt að á meðal umsækjenda verði fleiri en rúmlega tíu lærðir lögreglumenn. Allar aðrar stöður verði því að manna á annan hátt. **- aöe**



**MIKIL STARFSMANNAVELTA** Lögregluskólinn útskrifar ekki nógu marga nemendur til að fylla þau skörð sem í vantar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Forkosningar Fatah:

## Kjörstöðum lokað óvænt

**PALESTÍNA** Fatah-hreyfing Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar, frestaði í gær forkosningum sínum á Gazaströndinni eftir að vopnaðir fylgismenn hreyfingarinnar þustu inn á kjörstaði og lokuðu þeim.

Mennirnir sögðu að þúsundir nafna vantaði á kjörskrár og þannig væri komið í veg fyrir að fjöldi fólks gæti kosið. Í kjölfar atburðanna í dag gaf yfirmaður kjörstjórnar út að kosningarnar væru ógildar og efnt til nýs kjörfundar síðar.

Kjósa átti frambjóðendur hreyfingarinnar fyrir þingkosningar sem fram fara í byrjun næsta árs. ■



## SPURNING DAGSINS

*Frank, hefur verkstæðið staðist tímans tönn?*

„Já og er í takt við tímann.“

Úrsmíðaverkstæði Frank Michelsen fékk Njarðarskjöldinn í viðurkenningarskyni sem ferðamannaverslun ársins. Verkstæðið á rætur að rekja til ársins 1909.

Húshitunarkostnaður hjá fyrirtækjum getur munað 325 prósentum:

# Algjörlega ólíðandi munur

**RAFHITUN** Raforka til hitunar iðnaðar- og verslunarhúsnæðis er mun dýrari en hitaveita til hitunar á slíku húsnæði. Raforka til húshitunar fyrirtækja er um 325 prósentum dýrari hjá Orkubúi Vestfjarða en hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta er vegna þess að fyrirtæki fá enga niðurgreiðslu úr ríkissjóði.

Víðir Benediktsson, eigandi Vélvirkjans í Bolungarvík, segir að það sé algjörlega „ólíðandi“ að munurinn sé svona mikill.

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri hjá Orkubúi Vestfjarða, segir að hitaveitan sé miklu ódýrari. „Við keppum ekki við hitaveituna. Ríkisstjórn ákvað á sínum tíma að létta byrðir af heimilunum með niðurgreiðslum en hefur ekki viljað hlusta á þau rök að það þurfi að gilda um atvinnurekstur og aðra sem kynda með rafmagni,“ segir Kristján Haraldsson orkubússtjóri.

Haukur Eggertsson, sérfræðingur hjá Orkustofnun, segir að húshitunartaxtar hafi hækkað um síðustu áramót þegar ekki var lengur heimilt að veita afsláttarkjör vegna þess hvernig átti að nota orkuna. Kjör fyrirtækja fyrir aðra raforkunotkun en húshitun hafi batnað, sérstaklega hjá Rarik og Orkubúi Vestfjarða.



**MJÓLKÁRVIRKJUN** Munurinn á raforku og hitaveitu til hitunar iðnaðar- og verslunarhúsnæðis getur numið yfir 300 prósentum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON

Það sé því óvíst að heildarraforkureikningur fyrirtækja hafi hækkað á árinu. **- ghs**

Öryrkjabandalag Íslands:

# Þingfest mál á hendur ríkinu

**DÓMSMÁL** Þingfest verður í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag mál Öryrkjabandalags Íslands á hendur ríkisstjórninni vegna meintra brota á samkomulagi frá árinu 2003 um hækkun grunnlífeyris.

Forysta Öryrkjabandalagsins segir að enn vanti 500 milljónir í sjóði öryrkja svo að samkomulag stæðist sem þáverandi formaður Öryrkjabandalagsins, Garðar Sverrisson, og Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra undirrituðu fyrir síðustu kosningar. Í samkomulaginu var fjallað um línulega hækkun grunnlífeyristekna örorkulífeyrisþega. **- oká**

Aðalmeðferð í Héraðsdómi:

# Tekist á um tölvupósta

**DÓMSTÓLAR** Réttað verður í dag í máli Jónínu Benediktsdóttur athafnakonu á hendur 365 prentmiðlum og Kára Jónassyni ritstjóra Fréttablaðsins. Jónína fékk í septemberlok sett lögbann á birtingu í Fréttablaðinu á skrifum sem unnin voru upp úr tölvupósti sem hún hafði fengið eða sent.

Jón Magnússon, lögmaður Fréttablaðsins, segir málið í raun snúast um mörk tjáningarfrelsisins og telur lögbann sýslumanns óvenjuvíðtækt og veit ekki dæmi þess áður að fengist hafi sett lögbann á upplýsingar sem þegar hafi verið birtar. **- óká**

## KANADA

**Koss dauðans** Fimmtán ára kanadísk stúlka lést eftir að hafa kysst kærasta sinn. Stúlkan var með ofnæmi fyrir hnetum en kærasti hennar hafði borðað samloku með hnetusmjöri nokkrum klukkustundum áður en þau kysstust. Að sögn Sky-fréttastöðvarinnar hneig stúlkan niður eftir kossinn og gátu sjúkraliðar ekki veitt henni neina hjálp.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Dómarinn fékk orð í eyra

**Réttarhöldin yfir Saddam Hussein hófust á nýjan leik í gær í Bagdad og rétt eins og við þingfestinguna í síðasta mánuði lét Saddam dómara fá það óþvegið. Athygli vakti að fyrrverandi dómsmálaráðherra Bandaríkjanna var í verjendaliði hins fallna einræðisherra. Dómhaldi hefur verið frestað um eina viku.**

**ÍRAK** Aðalmeðferð málaferlanna gegn Saddam Hussein, fyrrverandi forseta Íraks, hófst í gær og rétt eins og við þingfestinguna í síðasta mánuði reifst Saddam og skammaðist við starfsmenn dómsins. Réttarhöldunum var frestað til 5. desember svo finna mætti tveimur sakborninganna nýja verjendur í stað þeirra sem voru myrtir á dögunum.

Saddam og sökunautar hans eru ákærðir fyrir að bera ábyrgð á drápi á 148 sjíum í bænum Dujail í hefndarskyni fyrir að reyna að ráða forsetann af dögum sumarið 1982. Verði þeir fundnir sekir er líklegt að þeirra bíði gálginn. Við þingfestinguna 19. október kvaðst Saddam saklaus af öllum ákæruliðum.

Það gustaði af einræðisherranum fyrrverandi þegar hann gekk inn í réttarsalinn í gær, íklæddur dökkum jakkafötum og með Kóraninn í handarkrikanum. Um leið og hann hafði komið sér fyrir í stúku sinni hellti hann sér yfir Mohammed Amin aðaldómara af því að hann hafði þurft að ganga upp fjórar hæðir með járnhlekki á fótunum í fylgd erlendra varðmanna. Þegar Amin lofaði að biðja þá um að láta þetta ekki endurtaka sig svaraði Saddam hvefsinn: „Ég vil ekki að þú biðjir þá um neitt, þú átt að skipa þeim. Þeir réðust inn í landið og hertóku það og þú ættir því að skipa þeim.“ Því næst skammaðist hann yfir að skjöl hans og skriffæri hefðu verið tekin af honum en þegar hér var komið sögu rofnaði sjónvarpsútsending frá þessu sjónarspili. Al-Jazeera bendir á að bandaríska fyrirtækið sem sér um útsendingarnar fyrir írösku stjórnina sendi út með hálftíma seinkun svo grípa megi inn í telji valdhafarnir að Saddam fari yfir strikið. Það virðist hafa gerst í gær.



**DÓMARANUM LESINN PISTILLINN** „Ég vil ekki að þú biðjir þá um neitt. Þú átt að skipa þeim,“ sagði Saddam við Amin dómara þegar sá síðarnefndi kvaðst myndu biðja öryggisverði um að losa fótjárn forsetans fyrrverandi næst þegar rétturinn kæmi saman. FRÉTTTABLAÐIÐ/AP

Hálfbróðir Saddams, Barazan Ibrahim, er einnig á meðal sakborninga og kvartaði hann sáran yfir að hafa ekki fengið viðhlítandi læknismeðferð eftir að í ljós kom að hann hefði greinst með krabbamein. Vanrækusluna sagði hann jafngilda „óbeinu morði“.

Þegar öllum skömmum var lokið minntust viðstaddir lögmanna tveggja sakborninga sem myrtir voru á dögunum og því næst var myndbandsupptaka leikin sem sýnir Saddam í Dujail örskömmu eftir fjöldamorðin. Að lokum frestaði Amin dómari réttarhöldunum til 5. desember svo skipa mætti nýja verjendur í stað þeirra sem var banað.

Í verjendaliði Saddams í gær voru þeir Najib al-Nuaimi og Ramsey Clark, fyrrverandi dómsmálaráðherrar Katar og Bandaríkjanna. Clark gegndi embætti sínu í forsetatíð Lyndon B. Johnson á sjöunda áratugnum en í seinni tíð hefur hann skorið upp herör gegn því sem hann kallar heimsvaldastefnu Vesturlanda með Bandaríkin í broddi fylkingar. Hann hefur veitt lögfræðilega ráðgjöf mönnum á borð við Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu, og Charles Taylor, fyrrverandi Líberíuforseta. Niazer al-Samaraei blaðamaður sagði í viðtali við al-Jazeera að með ráðgjöf og nærveru Ramsey vonaðist Saddam og menn hans til að réttarhöldin myndu snúast um lögfræði en ekki stjórnmál.



**RAMSEY CLARK** Clark var dómsmálaráðherra í ríkisstjórn Lyndons B. Johnson á sjöunda áratug síðustu aldar. Í dag er hann hins vegar lítill vinur ráðamanna í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Miklar öryggisráðstafanir voru gerðar við réttarsalinn, sem er á græna svæðinu svonefnda í Bagdad. Þannig var ekkert látið uppi um hvenær dómhald hæfist til að draga úr hættunni á að ráðist yrði á sakborninga og dómara. Í fyrradag greindu yfirvöld frá því að átta súnníar hefðu verið handteknir vegna gruns um samsæri um að myrða einn af rannsóknardómurum réttarins.

Landsmenn fylgjast að vonum grannt með framvindunni. Í heimaborg Saddams, Tikrit, komu stuðningsmenn hans saman á meðan ættingjar fórnarlambanna í Dujail kröfðust þess að hann yrði hengdur.

**sveinng@frettabladid.is**




Bandaríkjamenn vilja lengri frest til að bregðast við ásökunum um fangaflug:

# ESB hótar að refsa fangelsisríkjunum

**BERLÍN, AP** Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur tjáð forystumönnum Evrópusambandsins að hún þurfi lengri frest til að bregðast við ásökunum um að leyniþjónustan CIA reki leynifangelsi í Evrópu og fljúgi þangað með grunaða hryðjuverkamenn.

Franco Frattini, sem fer með dóms- og lögreglumál innan framkvæmdastjórnar ESB, skýrði frá því í gær að lítið hefði orðið um svör frá Hvíta húsinu og bandaríska utanríkisráðuneytinu við spurningum sambandsins um málið í síðustu viku. „Þeir báðu okkur um meiri tíma til að meta stöðuna. Eins og sakir standa höfum við engin svör fengið.“

Frattini sagði enn fremur að hverju því aðildarríki sem uppvíst yrði að því að hafa heimilað CIA að reka slík fangelsi innan sinna landamæra yrði refsað, mögulega með því að atkvæðisréttur þess yrði afturkallaður um skeið í stofnunum ESB. Rekstur leynifangelsa væri skýrt brot á sáttmálum sambandsins.



**SZYMANY-FLUGVÖLLUR Í PÓLLANDI** Talið er að flugvöllurinn hafi verið notaður sem áfangastaður fangaflugvéla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aleksander Kwasniewski, forseti Póllands, lýsti því afdráttarlaust yfir í sjónvarpsviðtali í gær að CIA hefði aldrei rekið leynifangelsi í Póllandi.

Þá viðurkenndi Frattini að Vasile Blaga, innanríkisráðherra Rúmeníu, hefði fullvissað sig um að ásakanir um að ríkisstjórn landsins hefði heimilað slík fangelsi væru ósannar. Hann bætti því hins vegar við að ef fangaflutningar og leynilegt varðhald hefðu átt sér stað án vitneskju stjórnvalda í viðkomandi löndum væri jafnframt um mjög alvarlegt mál að ræða. **- shg**

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30214 11/2005

## ... en hér á Íslandi er vetur.

Þess vegna **fylgja vetrardekk á felgum** öllum seldum Corolla og Avensis fram til áramóta.



Avensis
Verð frá 2.240.000 kr.



Corolla
Verð frá 1.685.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 28.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,28 | 63,58 |
| Sterlingspund | GBP | 108,16 | 108,68 |
| Evra | EUR | 74,02 | 74,44 |
| Dönsk króna | DKK | 9,925 | 9,983 |
| Norsk króna | NOK | 9,40 | 4 9,46 |
| Sænsk króna | SEK | 7,822 | 7,868 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5279 | 0,5309 |
| SDR | XDR | 89,73 | 90,27 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**104,592**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samræmd stúdentspróf:

# Fimmti hver skilar auðu eða röngu

**MENNTUN** Einn af hverjum fimm framhaldskólanemendum sem tóku samræmt stúdentspróf í stærðfræði síðasta vor skilaði auðu eða kolröngum úrlausnum.

Samræmd stúdentspróf í stærðfræði og ensku voru lögð fyrir framhaldsskólanemendur í fyrsta sinn síðastliðið vor en tvívegis áður hafði verið prófað í íslensku með þeim hætti.

Af þeim 653 nemendum sem þreyttu stærðfræðiprófið skiluðu 49 auðu og 99 fengu lægstu einkunn. Meðaleinkunnin í því fagi var 3,3. Árangurinn var nokkru betri í íslenskuprófinu en þar var meðaleinkunnin 4,9 og í enskuprófinu var hún 6,2.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra hefur áhyggjur af slökum árangri framhaldsskólanema í samræmdu stærðfræðiprófi síðasta vor.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir það mikið áhyggjuefni að einn af hverjum fimm nemendum skili auðu eða kolröngum svörum í stærðfræðiprófinu og að Námsgagnastofnun þurfi að fara gaumgæfilega yfir málið.

Nemendur þurfa aðeins að ljúka tveimur samræmdum prófum til þess að geta útskrifast. Ekki er gerð krafa um tiltekinn árangur heldur einungis að nemendur mæti í prófin og sitji við í eina klukkustund. **- jse**

Lundúnalögreglan:

# Framferði Ians Blair athugað

**BRETLAND** Lundúnalögreglan hefur fallist á að óháð rannsókn fari fram á frammistöðu hennar í kjölfar drápsins á Brasilíumanninum Jean Charles de Menezes.

Lögreglumenn skutu Menezes til bana 22. júlí í sumar, daginn eftir að sprengjuárásir í jarðlestum Lundúna fóru út um þúfur. Ian Blair lögreglustjóri sagði í fyrstu að Menezes hefði haft tengsl við hryðjuverkahópa en það var síðan dregið til baka.

Ættingjar Menezes halda því fram að Blair hafi vísvitandi sagt ósatt til að hylma yfir mistökin og mun rannsóknarnefndin skera úr um það. ■



**BÍLL Í BÁLI** Slökkviliðsmenn voru snöggir á staðinn til að slökkva eldinn sem kom skyndilega upp í bílnum meðan honum var ekið eftir Geirsgötu.

Slökkvilið:

# Kviknaði í bíl í miðbænum

**BRUNI** Ökumanni brá heldur betur í brún þegar hann ók eftir Miðbakkanum um klukkan fimm síðdegis í gær en þá kom skyndilega upp eldur úr vél bílsins. Varð hann að koma sér úr bílnum hið fyrsta en slökkviliðið kom svo fljótlega og slökkti eldinn. Var bíllinn svo dreginn í burtu með kranabíl.

Að sögn lögreglu er nokkuð um það að eldur komi upp í bílum og geta menn átt fótum fjör að launa því hann getur breiðst út snarlega. Ekki varð þó þessum ökumanni meint af volkinu en bíllinn er mjög illa farinn ef ekki ónýtur. Eldsupptök eru ekki kunn. **- jse**

Varð skilríkjalaus fyrir bíl:

# Verður næstu vikur á spítala

**LÖGREGLA** Búið er að komast að því hvert nafn mannsins er sem stórslasaðist þegar ekið var á hann á Miklubraut í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Maðurinn, sem var skilríkjalaus, missti meðvitund og var lagður inn á gjörgæslu.

Maðurinn er 51 árs gamall einhleypur Íslendingur. Fyrst í stað var talið að um útlending gæti verið að ræða. Maðurinn mun hafa verið á leið heim úr jólahlaðborði þegar hann varð fyrir bílnum. Hann mjaðmagrindarbrotnaði eftir slysið og mun því dvelja á sjúkrahúsi í nokkrar vikur. **- óká**

# Bótaskylda Vegagerðar viðurkennd

**Vegagerðin er bótaskyld við Íslenska aðalverktaka og NCC International vegna útboðs Héðinsfjarðarganga samkvæmt dómi Hæstaréttar. Hætt var við útboðið til að hamla gegn þenslu. Bótakrafa gæti hlaupið á hundruðum milljóna króna.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur viðurkennt bótaskyldu Vegagerðar ríkisins við Íslenska aðalverktaka og erlenda verktakafyrirtækið NCC International vegna þess að hætt var við gerð Héðinsfjarðarganga sumarið 2003. Ríkisstjórnin hafði þá samþykkt að fresta framkvæmd verksins vegna þensluástands sem í uppsiglingu væri í þjóðfélaginu og því fékk Vegagerðin ekki peninga til verksins og tilkynnti bjóðendum það bréfleiðis.

Munurinn á tilboði verktakanna og kostnaðaráætlun verksins er um 190 milljónir króna, en samkvæmt heimildum blaðsins verður bótakrafa verktakanna vel yfir þeirri upphæð.

Dómur Hæstaréttar féll 17. þessa mánaðar og hafa verktakafyrirtækin enn ekki farið fram á viðræður við Vegagerðina vegna hans. Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir því á þessu stigi ekki hægt að meta hverjar mögulegar bætur kynnu að verða. „Það var viðurkennd skaðabótaskylda út af því að ekki hafi verið nógu frambærilegar ástæður til að hætta við útboðið. Að vísu er tekið fram í dómsorðinu að það liggi við að Vegagerðin sé ekki aðili másins. Dómurinn velur samt sem áður að vísa málinu ekki frá á þeim grunni, því eftir sem áður snýr þetta allt að ríkinu. En Vegagerðin er náttúrlega ekki ákvörðunaraðili í málinu."



**BRÚARGERÐ YFIR FJARÐARÁ** Lokið hefur verið við gerð nýrrar brúar yfir Fjarðará við Siglufjörð. Brúin mun tengjast vegi sem mun liggja að fyrirhuguðum Héðinsfjarðargöngum. MYND/VILHELM

Vegamálastjóri segir mögulegar bætur snúa að því fyrirtæki sem hagkvæmast hafi boðið. „Þeir sem buðu lægsta upphæð voru fyrirtækin sem höfðuðu málið, en hvort það tilboð var endilega hagkvæmast get ég ekki svarað á þessu stigi," segir hann og telur ekki ólíklegt að málið endi á borði dómstóla til úrlausnar. „Fyrst þyrftu þá væntanlega að fara fram einhverjar viðræður milli aðila, en eftir þeim hefur ekki enn verið óskað."

Jón Rögnvaldsson segir ákaflega sjaldgæft að hætt sé við útboð líkt og raunin hafi orðið með Héðinsfjarðargöng. „Við höfum í því ákaflega litla reynslu. Á sínum tíma voru hins vegar í gangi viðræður við Aðalverktaka, fyrir hönd þessara aðila, varðandi hugsanlega endurgreiðslu á kostnaði við tilboðsgerðina. Þær viðræður gufuðu svo einhvern vegin upp."

Lögmaður Íslenskra aðalverktaka og NCC International hefur málið á sinni könnu og mun þess að vænta innan tíðar að farið verði fram á viðræður við Vegagerðina. Auk þess að viðurkenna bótarétt Aðalverktaka og NCC gerði Hæstiréttur Vegagerðinni að greiða þeim 1,8 milljónir króna í málskostnað bæði fyrir héraði og í Hæstarétti. **olikr@frettabladid.is**



**HUSAM TAHER HUSAM** Kveðst hafa fengið 70 milljónir króna fyrir að ljúga að starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna.

Sýrlendingar ráðast á SÞ:

# Ásakanir um mútur til vitna

**BEIRÚT, AP** Husam Taher Husam, fyrrverandi leyniþjónustumaður Sýrlendinga í Líbanon, sakaði í sjónvarpsviðtali um helgina Saad Hariri, son Rafik heitins Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, um að hafa boðið sér 70 milljónir íslenskra króna fyrir að ljúga að rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna að sýrlensk stjórnvöld hefðu látið myrða föður sinn.

Fjölskylda Hariri neitaði ásökununum í gær og sagði þær ömurlegt yfirklór ráðamanna í Damaskus á meðan einn talsmanna sýrlensku ríkisstjórnarinnar lét þá skoðun í ljós að uppljóstrun Husam kippti stoðunum undan rannsókn SÞ á morðinu. ■

Danir í Afganistan:

# Herafli verður tvöfaldaður

**DANMÖRK** Ríkisstjórn Danmerkur hefur uppi áform um að tvöfalda herafla landsins í Afganistan á næstu misserum. Danskir hermenn í landinu verða þá 360 talsins. Sagt var frá þessu á vefsíðu Politiken í gær.

Søren Gade, varnarmálaráðherra landsins, vildi ekki upplýsa hver ástæðan fyrir fjölguninni væri. Hann sagði hins vegar að danski herinn í Afganistan myndi áfram vera undir stjórn þess breska á svæðinu. Liðsfjölgunin nýtur stuðnings meirihluta þingsins. ■






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SLYDDA EÐA SNJÓKOMA Í BORGINNI**

Það eru kaldir dagar framundan. Í dag kemur myndarlegt úrkomusvæði upp að sunnan- og vestanverðu landinu og þar sem hitinn er ekki hærri en raun ber vitni fellur þetta í besta falli sem slydda þó líklegast snjór, einkum þegar innar í landið er komið.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Stíf suðaustanátt. Slydda eða snjókoma. Hiti við frostmark.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst á annesjum sunnan og vestan til og á Vestfjörðum.

*» fimmtudagur*




Yfirleitt hægur vindur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C hálfskýjað | París | 7°C alskýjað | Alicante | 17°C alskýjað |
| Osló | -2°C hálfskýjað | Berlín | 3°C hálfskýjað | Mílano | 7°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C hálfskýjað | New York | 16°C skúrir |
| Helsinki | 3°C hálfskýjað | Madríd | 9°C skýjað | San Francisco | 16°C rigning |
| London | 6°C hálfskýjað | Barcelona | 11°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 26°C þrumur |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.







# Til hamingju

## með nýju íþrótta- og sýningahöllina

Nýja íþrótta- og sýningahöllin í Laugardal er björt og glæsileg 9.800 fermetra bygging sem hýsir fullkomnustu aðstöðu landsins fyrir frjálsar íþróttir, ráðstefnur, sýningar og ýmsa mannfagnaði. Allur búnaður vegna viðburða í höllinni er fyrsta flokks og góð bílastæði auðvelda aðkomu gesta.

Alls er íþrótta- og sýningahöllin í Laugardal rúmlega 16 þúsund fermetrar. Laugardalshöllin hefur verið miðpunktur íþróttaviðburða, sýninga, tónleika og stórfunda í samfellt fjóra áratugi auk þess að vera eitt helsta kennileiti Reykjavíkur. Með tilkomu glæsilegrar viðbyggingar slær hjarta íþróttaviðburða, sýninga og ráðstefna í íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal.

AP almannatengsl / H2 hönnun







EYKT — ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI | ÍSLANDSBANKI | Línuhönnun verkfræðistofa ...á vit góðra verka | Reykjavíkurborg | SI Samtök iðnaðarins | T.ark | VST




KJÖRKASSINN

*Finnur þú fyrir aukinni mengun?*

| | |
|---|---|
| Já | 60% |
| Nei | 40% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að leggja niður Íbúðalánasjóð?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir


Reykjavíkurborg hefur tekið tilboði Mark-húss ehf. í Heilsuverndarstöðina:

# Húsið seldist á 980 milljónir

**FASTEIGNAMÁL** Reykjavíkurborg tók í gær tilboði Mark-húss ehf. í Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg. Tilboðinu, sem hljóðar upp á 980 milljónir króna, er tekið með þeim fyrirvara að borgarráð samþykki það á fundi sínum næstkomandi fimmtudag. Framkvæmdaráð borgarinnar samþykkti tilboðið fyrir sitt leyti í gær.

Átta tilboð bárust í Heilsuverndarstöðina en einn bjóðenda féll frá tilboði sínu áður en afstaða var tekin til þess. Fasteignasalar sem Fréttablaðið talaði við segja að kauptilboðið sé hátt og að Reykjavíkurborg geti vel við unað.



**HEILSUVERNDARSTÖÐIN VIÐ BARÓNSSTÍG** Töluverð þörf mun vera á viðgerðum.

Nýir eigendur hússins mega ekki gera hvað sem er við Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg því húsið er undir ákvæðum húsfriðunar. Jón Halldór Jónasson, upplýsingarstjóri Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir að legið hafi fyrir mat á húsinu og samkvæmt því mátu fasteignasalar að töluverð þörf væri á viðgerðum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er viðgerðarkostnaður á húsinu áætlaður um tvö hundruð milljónir króna. Möguleiki er á að byggja fjögurra hæða viðbyggingu við austanvert húsið.

Forsvarsmenn Mark-húss ehf. vildu lítið tjá sig þegar haft var samband við þá. Spurðir um hvernig þeir ætluðu að nýta fasteignina og lóðina sögðu þeir að ýmsar hugmyndir væru í gangi en ekkert hefði verið ákveðið enn þá. **- sk**

Síbrotamaður dæmdur:

# Fékk sjö mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Síbrotamaður var dæmdur í sjö mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær. Með honum var dæmd ung stúlka fyrir þátttöku í brotunum, en sökum aldurs var hún dæmd í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár.

Maðurinn var dæmdur fyrir innbrot í húsnæði Skotfélags Ólafsfjarðar, innbrot í skóla á Dalvík, brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og fleira til. Þá var maðurinn dæmdur fyrir margvíslegan smáþjófnað, en hann hafði meðal annars hnuplað fartölvum, íslenska fánanum, radarvara, stafrænni myndavél og fleiru. **- óká**




JÖRUNDUR HUNDADAGAKONUNGUR

Ævintýramaðurinn sem lagði Ísland undir sig.

Lygilegri en nokkur skáldskapur.

Frábær ævisaga.

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 - Reykjavík

s. 5528866 - skrudda@skrudda.is


# Ekki forsenda fyrir rekstri herspítala

**Herspítali varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli verður lagður niður innan tíðar. Varnarliðið á í viðræðum við Landspítala - háskólasjúkrahús um að LSH taki yfir alla heilbrigðisþjónustu við varnarliðsmenn nema í allra léttustu tilfellum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítala - háskólasjúkrahúsi hefur borist erindi frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli þess efnis, að LSH yfirtaki stærstan hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt hefur verið á hersjúkrahúsinu á Keflavíkurvelli, að sögn Jóhannesar M. Gunnarssonar framkvæmdastjóra lækningasviðs Landspítalans. Fyrir skemmstu voru fulltrúar varnarliðsins meðal annars að skoða aðstöðuna á fæðingardeild Landspítalans, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

„Um þetta hefur verið rætt og jafnframt að varnarliðsspítalinn muni draga verulega úr sinni starfsemi, því tæpast sé forsenda fyrir því að reka þar sjúkrahús í þeirri merkingu sem við leggjum í það,“ segir Jóhannes. „Herspítalinn muni eingöngu vera fyrir skamma legu og dagþjónustu. Leitað hefur verið til Landspítala um að taka að sér þyngri sjúkraþjónustu. Hins vegar fer starfsmönnum varnarliðsins sífellt fækkandi.“

Spurður hvaða þættir heilbrigðisþjónustu myndu færast frá herspítalanum til Landspítala sagðist Jóhannes vilja taka það fram að alvarlega veikir varnarliðsmenn hafi hvort sem er verið lagðir inn á Landspítalann.

Hann segir að nú sé rætt um miðlungs og léttari sjúkrahúsþjónustu, svo sem minni háttar meiðsl, botnlangabólgutilfelli, fæðingarhjálp og fleira á þeim nótum. Fæðingarhjálpin hafi til þessa verið veitt á herspítalanum og ekki hafi verið ákveðið hvort sjúkrahúsið í Keflavík muni að einhverju leyti taka þátt í þeirri þjónustu sem hætt verður að veita á herspítalanum. Þá segir Jóhannes enn ekki hafa verið tímasett hvenær verði af þessum breytingum.

„Það er ljóst að herspítalinn verður lagður niður í núverandi mynd,“ segir Jóhannes. „Þar verður rekin þjónusta sem er meira í ætt við öfluga heilsugæslu en sjúkrahús. Varnarliðið mun áfram reka slysamóttöku þar sem tekið verður á móti léttari tilvikum.“

Jóhannes segir enn fremur að varnarliðið muni kaupa þjónustu af heilbrigðiskerfinu hér. Erindið frá varnarliðinu barst heilbrigðisyfirvöldum fyrir nokkrum vikum þar sem tilkynnt var að dregið yrði úr starfsemi herspítalans og óskað væri eftir viðræðum um þjónustu Landspítalans. **jss@frettabladid.is**



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Enn er verið að draga saman í umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Nú standa yfir viðræður milli varnarliðsins og heilbrigðisyfirvalda um yfirtöku þeirra síðarnefndu á stærstum hluta sjúkraþjónustu við varnarliðsmenn.




# Málþing um starfsmannaleigur

## Hver er vandinn? – Hvað er til ráða?

**Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst, heldur ráðstefnu um starfsmannaleigur, í samvinnu við Vinnumálastofnun og Vinnuréttarfélag Íslands, föstudaginn 2. desember nk., kl. 13:00 – 16:30. Ráðstefnan verður haldin í Hriflu á Bifröst.**

Dagskrá

- 13:00 Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, setur málþingið.
- 13:10 Árni Magnússon, félagsmálaráðherra ávarpar málþingsgesti.
- 13.25 Elín Blöndal, dósent við Viðskiptaháskólann: Einkenni og löggjöf.
- 13:45 Lilja Stefánsdóttir, sviðsstjóri á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi: Aðkeypt hjúkrunarþjónusta, reynsla LSH.
- 14:05 Kaffihlé.
- 14:30 Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins: Vinnuvernd og starfsmannaleigur.
- 14:50 Magnús Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ: Sjónarhorn verkalýðshreyfingarinnar.
- 15:10 Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur SA: Kostir og gallar.
- 15:30 Umræður.
- 16:20 Samantekt. Ástráður Haraldsson, dósent við Viðskiptaháskólann.
- 16:30 Málþingi slitið.

Fundarstjóri verður Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Viðskiptaháskólans.

Að lokinni ráðstefnu verður boðið upp á léttar veitingar.

**Tilkynna þarf þátttöku fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 1. desember á vef Viðskiptaháskólans www.bifrost.is eða á tölvupóstfangið bifrost@bifrost.is. Þátttökugjald er kr. 3.000,-**

Nánari upplýsingar á www.bifrost.is


Torskiljanleg pólitík er í rekstri Íbúðalánasjóðs að mati Capto Financial:

# Lentu á milli steins og sleggju

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Yngvi Harðarson, hjá Ráðgjöf og efnahagsspám ehf., segir það vel geta staðist að rætt hafi verið um kostnaðaráætlun upp á sjö milljónir króna á einhverju stigi viðræðna við vinnuhóp um Íbúðalánasjóð sem hafi starfað á vegum fjármála- og félagsmálaráðuneyta.

„Staðreyndin er samt sem áður sú að við höfum aldrei gefið út reikning til félagsmálaráðuneytisins, hvorki fyrr né síðar,“ segir Yngvi og segir mishermt að reikningur hafi verið gefinn út. Hann telur að fyrirtæki sitt hafi lent milli steins og sleggju í pólitískum væringum og leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda orðspori fyrirtækis síns. „Við höfum ávallt leitast við að halda okkur utan við alla pólitík,“ segir Yngvi. „Við erum meðvitaðir um pólitískar hliðar á rekstri Íbúðalánasjóðs, enda þótt við skiljum þær ekki,“ segir Joakim Hörwing, aðstoðarframkvæmdastjóri Capto Financial Consuting í Svíþjóð. Capto hefur séð um ráðgjöf og mat á áhættufjárfestingum fyrir Íbúðalánasjóð. Hörwing segir ekkert athugavert við það að fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár sinni skyldum störfum fyrir sjóðinn. Capto myndi starfa með þeim ef um það yrði beðið. **- saj**



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Öll augu beindust að Guðmundi Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs, og ráðgjöfum hans á blaðamannafundi sem haldinn var í liðinni viku. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

www.icelandexpress.is/london



SÖNGLEIKJAFERÐ MEÐ ÖLLU

**39.900 kr.**

**SÖNGLEIKJAFERÐ TIL LONDON**

**7. – 10. desember**

Express Ferðir bjóða ævintýralegar nýjar ferðir. Fyrir 39.900 kr. færðu flug, gistingu á góðu hóteli í þrjár nætur og miða á magnaðan söngleik í London. Þrjár mismunandi sýningar í boði! Auðvitað notarðu ferðina líka til að gera jólainnkaupin. Farðu inn á **expressferdir.is** til að komast að meiru um þetta frábæra tilboð.

Express Ferðir

# SKRAUTLEGAR FERÐIR!

**Nú eru jólatilboðin byrjuð í heimsborginni London – skelltu þér út og skemmtu þér við jólainnkaupin**

London er alltaf lifandi og skemmtileg ekki síst þegar líða fer að jólum. Skelltu þér í skrautferð til Bretaveldis og kauptu gjafirnar á einu bretti. Þegar gjafamálin eru afgreidd geturðu slappað af og skoðað það sem höfðar til þín í þessari menningarríku og skemmtanaglöðu borg.

**Bókaðu ferð til London á icelandexpress.is**




Fíton/SÍA

**Verð frá: 7.995 kr.***
**Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað voru margir á tónleikum Sigur Rósar í Laugardalshöllinni í fyrrakvöld?*

2 *Hver er maður ársins að mati Karls Sigurbjörnssonar biskups?*

3 *Hvaða sænski landsliðsmaður í fótbolta leikur með Juventus?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Össur Skarphéðinsson kjörinn fyrsti formaður SPES International:

# Annast og mennta munaðarlaus börn

**MANNÚÐARMÁL** „Það segir enginn nei við Njörð og þetta er nú þannig mál að það var ekki einu sinni freistandi að gera það þegar hann bað mig að taka þetta að mér,“ segir Össur Skarphéðinsson, nýskipaður formaður Íslandsdeildar SPES international. Össur er fyrsti formaður samtakanna.

Samtökin vinna að uppbyggingu barnaþorps fyrir munaðarlaus börn í Lome höfuðborg Afríkuríkisins Togo. „Njörður stofnaði þessi samtök ásamt frönskum kollegum sínum og nú eru samtökin með fimm deildir í jafnmörgum löndum, það er að segja Frakklandi, Belgíu, Spáni, Togo og Íslandi. Það sem er alveg einstakt við þessi samtök er að meira en 99 prósent af aflafé rennur beint í uppbyggingu barnaþorpsins,“ segir Össur.

Samtökin annast þegar 42 börn á aldrinum 2 til 10 ára en stefnt er að því að sjá um og mennta 120 börn þegar þorpið er fullbúið.

„Það skortir heldur ekki á viðbrögð Íslendinga því nú þegar eru nítján styrktarforeldrar hér á landi og einhverjir bíða eftir því að fá börn til að styrkja,“ segir formaðurinn.

- jse



**NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK OG ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Stofnandinn og fyrsti formaður Íslandsdeildar voru í essinu sínu í gær enda SPES menn.



**ÁRNI MAGNÚSSON** Félagsmálaráðherra vonast til að frumvarpið verði samþykkt fyrir jól.

Frumvarp um starfsmannaleigur:

# Verkfæri sem mun gagnast

**ATVINNA** Árni Magnússon félagsmálaráðherra lagði í gær fram á þingi frumvarp til laga um starfsmannaleigur og vonaðist ráðherrann til að frumvarpið yrði samþykkt fyrir jólahlé þingmanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsemi starfsmannaleiga hérlendis verði í framtíðinni skylt að tilkynna Vinnumálastofnun sem hafi völd til að ganga reglulega úr skugga um að lögum og reglum í landinu væri fylgt hverju sinni. Aðeins skráðar starfsmannaleigur fá starfsleyfi hér og verður gert að hafa starfsmann hér á landi.

Árni segir gengið nógu langt í frumvarpinu og það verði verkfæri sem muni gagnast í framtíðinni.

- aöe

# 134 námuverkamenn fórust

**Sprenging í kolanámu í norðaustanverðu Kína er talin hafa kostað líf í það minnsta 134 verkamanna. Öryggismál í kínverskum námum eru í miklum ólestri og hafa fimm þúsund verkamenn farist það sem af er árinu. 12.000 námum hefur verið lokað vegna slælegs aðbúnaðar.**

**QITAIHE, AP** Talið er að að minnsta kosti 134 verkamenn hafi beðið bana í sprengingu í kolanámu nærri bænum Qitaihe í Heilongjiang-héraði í norðausturhluta Kína á sunnudagskvöldið. Fimmtán er ennþá saknað og er þeirra ákaft leitað.

Sprengingin í Dongfeng-kolanámunni var gríðarmikil en hún er sögð hafa orðið við að neisti hljóp í kolarykagnir sem svifu um loft námunnar. Ekki er þó vitað hvort mannleg mistök hafi valdið því að neistinn kviknaði eða eitthvað annað. Að sögn Xinhua-fréttastofunnar höfðu lík 134 fundist síðdegis í gær en björgunarsveitum tókst að ná út 74 á lífi. 269 manns leita þeirra fimmtán sem enn er saknað.

Örvinglaðir ættingjar þustu að námunni þegar ljóst varð að slys hafði orðið og kröfðust þeir að fá að fara inn og leita að ástvinum sínum. Öryggisverðir vörnuðu þeim hins vegar vegarins og hlutu þeir fúkyrðaflaum að launum.

Sjónvarpsstöð héraðsstjórnarinnar sýndi myndir af verkamönnum leggja stórslasaða félaga sína á sjúkrabörur, kolsvarta og krímuga í framan. Zhang Zuoji héraðsstjóri sást á sumum myndanna heilsa upp á hina slösuðu en hann þusti á vettvang frá Harbin-borg í 350 kílómetra fjarlægð þar sem íbúar fögnuðu að fá neysluvatn á nýjan leik eftir bensenmengun í Songhua-fljóti. Zhang drakk fyrsta sopann úr fljótinu eftir að greint var frá slysinu og virtist honum ekki verða meint af.

Þá bárust í gær tíðindi af slysi í námu í Hebei-héraði sem einnig er í norðausturhluta landsins. Átján verkamanna er saknað eftir að vatn flæddi inn í námuna og eigendurnir eru sagðir hafa flúið í kjölfarið af ótta við refsingu.

Námuslys kosta á hverju ári þúsundir mannslífa í Kína og hafa fimm þúsund manns farist í slíkum slysum það sem af er árinu. Í febrúar dóu 214 verkamenn í sprengingu í námu í Liaoning-héraði. Flest slysanna má rekja til lélegs viðhalds og slakra öryggisráðstafana og hafa spilltir eftirlitsmenn síst orðið til að bæta úr skák þar sem þeir horfa framhjá brotum á reglugerðum gegn þóknun. Stjórnvöld hafa engu að síður látið loka 12.000 námum á þessu ári og hefur annar eins fjöldi fengið alvarlega viðvörun. Ekki er þó búist við að námurnar verði lengi lokaðar eða að viðvörunum verði fylgt fast eftir þar sem efnahagsuppgangurinn kallar á mikla orkuframleiðslu. sveinng@frettabladid.is



**FRÁ SLYSSTAÐ** Verkamenn aðstoðuðu slasaða starfsbræður sína upp úr göngunum. „Við gátum ekki andað,“ sagði einn þeirra við fréttamann, en loftið í kolanámunni var mettað af sóti og reyk.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Nám sem nýtist þér!

Skrifstofubraut I

Er tveggja anna braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.** Brautin er starfstengd og fara nemendur í starfsþjálfun í ein bestu fyrirtækin í Kópavogi og víðar.
**Inntökuskilyrði:** Grunnskólapróf.
**Kennslutími: 12:55 – 17:10. Kennsla hefst 6. janúar**

Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám

Spennandi námsleið sérsniðin að vinnutíma fólks í fjármálafyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. Ekki er kennt fyrstu fimm virka daga í mánuði og ekki 15. hvers mánaðar. **Kennsla hefst 9. janúar.**

Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000 milli kl. 9:00 og 14:00. Netfang. ik@mk.is



**FJÖR Á FUNDI** Guðmundur Smári Guðmundsson útgerðarmaður lét í sér heyra á fundinum á Grundarfirði enda telur hann að loðnuveiðar séu að ganga að sjávarútveginum dauðum. Næsti fundur Hafrannsóknastofnunar verður á Höfn.

Fundir Hafrannsóknastofnunar um landið:

# Loðnuveiðar hafa bitnað á rækjunni

**SJÁVARÚTVEGUR** Fæðuskortur á miðum virðist vera helsta áhyggjumál útgerðar- og sjómanna víðast um landið og margir kenna loðnuveiðum um það ástand. Hafrannsóknastofnun hefur staðið fyrir opnum fundum á Vopnafirði, Norðfirði, Ísafirði, Tálknafirði, Grundarfirði og í Grindarvík.

„Það sem helst brann á mönnum á þessum fundum var fæðuskorturinn, loðnuveiðar og þá kannski umræðan um flottroll og svo bera hvalveiðar alltaf á góma annarslagið,“ segir Björn Ævarr Steinarsson, sviðsstjóri veiðiráðgjafasviðs en hann sat marga fundina.

Guðmundur Smári Guðmundsson útgerðarmaður segir alla sjómenn sem ekki hafa beina hagsmuni af loðnuveiðum vera sammála um skaðsemi þeirra fyrir allan sjávarútveg. Á þá lund var einnig málflutningur Níels Ársælssonar útgerðarmanns á fundinum í Tálknafirði en hann sagði loðnuveiðar með flottrollum hafa valdið hvarfi rækjunnar, hvarfi skelfisks á Breiðarfirði og einnig vera valdur af fæðuskorti á miðum.

„Menn hafa bara áhyggjur af þorskræflinum, hann er orðinn horaður og lifralaus og það segir okkur bara að hann hafi ekkert að éta,“ segir Kristinn Guðmundsson útgerðarmaður á Grundarfirði sem sat fundinn þar í bæ.

- jse


SÖNN ÁNÆGJA
HVENÆR SEM ER,
Í HVAÐA VEÐRI
SEM ER.
Verð frá kr. 2.690 þús.
Nýr Grand Vitara, er lúxusjeppi byggður á grunni Grand Vitara frá Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda Japans. Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um akstursegiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur.
Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.
Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.
Hugtak Nov. 05
NÝR GRAND VITARA
SUZUKI
...er lífsstíll!
SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is



**VÉR MÓTMÆLUM ALLIR** Fáar þjóðir hafa náð slíkri fullkomnun í listinni að mótmæla og Frakkar. Þessi kokkur tók þátt í mótmælum gegn háum virðisaukaskatti í París í gær og til að leggja áherslu á orð sín vafði hann oststykki um háls sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aukin fjölbreytni í Listaháskólanum:

# Rannsóknir á sviði lista grundvöllur frekari þróunar

**MENNTAMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, undirrituðu í gær nýjan rekstrarsamning við skólann sem felur í sér vissar nýjungar.

Kynntar voru tvær nýjar námsbrautir sem byrjuðu í leiklistardeild skólans í haust. Þær eru þriggja ára BA-nám í leiklist og eins árs diplómanám í dansi. Einnig er nýtt ákvæði sem kveður á um eflingu rannsóknarhlutverks Listaháskólans.

Samningurinn er til fjögurra ára og færir skólanum 500 til 600 milljónir ári. Nýju námsbrautirnar bætast við eina námsbraut leiklistardeildarinnar, leikaranámið. Nýja BA-námið í leiklist er ætlað þeim sem vilja vinna við leikhús en stefna ekki að því að verða leikarar.

Diplómanámið í dansi er unnið í samstarfi við Íslenska dansflokkinn. Óvissa hefur ríkt um framtíð dansnáms í landinu eftir að menntamálaráðuneytið ákvað að leggja Listdansskóla Íslands niður að loknu núverandi starfsári. Hins vegar eru inntökupróf í dansnám Listaháskólans og því geta nemendur sem stunda dansnám í öllum dansskólum á framhaldsskólastigi þreytt inntökupróf.

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor skólans, telur ákvæðið um rannsóknarhlutverkið mjög mikilvægt. „Rannsóknarhlutverkið er grundvöllur undir þá þróun sem við sjáum fyrir okkur varðandi rannsóknir í Listháskólanum, enda er skólinn sá eini á landinu sem getur sinnt þessum rannsóknum,“ segir Hjálmar. **- sk**



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Menntamálaráðherra og rektor Listaháskóla Íslands skrifuðu undir nýjan rekstrarsamning í gær.

Málrækt í Katalóníu:

## Fyrirtæki látin greiða sektir

**SPÁNN** Fáum íbúum Spánar er jafn annt um sjálfstæði sitt og Katalónum, nema ef vera kynni Baskar í norðurhluta landsins. Katalónsk yfirvöld hafa nú sektað fleiri þúsund fyrirtæki sem brjóta þá reglu að katalónska sé töluð á vinnustaðnum eins og lög segja fyrir um.

Hafa katalónsk yfirvöld skorið upp herör vegna þessa og íhuga að hækka sektir. Á síðasta ári jukust sektagreiðslur um um 400 prósent og komu þá rúmar sex milljónir króna í ríkiskassann. ■

Konur í Gvatemala:

## Mótmæla heimilisofbeldi

**GVATEMALA** Konur fjölmenntu á götur borga í Gvatemala um helgina og kröfðust þess að stjórnvöld tækju á því mikla vandamáli sem heimilisofbeldi er í landinu.

Hafa tæplega 600 konur verið barðar til dauða á heimilum sínum á þessu ári og alls rúmlega tvö þúsund frá aldamótum. Aðeins örfá mál hafa farið fyrir dómstóla og ganga því ódæðismennirnir lausir í langflestum tilfellum. ■




**NÓG KOMIÐ** Krefjast réttlætis til handa fórnarlömbum heimilisofbeldis. NORDICPHOTOS/AFP

### SLYSFARIR

**Óbreytt líðan** Líðan annars piltsins sem brenndist illa fyrir rúmri viku er óbreytt og er honum haldið sofandi á gjörgæslu Landspítalans. Hinn drengurinn sem brenndist dvelur á barnadeild Hringsins.



**BEÐIÐ FÆRIS** Bandaríski draumurinn lifir góðu lífi í Mexíkó. Aldrei áður hafa jafn margir reynt að komast yfir landamærin. NORDICPHOTOS/AFP

# Smygl á fólki ábatasamt

**Þeim fer fjölgandi sem leita til glæpasamtaka til að komast yfir landamæri Mexíkó og til Bandaríkjanna. Gjald fyrir slíkt hefur lækkað mikið.**

**MEXÍKÓ** Varlega áætlað er talið að velta þeirra sem taka að sér að smygla fólki yfir landamæri Mexíkó til Bandaríkjanna sé á bilinu 10-12 milljarðar króna hið minnsta ár hvert. Slík hagnaðarvon freistar eðlilega þeim fjölda glæpagengja sem í Mexíkó eru og rétt eins og á öðrum mörkuðum þar sem samkeppni ríkir hefur verðið fyrir að koma fólki yfir landamærin lækkað til muna.

Tölur benda til að straumur fólks sem reynir að komast til Bandaríkjanna gegnum Mexíkó hafi aldrei verið meiri en nú, þrátt fyrir að milljörðum hafi verið varið í að efla gæslu beggja vegna landamæranna. Telja lögregluyfirvöld í Mexíkó að um 500 þúsund manns reyni árlega að komast yfir og 60 til 70 prósent þeirra takist það.

Gjaldið sem fólki er gert að greiða hefur einnig lækkað mikið undanfarin ár. Áður var algengt að fólk þyrfti að greiða allt að einni milljón króna fyrir fylgd yfir landamærin en nú er slíkt í boði fyrir hundrað þúsund krónur. Þótt það sé ennþá talsverð upphæð fyrir flest það fólk sem dreymir um betra líf í Bandaríkjunum þá er það ekki eins óyfirstíganlegt og það var lengi vel áður.

Glæpasamtök hafa einnig brugðist við hertu eftirliti og lögum með sínum hætti. Algengt er að leiðsögumennirnir sem ferja fólkið yfir séu nú oftar en ekki unglingar undir lögaldri sem seinlegt og erfitt er að draga fyrir dómstóla náist þeir við iðju sína. Einnig hefur borið á því að bandarískir þegnar taki að sér að fylgja fólkinu yfir enda er refsing þeirra mun léttvægari en ef um erlendan ríkisborgara er að ræða. **albert@frettabladid.is**






## Nýr Peugeot 1007

# Kamelljón sem málar öryggið í nýjum skala

www.peugeot.is

Peugeot 1007, kamelljón sem er hugsaður svo stórt að hann setur nýja staðla og breytir viðhorfum og kröfum. Bíll sem er smár og knár og fjörugur og líflegur og breytilegur og skemmtilegur er öruggastur allra minni bíla. Val um fjarstýrðar rennihurðir og hentuga gírskiptingu, upplífgandi aksturseiginleikar og snarpt viðbragð bæði í bensín- og díselbíl. Allt saman kryddað litum og spennandi formhönnun.
Enginn bíll hefur náð öðrum eins öryggisárangri í þessum flokki - hæsta mögulega punktafjölda í Euro NCAP árekstrarprófi. Komdu og upplifðu hvernig viðmið þitt fær nýjan skala með frumlegasta ljóninu á veginum.

1007

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

SP-FJÁRMÖGNUN



**EINMANA** Ljónsunginn Sakher er með böggum hildar þessa dagana eftir að hans eftirlætisleikfélaga, Sabrinu, var rænt úr dýragarðinum í Gazaborg í fyrradag. Þjófarnir klófestu einnig tvo páfagauka sem sagðir eru tala arabísku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endurbótum á Laugavegi lokið:

# Bílastæðavandinn minnkar

**SKIPULAGSMÁL** Síðastliðinn laugardag var Laugavegurinn formlega opnaður aftur eftir endurbætur á kaflanum á milli Barónsstígs og Snorrabrautar. Við sama tækifæri var nýtt bílastæðahús opnað og rúmar það 193 bíla.

Mikið kapp hefur verið lagt á að ljúka framkvæmdum fyrir desembermánuð vegna aukinnar umferðar sem jafnan fylgir jólaversluninni. Á kaflanum á milli Snorrabrautar og Barónsstíg er búið að koma fyrir reiðhjólabraut og umferð fyrir gangandi hefur einnig verið gerð auðveldari.

Fyrst um sinn verður ekki tekið gjald fyrir að leggja í bílastæðahúsinu og segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingastjóri Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, að gjaldfrjálst verði í húsið fram yfir áramót. „Við viljum hvetja fólk til þess að nota húsið og venja það við þennan nýja stað,“ segir Jón Halldór. Ekki er enn búið að setja upp nauðsynlegan búnað sem þarf til að taka gjald og segir Jón að það spili einnig inn í. „Við fengum frest á að setja búnaðinn upp en vildum endilega koma húsinu í notkun sem fyrst,“ segir hann. Ákvörðun um gjaldskrá verður tekin í janúar og telur Stefán Haraldsson, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, líklegt að gjaldskráin taki mið af hvernig nýtingin á nýja bílastæðahúsinu verður. - sk



**NÝTT BÍLASTÆÐAHÚS VIÐ LAUGAVEG** Bílastæðahúsið rúmar um 200 bíla. Tilkoma þess dregur úr vandanum við að finna bílastæði við verslunargötuna.

Vopnasala Spánverja:

## Chaves þakkar stuðninginn

**SPÁNN** Hugo Chaves, forseti Venesúela, hefur þakkað öllum Spánverjum fyrir þá kjörkuðu ákvörðun að selja vopn til Venesúela þrátt fyrir mikinn þrýsting frá Bandaríkjamönnum um að gera slíkt ekki.

Um er að ræða orrustuþotur og varðskip sem ætlað er hlutverk við landamæragæslu en Bandaríkjamenn vöruðu Spánverja við sölunni þar sem slíkt myndi ýta undir þann óróa sem í landinu er.

Chaves hefur sem kunnugt er verið óragur við að gagnrýna ríkisstjórn George W. Bush síðustu mánuðina. ■

Kópavogsbær:

## Íþrótta- og fræðasetur rís

**FRAMKVÆMDIR** Kópavogsbær og Knattspyrnuakademía Íslands hafa náð samningi um uppbyggingu og rekstur íþrótta- og fræðsluseturs við Vallakór í Kópavogi. Framkvæmdir hefjast í upphafi næsta árs og lýkur árið 2008.

Gert er ráð fyrir þremur útivöllum fyrir knattspyrnu, yfirbyggðum knattspyrnuvelli með áhorfendastúku fyrir tvö til þrjú þúsund manns. Þar verður líka aðstaða til iðkunar og keppni í frjálsum íþróttum. Einnig er gert ráð fyrir líkamsræktarstöð, sundlaug, verslunar- og heilsumiðstöð og vonir standa til að á svæðinu rísi framhaldsskóli en það er háð því að samningar náist við ríkið.

Gert er ráð fyrir að uppbyggingunni ljúki árið 2008 þó heimilt sé að fresta hluta hennar. - jse

### SVÍÞJÓÐ

**Neyðarstjóri** Sænska stjórnarráðið fær sérstakan neyðarstjóra sem á að leiða nýja viðbúnaðar- og greiningardeild. Hver það verður verður veit nú enginn en það verður kynnt á morgun. Þetta er gert til að Svíar geti betur brugðist við þegar neyðarástand skapast á borð við flóðið í Indlandshafi í fyrra. Svenska dagbladet sagði frá.

# Skortur á legurúmum fækkar gerviliðaaðgerðum

**Skortur á legurúmum á Landspítala - háskólasjúkrahúsi hefur orðið til þess að þurft hefur að hætta við fjölda gerviliðaaðgerða á þessu ári. Aukið álag er meðal annars vegna sjúklinga sem bíða útskriftar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Biðlistar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eftir gerviliðaaðgerðum lengdust umtalsvert á fyrstu tíu mánuðum þessa árs vegna skorts á legurúmum eftir aðgerð. Þetta kemur fram hjá Önnu Lilju Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra sem tekið hefur saman stjórnunarupplýsingar um rekstur spítalans á ofangreindu tímabili.

Það sem af er árinu koma að meðaltali 215 einstaklingar á dag á slysa- og bráðamóttökur spítalans sem er fjölgun um 9 prósent frá því í fyrra. Flestir koma af höfuðborgarsvæðinu og þar af er stærsti hópurinn úr póstnúmeri 203 sem er Vatnsendahverfið í Kópavogi en þar er ekki starfrækt heilsugæslustöð. Mjög margir koma frá póstnúmerum 113 og 111 sem er Grafarholt og Efra-Breiðholt. Þá kemur á óvart hversu margir koma af Suðurlandi og Reykjanesi og mun fleiri en úr öðrum landsvæðum. Fæstar heimsóknir eru frá íbúum á Norðurlandi.

Hjartaþræðingar voru 1.437 það sem af er árinu og hafði fjölgað um 18,5 prósent frá sama tíma fyrir ári. Kransæðavíkkanir voru 580 sem er 23,4 prósent fjölgun. Biðlistar eftir hjartaþræðingu hafa lengst um fjórðung á árinu og bíða nú 195 einstaklingar eftir hjartaþræðingu.

Skurðaðgerðum fjölgar um 1,8 prósent fyrstu tíu mánuði ársins. Fækkað hefur þó á biðlistum eftir skurðaðgerð um 19,8 prósent frá sama tíma í fyrra. Nú bíða 28 einstaklingar eftir aðgerð vegna vélindabakflæðis og þindarslits. Í fyrra biðu 100 manns eftir slíkri aðgerð. Skurðaðgerðum á augasteini hefur fjölgað um rúm 7 prósent á þessu ári og bíða nú 917 einstaklingar eftir slíkri aðgerð en í fyrra biðu 1.257.

Hins vegar hefur fjölgað á biðlista eftir gerviliðaaðgerð á hné og bíða nú 138 eftir aðgerð en í fyrra biðu 119. Eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm bíða nú 98 einstaklingar en 100 biðu í fyrra. Aðalástæða þess að fjölgað hefur aftur á biðlista eftir gerviliðaaðgerð er að þurft hefur að hætta við fjölda aðgerða í október og nóvember vegna þess að ekki hafa verið til legurúm á legudeild fy rir sjúklingana að lokinni aðgerð. Í október þurfti að hætta við 14 aðgerðir vegna þessa og fyrri helming nóvember hefur þurft að hætta við 14 aðgerðir til viðbótar. Aukið álag á legudeildum er meðal annars vegna sjúklinga sem hafa fengið þjónustu á LSH og bíða eftir útskrift í framhaldsúrræði, oftast á hjúkrunarheimili.

Bráðabirgðauppgjör LSH fyrir fyrstu tíu mánuði ársins sýnir 250 milljónir króna umfram rekstraráætlun eða 1,0 prósent. Launagjöld eru 1,1 prósent umfram áætlun en rekstrarkostnaður fer 4,0 prósent fram úr áætlun. Kostnaður vegna S-merktra lyfja er í samræmi við rekstraráætlun. Dráttarvaxtagreiðslur eru 58 milljónir þessa fyrstu tíu mánuði. Það er umfram áætlun og stafar af erfiðri greiðslustöðu vegna mikils uppsafnaðs rekstrarhalla undanfarinna ára. Sem fyrr er rekstur flestra sviða spítalans í samræmi við rekstraráætlun.

jss@frettabladid



**SLYSA - OG BRÁÐAMÓTTÖKUR** Að meðaltali koma 215 einstaklingar á dag á slysa- og bráðamóttökur Landspítala- háskólasjúkrahúss. Það sem af er þessu ári hefur komum fjölgað um 9 prósent frá því í fyrra.




Lækningaforstjóri á Landspítalanum um nýjar stjórnunarupplýsingar:

# Biðlistar heyra fortíðinni til

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er stórkostlegt að vera laus við þessa biðlistaumræðu sem heyrir í stórum dráttum til fortíðar,“ segir Jóhannes M. Gunnarsson framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Í nýjum stjórnunarupplýsingum um rekstur LSH frá áramótum til október á þessu ári kemur meðal annars fram, að biðlistar eru hverfandi á flestum sviðum nema í gerviliðaaðgerðir og hjartaþræðingar. Aðspurður um skýringar á því að einstaklingum sem bíða eftir hjartaþræðingum hafi fjölgað um fjórðung á árinu, þegar aðrir biðlistar eru í hröðu undanhaldi, segist hann hafa kallað eftir greinargerð frá yfirlækni hjartadeildar um það atriði.

„Þjóðin er hægt og hægt að eldast og þar með fjölgar þeim sem eru í áhættu með hjartasjúkdóma,“ segir Jóhannes. „Árangur inn af meðferð við bráðri kransæðastíflu er orðinn svo góður að mun fleiri lifa af þau áföll heldur en áður. Þeir lifa áfram með sinn hjartasjúkdóm sem krefst heilmikils eftirlits. Á síðasta ári var mikil umfjöllun um hjartasjúkdóma. Það ýtti enn undir hjartarannsóknir. Í síðasta lagi hefur ný tækni, æðamyndataka með tölvusneiðmyndatækni, verið tekin upp. Hún virðist kalla á enn frekari úrvinnslu, þar á meðal hjartaþræðingar.“

Jóhannes segir forráðamenn spítalans ánægða með fjárhagsstöðu hans í ljósi þess að frá árinu 2000 hafi hann verið rekinn á sömu fjárhæð, þrátt fyrir umtalsvert aukna framleiðslu.

jss@frettabladid.is



**JÓHANNES M. GUNNARSSON** Segir lengri biðlista í hjartaþræðingar eiga sínar skýringar.

Urriðaholtið:

## Talinn hæfur

**GARÐABÆR** Laufey Jóhannsdóttir, formaður skipulagsnefndar í Garðabæ, segir að nefndarmenn hafi rætt það hvort Jón Otti Sigurðsson, fulltrúi í nefndinni og félagi í Oddfellowreglunni, teldist hæfur til að fjalla um skipulagsmál Urriðaholts í Garðabæ. Hann hafi alla tíð verið talinn hæfur.

Félagsmálaráðuneytið hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að staðhæfa að Jón Otti hafi verið vanhæfur. „Nefndin ræddi þetta og þetta var niðurstaðan en það var ekki bókað,“ segir Laufey.

Urriðaholt er að níutíu prósentum í eigu Oddfellowreglunnar. - ghs

Framkvæmdastjóri Landverndar um Urriðaholtslandið:

# Segir landinu fórnað undir bíla

**URRIÐAHOLT** Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að samtökin muni una niðurstöðu félagsmálaráðuneytisins um að ekki sé hægt að staðhæfa um vanhæfi Jóns Otta Sigurðssonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulagsnefnd Garðabæjar, enda sé dýrt að fara í dómsmál.

Landvernd hafði sent fyrirspurn til félagsmálaráðuneytisins í framhaldi af skipulagsbreytingum á Urriðaholtslandi, sem er í eigu Oddfellowreglunnar, í vor þegar ákveðið var að leyfa stórverslanir á náttúruminjasvæðinu.

Fyrirspurnin varðaði hæfi Jóns Otta en hann er í Oddfellowreglunni og hefur gegnt þar trúnaðarstörfum.

Tryggvi segir að samtökin telji að ekki hafi verið farið að náttúruverndarlögum. 25-26 hektarar lands fari undir starfsemi stórverslana, þar af 20 hektarar undir bílastæði. Garðabær sé landríkt svæði og landið sé lítils metið þegar svo miklu landi sé fórnað til að geta boðið upp á ódýr bílastæði í stað þess að byggja bílastæðahús eða bílakjallara.

Jón Otti Sigurðsson vildi ekki tjá sig um málið. - ghs




**URRIÐAHOLTSLANDIÐ** Stórverslanir breiða úr starfsemi sinni í Urriðaholti, þar af verða bílastæði á 20 hekturum. Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að landið sé ekki mikils metið.

Skandinavía:

## Börn seld til líffæragjafar

**SVÍÞJÓÐ** Sænska lögreglan útilokar ekki að kínversk börn hafi verið seld til Evrópu og notuð þar sem líffæragjafar. Tveir Kínverjar, kona og maður, voru nýlega handtekin í Svíþjóð fyrir að vera höfuðpaurarnir í smygli á fólki frá Kína til Noregs og Svíþjóðar.

Á einu ári hafa 94 kínversk börn horfið í Svíþjóð. Sænska dagblaðið Expressen segir að sænska lögreglan kanni hvort börnin hafi verið seld til líffæragjafar eða í barnavændi.

Kínversk börn í Noregi hafa einnig horfið og hafa tíu þeirra fundist í Svíþjóð. Þeim hefur verið komið aftur til Noregs. ■

Léttu þér Lífið

Ballarini pottar og pönnur fyrir matgæðinga




**Ballarini** kynnir nú nýja kynslóð eldhúsáhalda, Titanio, sem byggir á langri reynslu, ítalskri matarfefð og ýtarlegum rannsóknum.

- Fullkomin framleiðsluaðferð
- Viðloðunarfrí títaníumhúð
- Má nota málmáhöld
- Flagnar ekki af
- Endist og endist

**Verð frá: kr. 5.400 stgr.**

GJAFABRÉF

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is




Dreifðu staðgreiðslunni

VISA Lán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA

Spurðu um VISALán

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

# ORMSSON Í SMÁRALIND 1 ÁRS!

AF ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ UPP Á FRÁBÆR

# AFMÆLISTILBOÐ

ÞRIÐJUDAG | MIÐVIKUDAG | FIMMTUDAG



**SOLIS** expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
~~Kr. 59.900~~
KR. 54.900



**PIONEER** heimabíókerfi DCS-232
~~Kr. 33.900~~
KR. 29.900



**AEG** örbylgjuofn
Kr. 9.900



**SOLIS** ávaxta- og grænmetispressa
~~Kr. 13.900~~
KR. 11.900



**TEFAL** Raclette grill
~~Kr. 5.900~~
KR. 4.900



**AEG** ryksuga Turbo T2
Kr. 8.900



**COBY**
ferðageislaspilari CX-CD240
Kr. 3.990



**SAMSUNG** V5450
Sambyggður VHS og DVD spilari
Kr. 16.990



25%
AFSLÁTTUR

TEFAL
25%
AFSLÁTTUR

AEG
SMÁTÆKI
25% AFSLÁTTUR

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



**SAMSUNG** SP-43W6WE
43“ PROJECTOR SJÓNVARP
~~Kr. 199.990~~
KR. 114.990



**SAMSUNG** SP-42Q2HL
42“ PROJECTOR SJÓNVARP
~~Kr. 149.990~~
KR. 99.990

15% AFSLÁTTUR AF

NÚ ER LAG AÐ KAUPA VANDAÐAR



# ORMSSON

**SMÁRALIND · SÍMI 530 2900**

## Þessar frábæru AEG vélar á afmælistilboði

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ · ÍSLENSK NOTENDAHANDBÓK · 3JA ÁRA ÁBYRGÐ



**AEG**
**Lavamat 76820**
1600/1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
**KR. 90.000,-**



**AEG**
**Lavamat 74639**
1400/1200/900/700/400 sn.
5,5 kg.
TILBOÐSVERÐ:
**KR. 74.900,-**



**AEG**
**Lavamat 52820**
1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
**KR. 69.900,-**

## AEG
### ELDHÚSPAKKINN

AEG 66030
stál helluborð með snertitökkum



AIRFORCE F3
vegghláfur úr stáli

AEG B3051-4M
veggofn úr stáli

***ALLUR PAKKINN***
***KR. 99.000***



## LOEWE.

Tilboðsverð
***KR. 89.900,-***

**LOEWE NEMOS 29"**
- 29" Skjár flatur
- 100 Hz
- Super Black Line myndlampi
- Mynd í mynd
- 5 ára ábyrgð á myndlampa

á mánuði
***7.909,-***

*vaxtalausar Vísa og Euro raðgreiðslur í 12 mánuði

## CELESTRON



Celestron 60AZ
Stjörnusjónauki
~~Kr. 12.900~~
***KR. 9.900***

## TEFAL

**hraðsuðuketill**
***Kr. 1.990***



## TEFAL

**brauðrist**
***Kr. 1.990***



## SHARP



SHARP XLMP10H
hljómtækjastæða
~~Kr. 12.900~~
***KR. 9.900***







## ÖLLUM ÖÐRUM AEG VÖRUM

## R JÓLAGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

## „ORÐRÉTT“

### *Já alveg rétt*

**„Við erum hér ein þjóð úti í hafi og erum ein að borga undir þetta allt saman.“**

**Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, um hátt verð á gagnaflutningum um sæstrenginn. Fréttablaðið.**

### *Tekið í mann*

**„Eftir að ég hafði fengið þessa byggingarlóð við Tómasarhagann, gegnt hænsnakofunum sem hér voru, þurfti ég að taka í mann sem tók í mann til að fá leyfi hjá fjárhagsráði ríkisins til þess að byggja svona stór hús og allt tók þetta tíma.“**

**Gísli Halldórsson arkitekt um húsið sitt. Morgunblaðið.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BALDVIN JÓNSSON VERKEFNISSTJÓRI

## *Sannfærir Bandaríkjamenn um að skyr sé ekki ostur*



„Ég stend í stappi þessa dagana að reyna að fá stjórnvöld og stofnanir hér í Bandaríkjunum til að færa okkar ástsæla skyr úr tollaflokknum ostur,“ segir Baldvin Jónsson, verkefnisstjóri átaksverkefnis um sölu íslenskra afurða.

Baldvin er mörgum að góðu kunnur og hefur lengi starfað við að kynna og koma íslenskum afurðum að í verslunum vestanhafs. Sala á íslensku kjöti hefur gengið bærilega og eru Bandaríkjamenn hrifnir af vörunni þó dýr sé á þeirra mælikvarða. Núna er áherslan hins vegar á íslenska skyrið og íslenska smjörið.

„Nú er hægt að finna íslenska skyrið í kælum hér. Bandaríkjamennirnir voru svo óliðlegir að setja skyrið í tollaflokk sem ost og það hefur gengið á ýmsu að fá þá til að breyta því. Hærri tollar þýða að varan er dýrari en ella. Dollan af skyrinu selst á þrjá dollara sem er miklu hærra en á innlendri jógúrt til dæmis sem kostar um sjötíu sent.“

Baldvin segir bjartara yfir sölu á íslenska smjörinu. „Það hefur komið í ljós að veitingamenn og bakarar eru hrifnir af því vegna þess háa fituhlutfalls sem í því er. Það gefur aðra áferð og bragð en aðrar slíkar vörur og margir eru spenntir fyrir því. Þar er sóknarfæri en þetta er eilíf barátta og henni er hvergi nærri lokið.“

## SJÓNARHÓLL

**ORÐ KARLS SIGURBJÖRNSSONAR UM AÐ THELMA ÁSDÍSARDÓTTIR SÉ MAÐUR ÁRSINS**

### *Sammála biskupnum*

„Hún á það vel skilið að vera kölluð manneskja ársins. Hún lenti í hræðilegum atburðum og hefur nú komið fram og tjáð sig um þá reynslu sína og heiður skilið fyrir það,“ segir Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður Siðmenntar og nemi í iðjuþjálfun um orð Karls Sigurbjörnssonar biskups Íslands þess efnis að Thelma Ásdísardóttir sé maður ársins fyrir að stíga fram og greina frá hörmulegri misnotkun í æsku.



**SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON, VARAFORMAÐUR SIÐMENNTAR**

„Ég ber virðingu fyrir fólki sem lent hefur í hræðilegri reynslu og þorir að koma fram og vekja upp umtal og umræðu. Það er mjög virðingarvert,“ segir Sigurður.

Skoðanir hans og biskups fara ekki alltaf saman enda krefst Siðmennt þess, meðal annars, að ríki og kirkja verða aðskilin. Sigurður hlær þegar spurt er hvort þetta sé eina málið sem þeir geta verið sammála um. „Nei, nei. Við erum sammála í mörgu en alls ekki öllu og þannig er það nú bara.“

# Nokkur hundruð útlendingar væntanlegir hingað til jólahalds

**Sífellt fleiri kjósa að verja jólum og áramótum á fjarlægum slóðum. Um leið og fimm þúsund Íslendingar ætla að halda hátíð ljóss og friðar hátíðlega á Kanaríeyjum verða nokkur hundruð útlendingar á Íslandi yfir jólin. Enn fleiri eru svo væntanlegir um áramót.**



**ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI** Sólfarið við Sundin blá er jafnan vinsæll áningastaður erlendra ferðamanna. Viðbúið er að þeir sem koma til Íslands til jólahalds smelli af einni ljósmynd eða svo við listaverkið fagra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hörð samkeppni er milli landa og fyrirtækja í ferðaþjónustu um þá fjölmörgu sem kjósa að verja jólum og áramótum fjarri heimaslóðum. Ísland hefur tekið þátt í baráttunni í nokkur ár og er stígandi í áhuga útlendinga á að dvelja hér yfir hátíðirnar að sögn Ársæls Harðarsonar, forstöðumanns markaðssviðs Ferðamálaráðs. „Við keppum við ýmsa staði um þessar ferðir og eigum í harðri samkeppni við aðrar borgir í norðrinu,“ segir Ársæll.

Von er á nokkur hundruð erlendum ferðamönnum yfir jólin og um eða yfir eitt þúsund um áramót. Sumir dvelja hér yfir bæði jól og áramót en flestir velja annað hvort. „Menn bóka þessar ferðir heldur seint og því ekki hægt að sjá fyrir endanlegan fjölda fyrr en þetta brestur á. Það fer eftir tilboðum og fólk stekkur af stað oft með litlum fyrirvara,“ segir Ársæll.

Fyrir nokkrum árum varð vart dágóðs hóps ferðamanna sem eyddi jólunum á Íslandi en átti ekki í nein hús að venda þegar kom að því að borða hátíðarmálsverðinn því veitingastaðirnir voru lokaðir. Það hefur breyst og bjóða hótelin nú upp á veislumatseðla líkt og eðlilegt má teljast.

Helst er von á ferðamönnum frá Bandaríkjunum, Norðurlöndum og nokkrum öðrum löndum Evrópu hingað yfir jólin. Ársæll segir ferðamennina á öllum aldri en þó viðbúið að Bandaríkjamennirnir séu ívið eldri en Evrópubúarnir.

Eins og gengur heldur fólk í sína siði þó það haldi jólin fjarri heimahögum og flytur það til að mynda jólagjafir með sér til Íslands og opnar þær á hótelherbergjum eða á veitingastöðunum.

Áramótunum verja erlendu gestirnir svo í takt við það sem gerist meðal Íslendinga; eftir hátíðarmálsverð er farið á brennu og svo horft á flugeldana lýsa upp himininn. Ólíklegt verður þó að telja að þeir setjist yfir áramótaskaup Sjónvarpsins líkt og þorri Íslendinga.

bjorn@frettabladid.is




Samkeppni um nafn á nýja bílahúsið við Laugaveg:

# Hundruð tillagna hafa þegar borist

Bílastæðasjóður efnir til samkeppni meðal borgarbúa um nafn á nýja bílakjallarann við Laugaveg sem opnaður var á laugardag. Strax í gærmorgun höfðu tæplega 300 tillögur borist en hægt er að skila hugmyndum að nafni í kassa hjá afgreiðslumanni í kjallaranum og á vef Reykjavíkurborgar, rvk.is.

Bílakjallarinn við Laugaveg er sjöunda bílahúsið í borginni en fyrir eru Bergstaðir, Kolaportið, Ráðhúskjallarinn, Traðarkot, Vesturgata 7 og Vitatorg. Að sögn Stefáns Haraldssonar, framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs, er þetta í fyrsta sinn sem leitaö er til almennings eftir hugmyndum á nafni á bílahús. Býst hann við fjölda tillagna líkt og fyrstu dagar samkeppninnar gefa fyrirheit um. Í verðlaun fyrir besta nafnið er fimmtíu þúsund króna Miðborgargjafakort. Frestur til að senda inn hugmyndir er til 23. desember. ■



**BÍLAKJALLARINN VIÐ LAUGAVEG** Stjörnubíó stóð þar sem nú er kominn bílakjallari. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**ABERDEEN** Ein fegursta borg Skotlands.

Ónóg þátttaka Hafnarbúa:

# Aberdeen-ferð slegin af í bili

Ferð sem fyrirhuguð var frá Höfn í Hornafirði til Aberdeen hefur verið slegin af. Til stóð að fljúga beint frá Höfn til Aberdeen í Skotlandi á föstudag og sömu leið til baka á sunnudag. Ónóg þátttaka er ástæða þess að ferðinni var slegið á frest og er skömmum fyrirvara helst kennt um en aðeins leið rúm vika frá því að ferðin var auglýst þar til hún átti að hefjast. Ekki er loku fyrir það skotið að Hornfirðingar heimsæki Aberdeen eða aðrar borgir Skotlands eða Norður-Englands á nýju ári. ■



**HÖFN Í HORNAFIRÐI** Heimamenn brugðu á leik þegar vatn flæddi um göturnar í haust.

## Svona erum við

> Íslenskir háskólanemar á Norðurlöndunum árið 2004




Heimild: Hagstofa Íslands, samkvæmt gögnum LÍN.

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÁGREININGURINN UM URRIÐAHOLT

## *Ekki lengur náttúruminjar*

Ágreiningur hefur verið milli bæjaryfirvalda í Garðabæ og Landverndar um fyrirhugaðar og nýhafnar framkvæmdir vegna byggingar á húsnæði fyrir lágvöruverðsverslanir í landi Urriðaholts í Garðabæ. Urriðaholt hefur talist til náttúruminja og notið verndar sem slíkt. En ekki lengur.

**Hvaða svæði er Urriðaholt?**
Urriðavatn liggur í Garðabænum, rétt austan Reykjanesbrautar og norðan við Hafnarfjörð. Á vef Landverndar kemur fram að vatnið er hraunstíflað með votlendisflákum að sunnan og norðan og er þar mikið fuglalíf og fjölbreyttur gróður. Aðrennsli er úr uppsprettum en Urriðavatnslækur sameinast Læknum í Hafnarfirði. Hrauntangi er í vatninu norðanverðu. Svæðið hefur notið bæjarverndar vegna lífríkis og sem útivistarsvæði Garðbæinga. Urriðaholtsvatn og svæðið þar í kring er að 90 prósentum í eigu Oddfellowreglunnar.

**Um hvað snýst deilan?**
Landvernd gerði athugasemdir við áform Garðabæjar um að breyta skipulagi á þessu svæði og vildu samtökin að svæðið nyti áfram bæjarverndar í stað þess að náttúrufyrirbærum væri spillt að óþörfu. Ekki hefði verið reynt að draga úr stærð mannvirkja og minnka þannig hugsanlegt tjón á menningarverðmætum. Ekki var orðið við kröfum um að stöðva framkvæmdir og var því send stjórnsýslukæra til Úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingamál. Nefndin vísaði frá og var því send stjórnsýslukæra til félagsmálaráðuneytisins til að fá skorið úr um hugsanlegt vanhæfi Jóns Otta Sigurðssonar, sem situr í bygginganefnd jafnframt því að vera í Oddfellowreglunni.



Ráðuneytið telur ekki hæft að staðhæfa um vanhæfi Jóns Otta.

**Hvaða framkvæmdir eru á svæðinu?**
Framkvæmdir við byggingu nýrrar Ikeaverslunar eru þegar hafnar á svæðinu. Fleiri fyrirtæki eru með framkvæmdir í undirbúningi, þar á meðal Byko.

## SPURT & SVARAÐ

HJÁLPARSTARF Í PAKISTAN

### *Meira en 87 þúsund látnir*



DAVÍÐ LYNCH

Nú er vetur genginn í garð í Pakistan og það gerir aðstæður enn erfiðari á hamfarasvæðunum. Rauði kross Íslands tekur þátt í hjálparstarfinu og hefur sent tvo starfsmenn þangað. Davíð Lynch er verkefnastjóri á alþjóðasviði Rauða krosss Íslands.

**Hvernig gengur hjálparstarfið?**
Þetta er afskaplega erfitt nú þegar vetur er skollinn á. Það er í raun neyðarástand enn á svæðinu. Margir þurfa á læknisaðstoð að halda, margir fengu högg á bakið í jarðskjálftanum og hafa lamast við það, aðrir þjást af illa grónum sárum og marga þurfti að aflima svo þetta er hræðilegt ástand.

**Er vitað hversu margir hafa látist?**
Nýjustu tölur frá pakistönsku ríkisstjórninni segja að um 87 þúsund manns hafi látist en þeir telja einungis þá sem hægt var að bera kennsl á svo að tala látinna er hærri.

# Farice fælir frá með háu verði

**Frá því að nýr ljósleiðari stjórnvalda og símafyrirtækjanna stóru var tekinn í notkun í ársbyrjun 2004 hefur nokkuð borið á óánægju smærri netfyrirtækja með verðlagningu gagnaflutninga um strenginn. Segja má að stefna Farice, fyrirtækisins sem stofnað var um rekstur strengsins, sé í nokkurs konar sjálfheldu. Til að lækka verðið segist fyrirtækið þurfa að fá fleiri viðskiptavini, en það gerist ekki nema verðið lækki.**

Gagnaflutningsgeta Farice-sæstrengsins er ekki nýtt nema að einum tíunda hluta og hefur því mörgum, bæði netnotendum og forsvarsmönnum netþjónustufyrirtækja, sviðið að á sama tíma skuli hátt verð þurfa að verða til þess að Farice fái ekki aukin viðskipti.



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON** Guðmundur, sem er framkvæmdastjóri Farice, framfylgir stefnu stjórnar fyrirtækisins í verðlagningu.

Blandast þar inn í umræða um verð sem internetþjónustur gera netnotendum að greiða fyrir svokallað „umframniðurhal“ af netinu. Er þar átt við ákveðið gjald af hverju megabæti sem fólk fær af gögnum umfram ákveðið þak sem samið er um í upphafi.

Erlendis þekkist víða að látið sé vera að mæla hvað fólk sækir sér af gögnum og látið nægja að rukka fyrir tengingar fast gjald, mishátt eftir hraða tengingarinnar. Þykir mörgum skjóta skökku við að rukka fyrir umframniðurhalið þegar hægur leikur væri að stórauka gagnaflutninga til og frá landinu og Farice segir litla notkun halda uppi hjá sér verðinu.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra upplýsti í lok síðasta árs að ríkið hefði ekki uppi neinar fyrirætlanir um að beita sér fyrir breytingum á gjaldskrá Farice. Jón Birgir Jónsson, stjórnarformaður Farice, sagði keppt í þjónustu, en verðið væri jafnt til allra, hvort sem um væri að ræða eigendur strengsins eða aðra, en upplýst hefur verið að fyrirtækið þurfi bara að skila ákveðinni afkomu til að greiða niður strenginn. Því muni verðið lækka ef bætast við notendur og notkunin eykst.

### Stærsti notandinn ekki með

Í fljótu bragði mætti því ætla að ekki væri mikil fyrirstaða að tengjast Farice, en málið er ekki alltaf svo einfalt. Rannsóknar- og háskólanet Íslands (RHnet), einhver stærsti netnotandi landsins, hefur til dæmis ekki treyst sér til að kaupa þjónustu Farice og flytur allt sitt um Cantat-3 sæstrenginn. RHnet er hluti af NORDUNET, samtökum rannsóknar- og háskólaneta á Norðurlöndum. NORDUNET semur um kaup á tengingum fyrir aðildarfélög sín og taka samtökin einfaldlega lægsta boði. Jón Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri RHnet, hefur gagnrýnt verðstefnu Farice. „Þetta er svona svipað og að stofna flugfélag og láta svo fyrsta sætið kosta jafn mikið og að kaupa alla vélina,“ sagði hann í viðtali við blaðið fyrr á árinu. Hann benti um leið á að í fyrra hefði nær öll aukning í gagnaflutningum til og frá landinu verið um Cantat-3 strenginn.

### Ótrygg tenging

Auk óánægju með verðlagningu gagnaflutninga um Farice-sæstrenginn, sem er margfalt hærri en verðlagning gagnaflutninga í nágrannalöndunum, þá hefur fyrirtækið verið plagað af bilunum í tenginum í Skotlandi, en þar er strengurinn er tekinn í land.

Bæði hafa rottur lagst á strenginn, sem liggur niður til Edinborgar, og nagað í sundur á ákveðnu svæði í Norður-Skotlandi og svo hefur orðið sambandsrof þegar vinnuvélar hafa slitið þann streng.



**VIÐ SKOTLANDSSTRENDUR** Ítalska kapalskipið Pertinacia sést hér á Dunnet flóa við Skotland þaðan sem lagning Farice sæstrengsins hófst árið 2003. Frá bænum Castletown við Dunnet flóa er svo keypt tenging um annan ljósleiðara, 800 kílómetra leið niður til Edinborgar þar sem samband fæst við heiminn allan. MYND/FARICE

> **HVAÐ ER SÆSTRENGUR?**
>
> **CANTAT-3 og FARICE tryggja háhraðasambandið við umheiminn**
>
> 
>
> Sæstrengirnir tveir sem liggja til og frá landinu, Cantat-3 og Farice, tryggja háhraðagagnaflutninga, en strengirnir eru í raun fjöldi ljósleiðara sem lagðir eru saman í þykkum kapli. Um þá streyma svo gögn á hraða ljóssins, hvort sem þar er um að ræða hljóð-, mynd-, eða textasendingar. Cantat-3 strengurinn, sem er ellefu ára gamall, liggur þvert yfir Norður-Atlantshaf og tengir Íslendinga við umheiminn. Farice-strengurinn, sem tekinn var í notkun í ársbyrjun 2004, liggur frá Seyðisfirði til Skotlands, en inn á hann tengjast svo Færeyingar.

Farice strengurinn sjálfur hefur hins vegar staðið sig með prýði og ekkert komið upp á í hafinu. Þá hefur ekkert komið upp á í tengingum hérna megin. Alls eru þetta hins vegar orðin sautján skipti frá því í febrúar 2004 þar sem sambandið um Farice hefur rofnað um lengri eða skemmri tíma.

### Unnið að úrbótum

Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, segir ástandið óásættanlegt enda reiðir sig fjöldi fyrirtækja á að samband haldist við umheiminn og vitað til þess að fyrirtæki sem tryggja þurfa viðskiptavinum sínum stöðugan aðgang að gögnum treysta sér ekki til að hafa þann hluta starfsemi sinnar á Íslandi. Má þar nefna bæði CCP, sem framleiðir nettölvuleikinn EVE Online og er með um 80 þúsund manns í áskrift að honum um heim allan og svo FRISK Software, fyrirtæki Friðriks Skúlasonar sem sér fólki fyrir vírusvörnum.

Guðmundur upplýsti fyrir skömmu að í febrúar næstkomandi ætti að vera komin varaleið fyrir gagnaflutningana frá Dunnet Bay í Skotlandi til Edinborgar, en ljóst mætti vera að strengurinn sem nú væri notast við væri illa merktur og ætti það sinn þátt í tíðum bilunum. Ekki verður þó tvöfaldað alla leið heldur um tvo þriðju hluta af leiðinni. Guðmundur segir að ef þessi leið hefði verið til frá upphafi þá væri verið að tala um fjögur skipti þar sem samband rofnaði í stað sautján. Þá hefur verið gengið í að verja strenginn með slitsterkri hulsu þar sem rottur hafa lagst á hann.

### Hinn kosturinn

Vera má því að það horfi til betri vegar hjá Farice varðandi öryggi tenginga, en það breytir því þó ekki að verðlagning þjónustunnar fælir enn frá. Hinn kosturinn er að kaupa tengingu af CANTAT-3 sæstrengnum, en hann er engu að síður mun eldri og hefur raunar verið í umræðunni í nokkurn tíma að hann kunni að verða aflagður. Með það yrðum við komin í sömu stöðu og fyrir daga Farice, en þá kom nokkrum sinnum fyrir að skip slitu Cantat-3 strenginn og samband rofnaði. Jón Ingi, hjá RHneti, segir deginum ljósara að til þurfi að koma einn strengurinn enn. Þá hefur forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunarinnar, Hrafnkell V. Gíslason, sagt að ef til vill væri tímabært að endurskoða verðlagningu bandbreiddar hér. „Við erum með þessa bandbreidd og búið að leggja út fyrir henni, en nýtingin er ekki í samræmi við möguleikana,“ sagði hann undir árslok í fyrra.

Íslendingar eiga 80 prósent í Farice á móti 20 prósentum Færeyinga, en stærstu hluthafar eru Íslenska ríkið, Síminn og Og fjarskipti á Íslandi, en í Færeyjum, Færeyski landsíminn og Kall fp/f. Samkeppniskapalinn, Cantat-3, á hins vegar fyrirtækið Teleglobe að mestu.




**LEGA FARICE FRÁ ÍSLANDI TIL SKOTLANDS** Gula línan sýnir Farice streginn, en sú mjóa rauða sýnir Cantat-3 strenginn sem er tíu árum eldri.



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KR. ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

**Samskráning í virðisaukaskatti**
**Morgunverðarfundur KPMG**
**fimmtudaginn 1. desember**

Skattasvið KPMG stendur fyrir morgunverðarfundi um samskráningu fyrirtækja í virðisaukaskatti. Fyrirlesarar verða **Soffía Eydís Björgvinsdóttir**, skattasviði KPMG og **Guðrún Þorleifsdóttir**, réttarsviði ríkisskattstjóra.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 1. desember n.k. kl. 8:30 - 9:30 að Borgartúni 27, 8. hæð og verður morgunhressing í boði. Fundurinn er öllum opinn en vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir klukkan 14 n.k. miðvikudag á netfangið tax@kpmg.is

**Útdráttur úr lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt**
Félög sem uppfylla skilyrði samskráningar ber að sækja um samskráningu í síðasta lagi 8 dögum fyrir upphaf reikningsárs. Við uppgjör virðisaukaskatts samskráðra félaga skal litið á þau sem eina lögpersónu. Viðskipti milli samskráðra félaga hafa þannig ekki í för með sér skyldu til að greiða virðisaukaskatt nema velta sé skattskyld.

www.kpmg.is

AUDIT ▪ TAX ▪ ADVISORY

KPMG


Skiptu um haus fyrir jólin
Allt að 70% afsláttur af öllu sturtuhausum fram að jólum - mikið úrval
VATNSVIRKINN
Nú er Vatnsvirkinn einnig með verslun að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði - verið velkomin!
Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.
VATNSVIRKINN
Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Pyntingar fanga í sérstökum fangelsum og CIA-flugvélar

# Bandaríkin og fangaflug

Gagnrýni á hið svokallaða fangaflug leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, heldur stöðugt áfram víða í Evrópu. Hér kvaddi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sér hljóðs um það um helgina, og það sama hafa margir stjórnarandstæðingar í nágrannalöndunum gert. Í Þýskalandi hefur verið mikil umræða um málið fyrir og um helgina, einkum vegna þess að nýr utanríkisráðherra Þjóðverja, jafnaðarmaðurinn Frank-Walter Steinmeier er nú í Bandaríkjunum í sinni fyrstu utanlandsferð sem utanríkisráðherra.Hann ræðir þar við Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í aðalstöðvunum í New York, áður en hann fer til fundar við ráðamenn í Washington, en þar hittir hann utanríkisráðherra landsins og fulltrúa þjóðaröryggisráðsins. Steinmeier var varkár í viðtölum sínum við þýska fjölmiðla um málið áður en hann hélt vestur um haf, sagðist að vísu hafa vissar grunsemdir um málið eftir að hafa lesið um það í blöðum, en vildi ekkert fullyrða fyrr en hann hefði kynnt sér það. Þetta er dæmigert fyrir svör ráðherra um málið, og það á einnig við hér á landi.

Evrópuráðið hefur hafið sérstaka rannsókn vegna ítrekaðra frétta um fangaflutninga bandarísku leyniþjónustunnar CIA og sérstakra fangelsa á meginlandi Evrópu þar sem fangar eiga að hafa verið pyntaðir. Hér á landi hljóta stjórnvöld að láta kanna allar grunsamlegar ferðir flugvéla um íslenska lofthelgi, hvort sem vélarnar hafa lent hér eða aðeins flogið hér um. Við eigum aðild að Evrópuráðinu og hljótum að leggja okkar af mörkum til að upplýsa um þetta mál, sem hófst með fréttum í dagblaðinu Washington Post. Þá hljóta íslensk stjórnvöld að krefja Bandaríkjamenn beint svara um flug grunsamlegra flugvéla hingað, enda þótt djúpt geti verið á svörum þegar um starfsemi leyniþjónustunnar CIA er að ræða. Rannsókn Evrópuráðsins á ekki að ljúka fyrr en í lok febrúar á næsta ári og á meðan halda sögurnar um fangaflug og pyntingafangabúðir Bandaríkjamanna í Evrópu áfram. Þau tvö lönd sem sérstaklega hafa verið nefnd í þessum efnum eru Pólland og Rúmenía. Pólverjar segjast ekkert kannast við málið og fyrir Rúmena er mikilvægt að hreinsa sig af því vegna hugsanlegrar aðildar þeirra að Evrópusambandinu á allra næstu árum.

Þær fáu myndir sem sýndar hafa verið frá Guantánamo-fangabúðum Bandaríkjamanna á Kúbu setja að manni hroll, ekki síst þegar í hlut á ríki þar sem menn hefðu talið að einföldustu mannréttindi væru í heiðri höfð. Hvernig er hægt að halda mönnum föngnum við ömurlegar aðstæður svo mánuðum skiptir, án þess að þeir fái réttláta dómsmeðferð? Ef þeir eru taldir sekir um einhver afbrot á auðvitað að rétta í málum þeirra og láta þau lausa ef ekkert sannast á þá en að öðrum kosti að dæma þá og láta þá taka út réttláta hegningu, svo þeir geti orðið frjálsir á ný. Þetta er gangur mála í flestum lýðræðisríkjum sem við viljum hafa samskipti við. ■

*Hér á landi hljóta stjórnvöld að láta kanna allar grunsamlega ferðir flugvéla um íslenska lofthelgi, hvort sem vélarnar hafa lent hér, eða aðeins flogið hér um. Við eigum aðild að Evrópuráðinu og hljótum að leggja okkar af mörkum til að upplýsa um þetta mál.*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fálkaveiði**
Búnaðarblaðið *Freyr* geymir ekki aðeins efni sem varðar þröng áhugaefni bændastéttarinnar. Í nýjasta heftinu er að finna fróðlega grein eftir Auðun Arnórsson blaðamann um Íslandsleiðangur fálkafræðinga nasistaforingjans alræmda Hermanns Görings sumarið 1937, tveimur árum áður en heimsstyrjöldin braust út. Tilefnið er að í skjalasafni Bændasamtakanna í Reykjavík fannst nýlega fágæt skýrsla um þennan leiðangur. Rifjaðist þá upp að íslenskir fálkar voru í hávegum hafðir í Þýskalandi nasismans. Starfrækt var þar í landi sérstök „Hermann Göring-stofnun“ sem meðal annars rak opinbert fálkabú. Þjóðverjarnir sem komu til Íslands voru starfsmenn á búinu. Þegar þeir sneru heim höfðu þeir í förum sínum tólf fálka.



**Konungsgersemi**
Nasistar voru ekki einir um að hrífast af íslenska fálkanum. Fyrr á öldum þótti fálkinn konungsgersemi og var ábatasöm verslunarvara. Höfðu Íslendingar verulegar tekjur af fálkasölu. Sérstakt fálkahús var á Bessastöðum á 18. öld og síðar í Reykjavík. Fálkinn er stór og tignarlegur fugl og þykir snjall og vægðarlaus veiðifugl. Veiðar með tömdum fálka voru álitnar göfugastar allra veiða og þóttu engum sæma betur en konungum. Hermt er að í fransk-þýska stríðinu 1870-1871 hafi prússneski herinn notað íslenska fálka til að granda bréfdúfum frá París sem þá var umsetin.

**Arabískir furstar**
Auðunn rifjar upp að þegar fálkinn var tekinn upp í hið gamla skjaldarmerki Íslands árið 1903 hafi hann með lögum verið lýstur réttdræpur. Fullveldisárið 1918 hafi Alþingi hins vegar samþykkt að friða fuglinn og hefur svo verið með hléum fram til þessa. Hann rifjar einnig upp að á tímabili frá sjöunda til níunda áratugar 20. aldar hafa útlendingar, einkum Þjóðverjar, sóst eftir íslenskum fálkum og rænt bæði ungum og eggjum og smyglað úr landi. Segir hann að þessir fuglar hafi gjarnan endað í höndum arabískra fursta sem greitt hafi gífurhátt verð fyrir þá. Nokkrir fálkaræningjanna hafi að vísu náðst og hlotið refsidóma, en eflaust hafi mun fleiri sloppið.

gm@frettabladid.is

# Sælla er að gefa en að þiggja

Í DAG
AÐVENTAN



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Hvernig væri að draga aðeins úr okkar eigin neyslu og leggja frekar eitthvað af mörkum til þeirra sem minna mega sín?*

Aðventan er gengin í garð. Einstakur og sérstakur tími eftirværntingar og tilhlökkunar og biðin eftir jólunum er hafin. Að þessu sinni hefst aðventa óvenju snemma og verður ekki lengri þar sem aðfangadag ber upp á laugardag. Væri hann sunnudagur væri hann jafnframt fjórði og síðasti sunnudagur í aðventu. Nú ber svo við að aðventan hefst nær fimm vikum fyrir jól. Annað orð yfir þennan sama tíma er jólafasta. Það orð minnir okkur á þá fornu hefð að fasta fyrir jólin, hreinsa líkama og sál og undirbúa okkur fyrir fæðingu frelsarans sjálfs. Enn er aðventan mikilvæg í hugum okkar þótt lítið fari kannski fyrir hreinsunum hjá flestum. Þvert á móti hefur óhóf aðventunnar orðið æ meira og þrýstingur samfélagsins eykst ár frá ári.

Sjálf er ég af þeirri kynslóð að vilja njóta haustsins sem lengst, ekki síst á síðustu árum með mildara tíðarfari. Jólaundirbúning finnst mér alls ekki við hæfi að hefja fyrr en á aðventu, hvorki í sál né líkama. Þess vegna angrar mig mjög áreiti auglýsingamiðla, sem færist framar með hverju árinu. Til skamms tíma hélt Ríkisútvarpið þann ágæta sið að hefja ekki að leika jólalög fyrr en í desember en sá siður virðist aflagður eins og margir góðir. Að öllu jöfnu er þó hægt að leiða þetta áreiti hjá sér að mestu leyti og ég legg mig alla fram við það fram að mánaðamótum. Þó var ég með öllu varnarlaus þegar mjólkin var komin í jólabúninginn um miðjan nóvember og líkaði illa sú innrás í ísskáp heimilisins.

Það skal viðurkennt að ég hef ekki rætt þessa innrás jólaundirbúnings inn í nóvember og reyndar allt fram í október við marga og þaðan af síður gert vísindalega úttekt á afstöðu fólks en engin hef ég enn heyrt mæla þessu bót. Viðmælendur mínir, sem flestir teljast til vina og kunningja, eru heldur mæddir og vilja helst vera lausir við áreitið þar til aðventan gengur í garð. Þá er líka sjálfsagt að setja sig í nokkrar stellingar og undirbúa þessa stórhátíð ljóss og friðar.

Nú deila ekki allir trú þjóðkirkjunnar en jafnvel þeir sem eru annarar trúar eða jafnvel engrar trúar ættu að finna fagnaðarefni á þessum árstíma hér uppi undir og við heimskautsbaug þar sem vetrarmyrkrið ræður ríkjum drjúgan hluta ársins. Þann 21. desember eru nefnilega vetrarsólstöður og þar með stysti dagur ársins. Næsti dagur, 22. desember er hænufetinu lengri og svo lengjast hver af öðrum fram í sumarið. Allir Íslendingar, bornir eða aðfluttir, ættu að fagna þeim tímamótum, hver sem trú þeirra er.

Of margir þurfa þó að kvíða jólum. Þeim sem ekki geta tekið þátt í jólahaldi nútímans með óhófi á öllum sviðum; jafnt í mat og gjafaflóði sem fatakaupum og öðrum innkaupum af ýmsu tagi, finnst þeir settir hjá. Sumir eiga jafnvel ekki fjölskyldur til að njóta aðventunnar með e heldur jólanna. Þeir kvíða einveru og árlega heyrum við af fólki sem á í engin hús að venda. Sem betur fer hleypur gott fólk undir bagga með þeim sem minna mega sín. Þar á meðal má telja hjálparstarf kirkjunnar, mæðrastyrksnefnd og Hjálpræðisherinn. Þessir aðilar og fleiri sem starfa á svipuðum nótum byggjast upp á sjálfboðavinnu annars vegar og gjöfum almennings og fyrirtækja hins vegar. Sjálfboðaliðar á Íslandi eru ótrúlegur og merkilegur hópur fólks sem gefur tíma sinn til að öðrum megi líða betur og vera öruggari í samfélaginu.

Án þessara sjálfboðaliða væru margir enn verr settir en ella og þykir sjálfsagt mörgum nóg um samt. Hópur sjálfboðaliða gefur t.d. aðfangadagskvöld sitt á hverju ári til að byggja upp og halda jól fyrir heimilislausa og einmana samborgara sína hjá Hjálpræðishernum. Mæðrastyrksnefnd aðstoðar fátækar fjölskyldur allt árið en umsóknum fjölgar stórlega fyrir jólin.

Ef við, sem erum aflögufær, leggjum öll eitthvað af mörkum til þessarar sjálfboðaliðahreyfingar, undir hvaða merkjum sem hún starfar, byggjum við upp hinn sanna jólaanda. Jafnvel Skröggur, sá víðfrægi nirfill, áttaði sig á þessu í tíma. Það er nefnilega sælla að gefa en þiggja eins og þar stendur. Hvernig væri að draga aðeins úr okkar eigin neyslu og leggja frekar eitthvað af mörkum til þeirra sem minna mega sín? ■


# Aðalfundur hverfafélags í Breiðholti

Aðalfundur Hverfafélags Samfylkingarinnar í Breiðholti verður haldinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi miðvikudaginn 30. nóvember nk. og hefst kl. 20.

**Samfylkingarfélagar í Breiðholti eru hvattir til að mæta!**



**Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri, **Stefán Jón Hafstein** borgarfulltrúi og **Mörður Árnason** alþingismaður mæta á fundinn og hefja umræður um málefni Breiðholtinga, borgarstjórnina, Samfylkinguna og stöðuna í landspólitíkinni.

Sjá nánar á www.sffr.is

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Mest lesna viðskiptablaðið**




Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Kostar aðeins
**1.499,-**

# Til hamingju
## með frábæran árangur!

**Silfur**
heitir & kaldir réttir

Landslið matreiðslumanna tók þátt í bikarkeppni matreiðslumanna í Basel Swiss, þar sem 10 bestu þjóðir heims kepptu.

Íslenska liðið varð í öðru sæti bæði fyrir heita og kalda rétti sem er frábær árangur!

# Landsliðsréttir
## Hagkaupa komin í verslanir!

**238 spennandi uppskriftir frá landsliði matreiðslumeistara**



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Frumvarp um RÚV sem ég vil sjá

UMRÆÐAN
RÍKISÚTVARPIÐ



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

*Hvað er því til fyrirstöðu að stofnun sé breytt þannig að hún bregðist skjótt við samkeppni þó svo að hún sé ekki gerð að hlutafélagi?*

Senn leggur menntamálaráðherra fram nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið. Mikilvægi stofnunarinnar þarf að virða og tryggja að hún skuli hafa varanlegan sess sem menningarstofnun og almannaútvarp í eigu allra landsmanna.

**Það sem ég vil sjá...**

... er að frumvarpið sýni almennan skilning á sérstöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaðnum. Ríkisútvarpinu ber samkvæmt lögum að gæta óhlutdrægni, vernda skoðanafrelsi og halda uppi fjölbreyttum skoðunum. Ríkisútvarpið er eina útvarpsstöðin sem hefur þetta lögbundna hlutverk og því er brýnt að standa vörð um það.

...er að í frumvarpinu verði hnykkt á þeirri skyldu Ríkisútvarpsins að efla íslenska dagskrárgerð og Ríkisútvarpinu gert það kleift að framleiða miklu meira innlent efni en nú er gert. Meginhlutverk Ríkisútvarpsins á að vera metnaðarfull innlend dagskrárgerð og að standa vörð um tunguna og menninguna. Það er forsenda þess að við viljum hafa ríkisrekinn fjölmiðil og það er þjónusta sem íslenska þjóðin vill og á rétt á.

...er að í frumvarpinu verði lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem fælu í sér að komið væri á breiðari yfirstjórn, annars vegar til að renna styrkari stoðum undir rekstur Ríkisútvarpsins og hins vegar til að efla lýðræðislega stjórn þess til dæmis með beinni þátttöku starfsmanna, fulltrúa félagasamtaka og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn stofnunarinnar, en þeir ráði þó ekki í krafti meirihlutavalds sem endurspeglar ríkisstjórn, eins og nú er.

...er að Ríkisútvarpinu verði tryggðir traustir tekjustofnar til að geta rækt menningarlegt hlutverk sitt myndarlega. Helst vildi ég sjá að það yrði gert rausnarlega af fjárlögum. Stundum virðist líka sem allt snúist eingöngu um að hætt verði að innheimta afnotagjöld og að til þess að þau hverfi megi jafnvel selja Ríkisútvarpið. Þá vill gjarnan gleymast að í löndunum í kringum okkur er alls staðar rekið öflugt ríkisútvarp og þykir sjálfsagt og eðlilegt.

**Það sem ég vil ekki sjá...**

...er að breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Hvergi hafa heyrst gild rök fyrir því hvers vegna ætti að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Þó hefur heyrst að það yrði til að liðka fyrir rekstrinum ef RÚV yrði hlutafélag í eigu ríkisins því þá gæti stofnunin brugðist skjótt við samkeppni og verið skjót til ákvarðana. Ég spyr á móti: Hvað er því til fyrirstöðu að stofnun sé breytt þannig að hún bregðist skjótt við samkeppni þó svo að hún sé ekki gerð að hlutafélagi?

Í hlutafélagi felst hins vegar að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Það er óhætt að segja að fordæmin séu slæm ef um er að ræða hlutafélag í eigu ríkisins, því það er og hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að einkavæða þau.

Minnsta vísbending í þá átt er að mati okkar sem stöndum að Hollvinasamtökum RÚV beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggi landsmanna og ekki síst fyrir fjölmiðla landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira. Lýðræðisþróun í landinu er hætta búin ef frjálst Ríkisútvarp verður lagt af sem stofnun í eigu þjóðarinnar allrar.

...er að pólitískt ægivald ríki yfir Ríkisútvarpinu, yfirstjórn þess þarf að vera eins lýðræðisleg og kostur er til að það geti gegnt hlutverki sínu sem þjóðarútvarp.

...er að landsbyggðarútvarp Ríkisútvarpsins (Rás 2) verði lagt af, eða starfsemi þess dregin saman.

Umfram allt óska ég mér þess að nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið efli það og tryggi því þann sess að það verði áfram þjóðarútvarp í almannaeign og hornsteinn menningar og lýðræðis í landinu.


## Reykjavíkurflugvöllur er þekkingarþorp

Borgarstjórnarflokkur F - listans boðar til almenns fundar um framtíð Reykjavíkurflugvallar í Norræna húsinu í kvöld.

**Dagskrá:**

Framsögumenn



Ólafur F. Magnússon
borgarfulltrúi



Jón Karl Ólafsson
forstjóri Icelandair
Group og Icelandair



Benóný Ásgeirsson
Yfirflugstjóri

Allt áhugafólk um flugvöllinn er hvatt til að mæta á fjörugan fund um málefni sem brennur á borgarbúum.



Fundarstjóri Margrét Sverrisdóttir

Borgarstjórnarflokkur F - listans.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN



allt tíska

Alla fimmtudaga


# Hvar liggur hundurinn grafinn?

UMRÆÐAN
LAUNAJAFNRÉTTI



FANNÝ GUNNARSDÓTTIR

*Við vitum að störf sem unnin eru fyrst og fremst af körlum vega þyngra í samanburði en hefðbundin kvennastörf. Mælistikan er inngróin í samfélagið, konur jafnt sem karla.*

Lög sem kveða á um jafna stöðu karla og kvenna og þar með launajafnrétti kynjanna hafa verið í gildi hér á Íslandi í áraraðir en þrátt fyrir lögin búum við enn í dag við sannanlegan kynbundinn launamun. Ítrekaðar kannanir leiða í ljós tug prósenta mun á almennum atvinnutekjum kynjanna og óskýranlegur kynbundinn launamun reiknast á bilinu 7 til 18 prósent konum í óhag. Lögin um fæðingarorlof voru mikilvægt skref í þá átt að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði og til að jafna fjölskylduábyrgð foreldra. En því miður er hér enn viðvarandi óásættanlegur kynbundinn launamunur sem tvímælalaust er helsta baráttumál okkar í jafnréttismálum í dag.

Í lögunum er fjallað um að konur og karlar eigi að njóta sömu launa og almennra kjara. Jafn verðmæt og sambærileg störf skulu lögð að jöfnu - óháð kyni þess er störfin innir af hendi. Hugur og hönd karla og kvenna eiga að vera jafn verðmæt. Þegar störf eru metin til launa verður að tryggja að kynin sitji við sama borð og það má ekki gleymast að það er ekkert í lögunum sem bannar tímabundnar sértækar aðgerðir til að ná settum jöfnuði. Sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf - hver er ekki sammála þeim grundvallarmannréttindum? Þegar ég velti fyrir mér þessum sjálfsögðu kröfum vakna ýmsar áleitnar spurningar.

Hver og hvernig á að framfylgja núgildandi jafnréttislögum? Er tímabært að endurskoða þau, skýra og skerpa eða getum við náð fram markmiðum þeirra eftir nýjum leiðum?

- Hver er ábyrgð atvinnurekenda, stéttarfélaga og launþega sjálfra?

- Er lausnin sérstök starfsmatskerfi við launaákvarðanir?

- Þarf að afnema launaleynd; hamlar hún framgangi laganna um jöfn kjör kynjanna?

- Er löggjöfin á Íslandi í samræmi við sambærilega löggjöf í Evrópusambandinu?

- Liggur hundurinn grafinn hjá okkur konum?

- Kemur hér til mismundandi sjálfsímynd og gildismat kynjanna?

- Er lausnin að draga úr kynbundnum vinnumarkaði; og ef svo er hvaða leiðir eru þá færar?

- Er hægt að nýta kjarasamninga betur til þess að ná fram launajafnrétti?

- Er farið framhjá jafnréttislögum við gerð ráðningasamninga og í launasamtölum starfsmanna og vinnuveitenda?

- Er lausnin sú að hamra enn frekar á nauðsyn þess að fyrirtæki og stofnanir setji sér virkar jafnréttisáætlanir?

- Geta svörin við þessum spurningum fært okkur nær því sem liggur að baki launamun kynjanna og þar með fært okkur skrefinu nær settu marki?

Æ algengara er að starfsmenn á almennum vinnumarkaði semji beint við vinnuveitendur um kaup og kjör. Umsamdir launataxtar stéttarfélaga og viðsemjenda eru því í raun lágmarksviðmið. Í fyrrgreindum lögum um launajafnrétti er talað um sömu laun fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Vandinn er að verðleggja og bera saman ólík störf. Hvaða störf eru jafnverðmæt? Hér kemur til ráðandi gildismat í samfélaginu, hefðir og venjur. Við vitum að störf sem unnin eru fyrst og fremst af körlum vega þyngra í samanburði en hefðbundin kvennastörf. Mælistikan er inngróin í samfélagið, konur jafnt sem karla. Kona semur um lægri laun en karlkyns samstarfsmaður hennar sem vinnur sama eða sambærilegt starf og oftar en ekki er konan grandalaus um kjör samstarfsmannsins. Því má segja að það séu aðeins æðstu stjórnendur sem hafa raunverulega heildarmynd af launadreifingu í fyrirtækjum og stofnunum.

Það er athyglisvert að fylgjast með starfsmatskerfum sem notuð eru hér á landi. Mér finnst áhugavert og nauðsynlegt að kanna hvort dregið hafi úr kynbundnum launamun þar sem starfsmatskerfi eru notuð. En eitt af markmiðum með því að meta störf starfsmanna með eins hlutlausum hætti og starfsmatskerfin bjóða upp á var einmitt að draga úr kynbundnum launamun og framfylgja þar með lögum um launajafnrétti.

Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur og kynin lifa í tveimur ólíkum heimum og viðmiðin hvað varðar launakjör allt önnur. Það er mín tilfinning að konur beri sig almennt lítið sem ekkert saman við karlavinnustaði.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um „kvennastörf“ og „karlastörf“, störf sem snúa að menntun, uppeldi og ummönnun og störf þar sem verið er að sýsla með peninga og vélar. Því þarf að vinna markvisst að jafnréttisfræðslu og náms- og starfsfræðslu meðal ungs fólks. Einnig þarf að kynna ólík störf í samfélaginu á öllum skólastigum. Það þarf að vinna markvisst gegn fordómum, benda á fyrirmyndir og leggja fyrir nemendur áhugasviðskannanir.

Ekki má gleyma því hve konur hafa lítil völd og áhrif á íslenskum vinnumarkaði. Ég vil trúa því að ef fleiri konur sætu við stjórnvölinn í fyrirtækjum og stofnunum, sætu í áhrifamiklum nefndum og ráðum hefði það áhrif til launajöfnunar. Því er það forgangsmál að fjölga konum í ábyrgðarstörfum og koma þar með skoðunum þeirra og viðhorfum inn á stjórnarfundi og að þeim borðum þar sem ákvarðanir um mannaráðningar og kaup og kjör eru teknar.

Auðvitað hafa stjórnvöld ákveðna upplýsinga- og eftirlitsskyldu. Nú á að endurtaka könnun sem gerð var 1995 á launamyndun og kynbundnum launamun. Kannaðir verða eins og áður þættir sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla. Einnig á að kanna sérstaklega áhrif nýrra foreldraorlofslaga. Undirbúningsvinna er hafin og er Jafnréttisráð samstarfsaðili Félagsmálaráðuneytis í báðum þessum verkefnum. Félagsmálaráðherra hefur sett á laggirnar vinnuhóp sem á að forma grunn að „jafnréttisvottun“ fyrir fyrirtæki og stofnanir. Ég bind vonir við þessa hugmynd enda ætti það að vera keppikefli stjórnenda að fá slíka vottun.

Síðar í vetur hefur Jafnréttisráð áformað að kanna sérstaklega hve oft fólk skiptir um störf. Það er áhugavert að kanna hvað liggi að baki því að fólk færir sig á milli vinnustaða. Sérstaklega þarf að skoða hvort munur sé á milli kynja. Spila hér fyrst og fremst inn í betri kaup og kjör, starfsframi eða vinnutími? Með vorinu kemur Jafnréttisráð til með að kynna niðurstöður þessarar vinnu.

*Höfundur er formaður Jafnréttisráðs.*


FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.40 | 13.16 | 15.52 |
| Akureyri | 10.46 | 13.01 | 15.15 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

allt

**heilsa** o.fl.
**LITLA-HRAUN**
Þörf á meðferðarúrræðum
bls. 2



**KRAMARHÚS**
Hefðbundið jólaskraut
bls. 4





*Góðan dag!*
Í dag er þriðjudagur 29. nóvember, 333. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN






Afslöppun og rétt líkamsstaða eru meðal lykilatriðanna að góðum fiðluleik. Mynd: Teitur

# Rétt líkamsbeiting er lykilatriði

***Hjörleifur Valsson leikur á tónleikum til styrktar BUGL í Grafarvogskirkju í kvöld. Hann telur afslöppun og teygjur gagnast best í baráttunni við bakverkina.***

Bakverkir eru hvað algengastir þeirra kvilla sem herja á Íslendinga og á þessum árstíma kannski meira en nokkru sinni þegar við slæma líkamsstöðu bætist að kýta herðarnar gegn veðri og vindum. Hljóðfæraleikarar búa við ýmsa atvinnusjúkdóma af völdum bakverkja og Hjörleifur Valsson fiðluleikari kannast við slíkt.

„Maður er með handleggina uppi allan tímann og svo stend ég líka mjög mikið því ég spila meira einn en með hljómsveitum. Fiðluleikarar sem sitja eru ekki í eðlilegum stellingum svo þeir fá verki í bakið, hálsinn og herðarnir en við sem stöndum fáum líka verki í mjaðmirnar.“

En hvernig vinnur Hjörleifur bug á þessum stirðleika og álagi?

„Ég geri teygjur á hverjum morgni áður en ég byrja að æfa mig og ýmsar sveiflur líka. Ég lærði ákveðið kerfi þegar ég var í námi og geri kjarnann úr því. Ég hef ekki verið mikið í ræktinni, aðallega vegna þess að ég get ekki farið reglulega en ég fer í sund þegar ég get. Ég er mikið á hreyfingu í vinnunni og brenni þannig hitaeiningum.“

Hjörleifur telur rétta líkamsbeitingu vera lykilatriði í forvörnum gegn bakverkjum. „Kúnstin er að hreyfa sig afslappað til að fá ekki verki í líkamann, nokkuð sem ég hugsa að gæti gagnast þeim sem vinna við skrifborð líka.“

Hjörleifur þarf svo sannarlega að finna afslöppunina fyrir kvöldið í kvöld.

„Ég er að fara að spila á tónleikum í Grafarvogskirkju. Þar spila ég allar Árstíðirnar eftir Vivaldi með tólf manna strengjasveit og það er heilmikið álag. Svo endurtek ég leikinn á morgun.“ Tónleikarnir sem um ræðir eru til styrktar Barna-og unglingageðdeild Landspítalans og rennur allur aðgangseyrir óskiptur þangað. En af hverju eru málefni barna- og unglingageðdeildarinnar Hjörleifi hugleikin? „Ég á nána ættingja og og vini og meira að segja nemendur sem hafa þurft að leita á náðir BUGL og mér finnst BUGL hafa orðið aðeins útundan í heilsuflórunni okkar hér. Geðrænir sjúkdómar hafa af einhverjum ástæðum verið vandræðalegri en aðrir sjúkdómar og mér þykir mjög vænt um að þögninni sem hefur umlukið þá er smám saman að létta af þeim.“

Og Hjörleifur leggur sitt af mörkum til að létta þögninni af með því að leika Árstíðirnar í kvöld, vel teygður og fullkomlega afslappaður og einbeittur.

## LIGGUR Í LOFTINU
**[ HEILSA - JÓL ]**

**Lýðheilsustöð og** Slysavarnarfélagið Landsbjörg standa fyrir átaki til að sporna við slysum sem verða þegar börn falla úr innkaupakerrum. Á Íslandi slasast um það bil hundrað börn á hverju ári við það að falla úr innkaupakerrum. Veggspjöld með skilaboðum til foreldra hanga nú uppi í verslunum og þar er einnig hægt að nálgast upplýsingabækling um hvernig koma má í veg fyrir þessi slys.



**Pakkajól Bylgjunnar** og Kringlunnar hófust á sunnudaginn þegar kveikt var á jólatrénu í Kringlunni. Allir eru hvattir til þess að kaupa að minnsta kosti eina auka jólagjöf og setja undir tréð. Við jólatréð er aðstaða til þess að pakka inn gjöfunum sem eiga að fara undir það og merkimiðar sem merktir eru stelpu eða strák. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálp Íslands sjá um að koma pökkunum til þeirra sem þurfa aðstoð fyrir jólin.

**Gjafakort til** jólagjafa er hægt að kaupa bæði í Kringlunni og Smáralind. Gjafakortin eru tilvalin fyrir þá sem vita ekki nákvæmlega hvað þeir eiga að kaupa handa sínum nánustu.

Jól.is er skemmtileg heimasíða sem sniðugt er að skoða fyrir jólin. Á síðunni má finna uppskriftir, leiki, jólasálma, sögur, hugleiðingar og margt fleira.

## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



**Vatn**
er alltaf nauðsynlegt fyrir líkamann. Hvort sem fólk telur sig finna fyrir þorsta eða ekki skiptir miklu máli að drekka nógu mikið vatn.

# Þörf á meðferðardeild á Litla-Hrauni

*Ragnar Gunnarsson læknir við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi segir heppni að enginn fangi hafi látið lífið í fíkniefnafráhvörfum. Samráðsnefnd um málefni fanga hélt fund fyrr í mánuðinum um áfengis- og vímuefnameðferð í fangelsum. Ragnar, sem þar hélt erindi, er þeirrar skoðunar að þörf sé á meðferðardeild á Litla-Hrauni enda stríði meirihluti fanga við fíkniefnaneyslu.*



Bein tengsl eru á milli þess að fangar fái vímuefnameðferð og framtíðarmöguleika þeirra eftir afplánun.

Á fundi samráðsnefndarinnar fjallaði Ragnar Gunnarsson, sérfræðingur í heimilislækningum á Selfossi, sem vinnur að hluta á Litla-Hrauni, um heilbrigðisþjónustu fanga í vímuefnavanda. Í samráðsnefndinni koma saman meðferðaraðilar úr ólíkum áttum sem hafa það að markmiði að bæta aðstæður fanga bæði meðan á afplánun stendur og eftir að henni lýkur.

Einnig flutti ástralski prófessorinn Michael Levy, forstjóri Centre for Health Research in Criminal Justice, erindi um nauðsyn skilvirkrar vímuefnameðferðar í fangelsum. Michael hefur mikla reynslu af meðhöndlun fanga og á fundinum ræddi hann um mikilvægi þess að að fíklar fengju alhliða meðferð og meðhöndlun þegar þeir hæfu fangelsisvist.

Ragnar Gunnarsson fangelsislæknir er ánægður með margt sem kom fram í fyrirlestri Michael Levy. „Það þarf að veita föngum öfluga meðferð,“ segir Ragnar. „Mikill meirihluti fanga á Litla-Hrauni stríðir við einhvers konar fíkniefnaneyslu. Levy ræddi um að í mörgum áströlskum fangelsum séu sérstakar meðferðardeildir og segir hann reynsluna af þeim mjög góða. Og í raun er þörf á slíkri deild á Litla-Hrauni,“ segir Ragnar.

Finnst þér vera skortur á að fangar fái nauðsynlega meðferðarþjónustu? „Í sjálfu sér hefur þetta gengið ótrúlega vel hjá okkur,“ svarar Ragnar. „En í sumum tilfellum má jafnvel tala um heppni. Í raun er það heppni að enginn hafi dáið í fráhvörfum vegna þess að fráhvarf eftir mikla eiturlyfjaneyslu, t.d. örvandi lyfja eða ópóíða, getur verið lífshættulegt ástand og heilbrigðisstarfsmenn eru ekki allan sólarhringinn til staðar. Meira öryggi er fólgið í því að hafa meðferðardeild á staðnum.“

Ragnar segir að þegar einstaklingur sem er í mikilli neyslu eiturlyfja kemur af götunni inn í afplánun eða í gæsluvarðhald þurfi hann að fá skynsamlega fráhvarfsmeðferð. „Við hjálpum föngum eftir bestu getu en meira öryggi væri fólgið í því að hafa hjúkrunarfræðinga á kvöld- og næturvöktum, sem gætu leitað til læknis ef þörf væri á. Þar með væri heilbrigðisstarfsmaður til staðar allan sólarhringinn. Einnig væri með því móti unnt að fylgjast betur með föngum sem eru metnir í sjálfsvígshættu en þá einstaklinga þarf reyndar stundum að leggja inn á geðdeild“, segir Ragnar. „Hugmyndir eru að mótast um að stækka húsnæði á Litla-Hrauni og þar hefur Fangelsismálastofnun velt fyrir sér möguleika meðferðardeildar.“

Ragnar segir margar hugmyndir vera í vinnslu sem miða að því að bæta meðferðarþjónustu við fanga. „Við leggjum áherslu á að afeitra einstaklinga, að fíklarnir hætti neyslu, og að þeir fái bæði lyfja- og samtalsmeðferð,“ segir Ragnar. „Lyfjagjöf á Litla-Hrauni hefur breyst töluvert síðastliðin ár og ávanabindandi lyf hafa minnkað verulega en í sumum tilfellum verðum við að veita aðra lyfjameðferð. Margir eiga við þunglyndi að stríða eða önnur geðræn einkenni. Við þurfum að nota ákveðin lyf en kjarni málsins er að þau lyf eru langflest ekki ávanabindandi.“

Á fundi Samráðsnefndarinnar vakti mikla athygli að heilbrigðisteymi, það er læknar, hjúkrunarfræðingar og sálfræðingar, þurfa að samþykkja notkun ávanamyndandi lyfja. Sú stefnubreyting hefur gefið góða raun og jafnvel tala sumir fangar um jákvæð áhrif þessara lyfjabreytinga. Það tók mikið á meðan við vorum að breyta þessu. Fangarnir voru margir reiðir og ósáttir en nú hafa margir þeirra skilning á þessu.“

Ragnar segir að helsta vandamálið í baráttu fyrir áhrifaríkri vímuefnameðferð í fangelsum vera smygl á lyfjum og eiturlyfjum inn í fangelsið. „Mér finnst vitund um það hvað fangar eru í raun illa staddir hafa aukist. Enginn vafi leikur á því að öflug vímuefnameðferð fyrir fanga hefur jákvæð áhrif á betrun þeirra.“

johannas@frettabladid.is

B-stress
Góð undirstaða fyrir jólaösina.
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

bailine
NÝTT á Íslandi
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

TILBOÐ – YNDISLEG HÚÐ
EF KEYPTAR ERU TVÆR VÖRUR ÚR HÚÐLÍNU LUSH FYLGIR FRÍTT FÓTAKREM MEÐ.
HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA.
LUSH
LUSH KRINGLUNNI 8-12 S 5532002
LUSH LAUGAVEGI 11 S 5522030

Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá
Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
IMEDEEN
www.imedeen.com

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Listmeðferð fyrir börn með ofvirkni eða athyglisbrest hefur reynst vel til að nálgast tilfinningalíf barnanna.

# Ofvirk börn læra af list

VÍMULAUS ÆSKA OG FORELDRAHÚSIÐ BJÓÐA UPP Á LISTMEÐFERÐARNÁMSKEIÐ Í FÉLAGSFÆRNI OG FRÆÐSLU FYRIR BÖRN MEÐ OFVIRKNI OG ATHYGLISBREST ÁSAMT FORELDRAFRÆÐSLUHÓPI.

Námskeiðið stendur yfir í átta vikur og að sögn Vímulausrar æsku eru námskeiðin bæði vinsæl og gagnleg. Börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar með litum, leir og í öðru listformi og veitir slík myndræn nálgun aðgang að tilfinningalífi barnsins sem getur verið erfitt að ná fram með töluðu máli. Myndsköpunarferlið og sambandið við listmeðferðarfræðinginn getur hjálpað barninu að tjá ýmsar tilfinningar og hugsanir sem það gat ekki áður komið orðum að og þannig öðlast barnið nýjan skilning á sjálfum sér. Þessar aðstæður geta örvað sköpunargáfu barnsins, sjálfstraust og virðingu fyrir eigin hæfileikum og getu.

## heimilisofbeldi }



# Viðbrögð barna

ÞEKKING BARNA Á OFBELDI Á HEIMILUM ER VIÐFANGSEFNI RANNSÓKNAR SEM NÚ STENDUR YFIR.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig börn skilja og skynja ofbeldi á heimilum, hver áhrif þess eru á börnin og hvert álit þeirra er á vænlegum viðbrögðum við ofbeldi.
Rannsóknin á sér fyrirmynd í breskri rannsókn sem gerð var um sama mál. Breska rannsóknin leiddi í ljós að yfirgnæfandi meirihluti barna á öllum aldri hefur brugðist við ofbeldi innan heimilisins með einhverju móti. Sum börnin hringdu í lögreglu, önnur í aðstandendur. Mörg barnanna þurftu að hafa óbein afskipti af ofbeldinu með því að forða systkinum undan því eða með því að sýna meðvirkni með þeim tilfinningalegu áhrifum sem heimilisofbeldi hefur í för með sér. Áhrif ofbeldis geta haft alvarleg og langvinn áhrif á börn og haft er eftir forsvarsmönnum rannsóknarinnar af netmiðlum að mikilvægt sé að líta á börn sem sjálfstæða og trúverðuga einstaklinga.
Rannsóknin verður þrískipt. Lagður verður spurningalisti fyrir 1.400 grunnskólabörn. Rætt verður við börn sem hafa búið við ofbeldi en gera það ekki lengur ásamt því að rætt verður við aðstandendur barnanna og þá sem hafa komið þeim til hjálpar. Einnig ætla rannsakendur að athuga umfjöllun fjölmiðla um heimilisofbeldi og hvort athygli sé vakin á stöðu barna í slíkum málum. Samhliða rannsókninni fer fram fræðsla um ofbeldi áður en spurningalistarnir eru lagðir fyrir grunnskólabörnin. Rannsóknin mun standa fram til ársins 2008.



Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra tók formlega í notkun starfsstöð fyrir fólk með geðraskanir.

# Starfsstöð fyrir fólk með geðraskanir

*Ný starfstöð fyrir fólk með geðraskanir hefur verið tekin í notkun. Þjónusta stöðvarinnar mun byggja á samstarfi þeirra sem sækja og veita þjónustuna.*

Nýja starfsstöðin verður staðsett í Bolholti og var hún formlega tekin í notkun í síðustu viku. Þjónustan í Bolholtinu mun byggjast á samstarfi fagfólks, sjúklinga og aðstandenda. Miðað er við að nýta reynslu og þekkingu þeirra sem veita þjónustuna, þeirra sem sækja sér hana og aðstandenda þeirra til að geta veitt sem besta þjónustu.
Þriggja manna teymi mun starfa að eftirfylgd geðsjúkra innan heilsugæslunnar og þróa áfram þá nálgun sem nýtt hefur verið. Áfram verður unnið í samvinnu við aðila sem við á bæði innan heilsugæslunnar og utan, í samvinnu við geðlækna, félagsþjónustuna og aðra aðila utan stofnana sem sinna geðsjúkum. ■



Smáskammtalækningar felast meðal annars í inntöku ýmissa dropa.

# Smáskammta-lækningar virka

*Ný rannsókn bendir til þess að sjötíu prósent sjúklinga finni til bata af smáskammtalækningum.*

Rannsóknin var gerð við Hómópatasjúkrahúsið í Bristol á Englandi og náði til 6.500 sjúklinga á sex ára tímabili. Sjúklingarnir þjáðust af ýmsum sjúkdómum eins og exemi, tíðahvörfum og gigt. Börn virtust taka best við sér af hómópatameðferð en 89 prósent astmasjúklinga yngri en sextán ára sýndu einhver batamerki eftir meðferðina. Flestir sjúklinganna höfðu reynt hefðbundnar lækningaaðferðir áður og í mörgum tilfellum höfðu heimilislæknar þeirra vísað þeim á óhefðbundna lækningarnar. Hómópata- eða smáskammtalækningar ganga út á að lækna sjúkdóma með því að meðhöndla líkt með líku og nota smáa skammta af þeim efnum sem líkaminn er ofurnæmur fyrir til að byggja upp ónæmi. Mikill styr hefur staðið í Bretlandi sem og annars staðar um gildi hómópatalækninga og nýlega birtist rannsókn þar í landi þar sem færð voru rök fyrir því að þær gerðu lítið meira gagn en gervilyf, sem virka aðeins vegna þess að sjúklingum er sagt að þau virki. ■


Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum
100 ára hefð og ekkert nema hollusta





Þú borðar þær með uppáhalds álegginu, kannski ylvolgar úr ofninum, ristaðar, með hvítlauksolíu, stundum eins og pizzur ... eða eins og Strandamenn, glænýjar með íslensku smjöri.

Fáðu þér Speltköku og Kartöfluköku í næstu matvöruverslun.
Hollara brauð finnst varla.

HREYFILAND
HREYFILAND er 2 ára
Komdu á 10 vikna námskeið hjá okkur og borgaðu fyrir 8 vikur (2 fríar vikur)
Taktu okkar frábæra tilboði 10 vikur fyrir 8!!
Við bjóðum upp á sérstök námskeið:
Bumbufimi – Mæðrafimi (mömmur og börn frá 6 vikna - 18 mánaða) – Snillingafimi (börn frá 3 mán - 11 mán)
– Hreyfifimi (börn frá 1-2 ára) – GÞ-fimi (börn frá 3-5 ára)
– Dansleikfimi (konur 20+) Gjafakort fyrir jólin frá 5000 kr
NÝ NÁMSKEIÐ ERU AÐ HEFJAST
HREYFILAND er fjölskyldu- og barnvæn líkamsræktarstöð síðan 2003
sími: 577 2555 og 899 7255 | 110 Reykjavík | Stangarhyl 7
www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is





Fyrir liðamót!
Ótrúlegt kynningartilboð á Glucosamine & Chondroitin frá Dr. A-Z.
Eitt glas með 90 hylkjum á aðeins kr. 1.195.
Frábær vítamín með GMP gæði á einstöku verði.
* 3 hylki = 1500mg glucosamine/750mg chondroitin.
Útsölustaðir Dr. A-Z vítamína:
Heilsubúðin Njálsgötu 1
og Maður lifandi Hæðasmára 6.






AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**Skór** til að setja í gluggann geta verið af öllum stærðum og gerðum. Það getur til dæmis verið mjög gaman að föndra jólaskó með börnunum.

















Skólavörubúðin selur filtefni til kramarhúsgerðar, sem nota má sem borðskraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hægt er að snúa kramahúsum við og búa til fígúrur úr þeim, eins og þennan útsaumaða engil, en efnið í hann fæst í Skólavörubúðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Kramarhús af öllum stærðum og gerðum

***Þegar jólaskraut fór fyrst að ryðja sér til rúms á Íslandi skipuðu kramarhúsin mikilvægan sess, enda einföld, falleg og hagnýt á margan hátt.***

Sumir setja til dæmis rúsínur og hnetur í kramarhúsin og hengja þau á jólatréð svo börn og fullorðnir geti nælt sér í hollt góðgæti um jólin. Aðrir þræða mörg lítil kramarhús á band og hengja á vegg, festa lítil kramarhús í óróa og hengja í glugga, eða búa til stór kramarhús og hengja sem skraut víða um hús. Jafnframt er hægt að festa þau á arinhilluna eins og tíðkast víða erlendis með jólasokkana.

Jafnframt hefur það spurst út að sumir jólasveinar fylla kramarhús af einhverju nammigotti og stinga ofan í skó í gluggakistum, og nokkur börn hafa tekið upp á því að setja kramarhús í gluggann sinn í staðinn fyrir skóinn.

Jólahúsið á Skólavörðustíg selur afar falleg tilbúin kramarhús í ýmsum stærðum, bæði úr pappamassa og plasti, ámáluð og glitrandi. Þar er einnig hægt að kaupa kramarhús úr þæfðri ull frá Kirsuberjatrénu.

Í Skólavörubúðinni á Smiðjuvegi í Kópavogi er hægt að kaupa filtefni, perlur og palíettur í kramarhús og glasamottur, sem gaman er að sauma með börnunum, auk ýmissa annarra efna til kramarhússgerðar.

Verslunin Litir og föndur á Skólavörðustíg selur efni í kramarhús af ýmsum gerðum og efnum eins og plasti, hertum pappa og lampaskermsefnum. Svo þarf að skreyta kramarhúsin og má þá til dæmis líma servíettur á þau eða mála þau í fallegum litum og líma palíettur á þau.

„Einnig er hægt að klippa pappírsblúndur sem ætlaðar eru undir kökur í tvennt, festa hvorn hluta saman fyrir sig, þræða fallegan satínborða í blúnduna og jafnvel líma gamaldags glansmynd á. Þá er maður kominn með tvö falleg, gamaldags og rómantísk kramarhús,“ segir Guðfinna Hjálmarsdóttir, eigandi Lita og föndurs.



Jólahúsið selur tilbúin kramarhús. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Litir og föndur selja ýmiss konar efni í kramarhúsin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta skemmtilega kramarhús fæst tilbúið í Jólahúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Hægt er að kaupa efni til kramarhúsgerðar í Skólavörubúðinni í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Minna á veturinn á Grímsstöðum

***Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður býr á hverju ári til jólakúlu úr postulíni sem er einstakur íslenskur safngripur.***

„Jólakúlurnar eiga að minna á íslenskan vetur eða að minnsta kosti norrænan vetur, kulda, snjó og hjarn,“ segir Ólöf Erla og getur þess að norðurljósin einkenni kúluna í ár. Hún setti þá fyrstu á markað fyrir jólin 2003 þannig að þetta er sú þriðja í röðinni. Munstrin breytast milli ára en formið og litirnir eru svipaðir og hún kveðst tefla saman óglerjuðu postulíni og hins vegar glerjuðu með litbrigðum í. „Fyrsta kúlan var eins og snjókorn, önnur meira eins og skafrenningur en núna er meiri stilla og rómantískari stemning þar sem norðurljósin njóta sín. Það er þannig hreyfing í mynstrinu,“ lýsir hún. Hún segir kúlunum frá 2003 og 2004 hafa verið afar vel tekið og getur þess að þær fáist í versluninni Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4, Epal, Jólahúsinu á Skólavörðustíg og Villeroy og Boch í Kringlunni.

„Upphaflega stemningin er frá Grímsstöðum á Fjöllum þar sem ég bjó í mörg ár. Þar er veturinn svo margbreytilegur og þó að umhverfið virðist hvítt við fyrstu sýn þá eru litbrigðin og áferðin óþrjótandi brunnur að sækja í,“ segir listakonan að lokum.



Ólöf Erla með jólakúlurnar þrjár sem komnar eru, þá nýju í hægri hendi.

# Starfar í anda jólanna

***Jólasveinaþjónusta Skyrgáms afhenti Hjálparstarfi kirkjunnar nýlega fjárframlag til hjálpar munaðarlausum börnum í Úganda.***

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms hefur starfað í sjö ár og heimsótt hundruð leikskóla, fyrirtækja og einstaklinga fyrir jólin með boðskap og gamanmál. Jólasveinaþjónustan leggur áherslu á að starfa í anda jólanna. Til að sýna viljann í verki hefur hún látið tuttugu prósent af veltunni hver jól renna til Hjálparstarfs kirkjunnar. Þannig hafa safnast rúmlega 1,7 milljónir til brýnna verkefna meðal barna í fátækum löndum. Framlagið sem jólasveinaþjónustan lét nú af hendi rakna nam á fimmta hundrað þúsunda. Það rennur til barna í Úganda sem búa ein vegna þess að báðir foreldrar þeirra hafa látist úr alnæmi. Hjálpin felst í reglulegri ráðgjöf og efnislegri aðstoð.

En þeir sem vilja njóta góðrar skemmtunar með Grýlu og jólasveinunum í desember fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu sveinanna www.skyrgamur.is eða í síma 694 7474 hjá umboðsmanni þeirra.



Glaðbeittir fulltrúar Hjálparstarfs kirkjunnar og jólasveinaþjónustu Skyrgáms.

## smákökur }



### Finnskir pinnar

Jólabaksturinn framundan hjá flestum. Hér kemur uppskrift að jólasmákökum ættuðum frá Finnlandi.

**50 g möndlur**
**4 1/2 dl hveiti**
**1 dl sykur**
**200 g smjör**

**Til skrauts**
**1/2 eggjahvíta**
**Perlusykur**
**Hakkaðar möndlur**

Hveiti og sykri er blandað saman og smjörið hnoðað saman við. Deigið hnoðað vel og rúllað í fingurþykkar lengjur. Þær eru skornar niður í um fimm sentimetra lengjur sem velt er upp úr létthrærðri eggjahvítu og þar á eftir blöndu af perlusykri og hökkuðum möndlum.










## Viðgerðir

**Pústþjónustan Ás**
Pústkerfi í flestar gerðir bíla
sérsmíði & viðgerðir.
2 1/2" & 3" púst í jeppa og sendibíla
Einnig rafgeyma í úrvali frí ísetning
Fljót & góð þjónusta.
S. 562 89966, Nóatún 2

# KEYPT & SELT

## Til sölu

STIGAR & HANDRIÐ
www.atlantskaup.is



Plasthúðað galvaneshúðað vírnetspanetspanel. 200cm hæð: verð 1,388 p/meter. Upplýsingar í síma 533 3700 Atlantskaup efh.



Til sölu 12 volta, 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði, með eða án rafgeymis og hleðslutækis. Smásala. Vélaverkstæði JS. Dalveg 26, Kópavogi. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.




**Drifskaftaefni**
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.




**Vinsælu landbúnaðarleikföngin !**
Landbúnaðarsett með vélum og bústofni á búgarðinn, erum einnig með stakar dráttarvélar og önnur landbúnaðartæki. Vélaborg, Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi) sími 414 8600 og Draupnisgötu 1 Akureyri sími 464 8600Vélaborg, Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi) s. 414 8600 og Draupnisgötu 1, Akureyri s. 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is



**Stubbastrumpar.**
Góð lausn fyrir alla vinnustaði. Snyrtilegir og auðveldir í notkunn. Uppl. í s. 847 7995 & 699 2698.

**Minkapelsar**
Til sölu minkapelsar, síður og stuttur, blárefapels, skinnkragar, ullarkápur og jakkar t.d. í yfirstærðum og fl. Verð frá 5000.-
**KS. Diana s. 551 8481.**




Felliveggir - Öryggishlið - Sólhýsahurðir, Addco Ehf. S. 586 9010, addco@addco.is Auðbrekku 2 200 Kóp.

Ertu í vandræðum með að slípa? Professional slípunargræjur til sölu fyrir veggi og loft í nýbyggingar o.fl. Uppl. í s. 844 8826.

## Óskast keypt

Kaupum gamlar vínylplötur, gott verð, góð tilboð. Uppl. í s. 698 8629.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

**36" Sony**
KV- 36 FS70 sjónvarp. Mynd í mynd, Dolby Pro Logic og fl. Borð fylgir. Uppl. í s. 864 4612.

## Tölvur




Kynntu þér sjónvarp yfir
ADSL hjá Hringiðunni.
Sími 525 2400.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Til bygginga

**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

## Vélar og verkfæri




Sagarblöð og fræsitennur í úrvali gæði og gott verð Ásborg slf Smiðjuvegi 11 sími 5641212

Til sölu Edwards Truefold 600 puttabeyjuvél og lítið notuð Ridgid HC-2W kjarnaborvél með standi. Uppl. í s. 696 3535.

## Verslun




## Fyrirtæki



**Skrifborð og skjalaskápar til sölu.**
Til sölu skrifborð að gerðinni Flétta og Flétta 2000. Einnig eru til sölu skjalaskápar. Talsvert magn til.
**Upplýsingar gefur Ragnar Pálsson í síma 458 8355, virka daga milli kl. 8.30 - 16.30**

# ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir



Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.

## Hreingerningar

**Tökum þrifin í gegn!**
Tökum að okkur að þrífa og djúphreinsa stigaganga fyrir sameignir og fyrirtæki ásamt öðrum verkum. Hreinar Línur s. 844 6547.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Ræstingar

**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur, teppahreinsun, bónvinna. og fl. Húsfélagaþjónustan ehf s: 863 8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-Reiknishald og Ráðgjöf. S. 866 1605.

## Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

**Í fjármálum, alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.**
Skattskil og bókhaldsþjónusta
Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lánadrottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna.
**SÍMI 517 1030 OG 822 9670**
**Kaflaskipti ehf. - Skipholti 5 - Sími 517 1030 og 822 9670**
**kaflaskipti@rsg.is**

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum eftir áramót. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.




## Húsaviðhald







## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Hárspangirnar fást í Skarthúsinu Laugavegi

Munið fundinn í kvöld í Áskirkju kl 20:30
Hugleiðingu flytur séra Jóna Hrönn Bolladóttir
**Höndin**

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun?
Ef ekki, láttu okkur vita í síma 550-5000.
**Fréttablaðið.**

Hamborgarabúllan allir kátir
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Glerlist.is
**Gler_í_gegn**

Góðan daginn.
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakar buxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Samtíminn með trú, brosi og einlægni.
Þankagangur Jóns Gnarr.
**Skálholtsútgáfan.**

Hefur þú heppnina með þér fyrir jólin?
Jólahappaþrennan er komin á sölustaði.

Almenn ökuréttindi.
**ekill.is**

Réttur dagsins hamborgarar
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Carters ungbarnafatnaður.
**Móðurást Hamraborg.**

Nýjar vörur- Belladonna.

Jóltilboð! 25% afsláttur.
**Róbert bangsi.**

Peysur
**Herrafataverslun Birgis.**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín.
**Áman.**

Hlýjar! Húfur sem hlæja, Laugavegi 70.

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Dagljósarlampar með stækkunargleri.
**Skólavörubúðin.is**

Stakir jakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Skoðaðu lífið með Þankagangi Jóns Gnarr.
**Skálholtsútgáfan.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Hamborgarabúllan ástakveðjur
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Tilbúnar jólaföndurpakkningar og nýjar föndurbækur.
**Skólavörubúðin.is**

Allt fyrir mömmuna og litla krílið.
**Móðurást Hamraborg.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Hamborgarabúllan áfram Ísland
**Hamborgarbúllan_Tómasar**

Allt til víngerðar.
**Áman.**

Leikur lánið við þig fyrir jól?
Prófaðu jólahappaþrennuna á næsta sölustað.

Fjölbreytt úrval.
**Gler_í_gegn.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**ÞINN MARKHÓPUR?**
**70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.**
**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**

Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 661 7768.

Seglagerðin Ægir leitar að starfsmanni á saumaverkstæði, hjá okkur er góður starfsandi og næg verkefni framundan. Áhugasamir hafið samband við Gísla S. 511 2200.

WWW.TEKJULIND.COM
WWW.TEKJULIND.COM
WWW.TEKJULIND.COM
WWW.TEKJULIND.COM

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verkamann til jarðvinnuframkvæmda. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 892 0989.

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk í ræstingar á daginn 50-100% vinna. Uppl. s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir starfsfóli í sal í kvöld og helgarvinnu, reynsla æskileg. Upplýsingar gefur Kristín í síma 898 6481 eða á staðnum milli kl. 14 & 16.30.

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

20 ára drengur að austan óskar eftir vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Ýmsu vanur og allt kemur til greina. Axel s. 868 0917.

Söluturn á Grensásvegi óskar eftir starfskrafti, 18 ára eða eldri. Kvöld og helgarvinna. Uppl. í síma 846 1797.

Söluturn í Breiðholti óskar eftir starfskrafti, 18 ára eða eldri. Kvöld og helgarvinna. Uppl. í síma 846 1797.

Kona óskast í ca. 50% starf við heimilishjálp. Starfið felst í heimilisaðstoð, sendiferðum og félagsskap. Viðkomandi er 74 ára og býr í eigin íbúð. Bílpróf skilyrði og góð laun í boði. Nánari upplýsingar veitir Guðný í s. 893 9333 og Jóhann í s. 898 3876.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
2 Diska DVD kr 3.990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

**Viltu vera memm?**
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

## FASTEIGNIR

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
www.eignastyring.is
**Síðumúla 27** 108 Reykjavík
sími 534 4040, fax 534 4044
Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verbréfamiðlari

### OPIÐ HÚS Í DAG KL. 19–21
### HRÍSRIMI 5, REYKJAVÍK

Frum



Mjög góð 101 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 29 fm. stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er mjög vel skipulögð og skiptist í flísalagða forstofu, dúklagt hjónaherbergi, dúklagt barnaherbergi, parketlagða stofu og borðstofu, flísalagt eldhús með vandaðri innréttingu, flísalagt baðherbergi með baðkari og innréttingu. Þvottaherbergi í íbúðinni. Mjög góð staðsetning nærri skóla og allri þjónustu.

*Verð kr. 20.900.000 Georg tekur á móti ykkur í kvöld milli kl. 19 og 21*

Sími 534 4040

## TILKYNNINGAR

# UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

**Bakkavegur 9, Þórshöfn,** þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, þriðjudaginn 6. desember 2005 kl. 14:00.

Eignahluti gerðaþola á **Grímsstöðum 2, Skútustaðahreppi,** þingl. eig. Kjartan Þ Sigurðsson, gerðarbeiðendur Áburðarverksmiðjan hf og Íslandsbanki hf, mánudaginn 5. desember 2005 kl. 11:00.

**Sæblik, Raufarhöfn,** þingl. eig. Loðpels ehf, gerðarbeiðandi Raufarhafnarhreppur, þriðjudaginn 6. desember 2005 kl. 11:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík,**
**28. nóvember 2005**

## TILKYNNINGAR

# Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA
0111-26-504700

## ATVINNA

# ONIX

**óskum eftir að ráða hársnyrti sem fyrst. Nánari upplýsingar gefur Þurí í síma 898-6546.**

**Förðun / Stílisti / Litgreinir sem er að útskrifast.**
**Óska eftir atvinnu strax.**
Býð upp á:
Ráðgjöf í verslunum - Einstaklings - Hópa - Fyrirtæki
Get tekið að mér förðunarkynningar.
**Uppl. í síma: 864-1717**

allt atvinna
Alla sunnudaga

**BM Vallá ehf. auglýsir eftir**
## verkstjóra í steypustöð
**fyrirtækisins í Reykjavík sem er ein stærsta og afkastamesta steypustöð landsins.**

**Við erum að leita að einstaklingi**
– iðnlærðum, með reynslu úr byggingariðnaði og af meðhöndlun steypu
– sem getur unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi
– sem getur unnið undir álagi
– sem hefur góða framkomu, á auðvelt með samskipti og samstarf við aðra, bæði viðskiptavini og samstarfs fólk
– sem er duglegur og vinnusamur
– með tölvuþekkingu

Um er að ræða lifandi og krefjandi framtíðarstarf með góða tekjumöguleika. Starfið felst m.a. í samskiptum við viðskiptavini fyrirtækisins, skipulagningu á útkeyrslu og afhendingu steypu. Mikil áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð og árangur í starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og sé eldri en 35 ára.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason í síma 860 5010.

Vinsamlegast sendið umsóknir á *sigurdur@bmvalla.is* en þar þarf að koma fram upplýsingar um menntun, fyrri störf, aldur og annað sem viðkomandi vill taka fram.

BM·VALLÁ
Bíldshöfða 7



## ATVINNA

# Tæknifræðingur – verkfræðingur

Umhverfis- og tæknisvið óskar að ráða tæknifræðing eða verkfræðing á umhverfis- og hönnunardeildar.

**Verksvið starfsmanns verður m.a.**
• Umsjón og eftirlit með opnum svæðum í samvinnu við garðyrkjustjóra sem og gerð framkvæmda- og viðhaldsáætlana vegna fjárhagsársins og til lengri tíma
• Umsjón með efnisnámum og jarðvegstippum
• Umsjón og eftirlit með götulýsingu
• Umsjón með hljóðvistarstyrkjum
• Umsjón og eftirlit með hreinsun bæjarins
• Sér um útboðs- og verklýsingar vegna framkvæmda
• Kostnaðareftirlit
• Gagnaöflun fyrir landupplýsingarkerfi Hafnarfjarðar
• Ýmis samskipti við viðskiptavini og aðila innan og utan stjórnkerfis Hafnarfjarðarbæjar

Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg en ekki krafa. Reynsla af stjórnun og lipurð í mannlegum samskiptum eru æskileg.Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanefndar sveitarfélaga eða viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veitir Helga Stefánsdóttir, verkefnisstjóri umhverfis- og hönnunardeildar ( *helgas@hafnarfjordur.is* ) sími 664-5651 eða 585-5600

**Starfsmaður þarf að hefja störf sem allra fyrst.**

Umsóknum skal skila til umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en **3. desember n.k.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

**BM Vallá ehf. auglýsir eftir**
## stöðvarstjóra
**í starfsstöð fyrirtækisins á Akranesi en þar er rekin steypustöð.**

**Við erum að leita að einstaklingi**
– iðnlærðum, með reynslu úr byggingariðnaði og af meðhöndlun steypu
– sem getur unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi
– sem hefur góða framkomu, á auðvelt með sam skipti og samstarf við aðra, bæði viðskiptavini og samstarfsfólk
– sem er skipulagður, duglegur og vinnusamur
– með tölvuþekkingu

Um er að ræða lifandi og krefjandi framtíðarstarf. Starfið felst í almennri verkstjórn á staðnum, samskiptum við viðskiptavini fyrirtækisins, skipulagningu á útkeyrslu og afhendingu steypu o.fl. Mikil áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð og árangur í starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og sé eldri en 35 ára.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason í síma 860 5010.

Vinsamlegast sendið umsóknir á *sigurdur@bmvalla.is* en þar þarf að koma fram upplýsingar um menntun, fyrri störf, aldur og annað sem viðkomandi vill taka fram.

BM·VALLÁ
Bíldshöfða 7

## Opið hús í dag kl. 17-19, Vesturberg 30, íb. 401.



Frum

Í dag býðst þér að skoða þessa fallegu 86 fm. 3ja. herb. íbúð í Vesturberginu. Parket á öllum gólfum, flísal. baðherb. Vestursvalir með útsýni yfir Reykjavík.

***Verð 15,9 millj.***

***Tilboð óskast.***

***Jóhann sýnir í dag kl. 17 -19 - allir velkomnir. (Bjalla 401).***

**HÖFÐI**

**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Bæjarhrauni 22**
**Sími 565 8000**

*Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali*

---

**HÚSEIGN**
*Fasteignamiðlun*

**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17



Frum

### GRUNDARGATA SIGLUFIRÐI

**Stærð í fermetrum: 302,4**
**Fjöldi herbergja:**
**Tegund eignar: Einbýli**



Einstaklega gott iðnaðarhúsnæði. Hægt að nýta sem íbúð einnig! Húsið er á þremur hæðum. Á jarðhæð er um 3ja m. lofthæð. Gömul gólfborð á miðhæð hússins. Eldhús á miðhæð og salerni á jarðhæð. Auðvelt er að fjarlægja gólfborð og opna alveg upp þar sem stál eða járnbitar hafa verið settir sem halda uppi miðhæðinni og hægt er að nota ef húsnæðið væri notað sem iðnaðarhúsnæði. Eignin býður upp á ævintýralega möguleika! Frábært tækifæri á frábæru verði. Laust til afhendingar! Áhvílandi 1 lán frá Íslandsbanka, Siglufirði að upphæð 4,4 mkr. sem mögulegt er að yfirtaka.

***Nánari uppl. veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölum. í síma: 822-9519***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

---

**Reykjavíkurborg**
Menntasvið




Grunnskólar Reykjavíkur

## Skólastjóri Engjaskóla

Laus er staða skólastjóra Engjaskóli í Grafarvogi í Reykjavíku. Í skólanum eru 350 nemendur í 1.-10. bekk.

Skólinn var byggður árið 1997 og er með íþróttahúsi, fullkomnu eldhúsi og ríkulega búinn tölvum og öðrum kennslugögnum.

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og gott samstarf við foreldra og hefur skólinn verið leiðandi í þeim efnum sem móðurskóli í foreldrasamstarfi.

Mikil og fjölbreytt listgreinakennsla er í skólanum og mikil samvinna innan árganga og stiga.

Jafnframt er lögð áhersla á góð samskipti nemenda og starfsfólks og stöðuga símenntun alls starfsfólks.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**

- vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans

**Hæfniskröfur:**

- Kennaramenntun, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.**

Staðan er laus frá og með 1. janúar 2006 en þó er mögulegt að viðkomandi hefji störf síðar samkvæmt nánari samkomulagi. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 5. desember 2005. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, netfang: ingunn.gisladottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is í síma 411 7000.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

---

*... í öruggum höndum*

Gunnar Sv. Friðriksson hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali
Traust og góð þjónusta • Örugg skjalagerð • **Vel heppnuð fasteignaviðskipti**

# FASTEIGNASTOFAN

Reykjavíkurvegi 60 • Fax 565 5572
www.fasteignastofan.is • Allar eignir á mbl.is

**565 5522**
Opið: mán-fim 9-18 og fös 9-17




### Í smíðum



**ESKIVELLIR - BÍLSKÝLI** Í sölu nýjar og glæsilegar 3ja, 4ra og 5. herb. íbúðir í nýju og vönduðu lyftufjölbýli á Völlunum í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru frá 80 fm. og upp í 142 fm. **Glæsilegur frágangur, m.a. hornbaðkar á baðherbergi. Fyrsta flokks innréttingar frá Modulla.** Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en þó með flísum á baðherbergi og þvottahúsi. **Hús verður klætt að utan** og því viðhaldslítið í nánustu framtíð. Lóð skilast fullfrágengin. Nánari upplýsingar veita sölumenn Fasteignastofunnar.



**KIRKJUVELLIR** Í smíðum mjög gott 6 hæða lyftufjölbýli á góðum stað á Völlunum, Hafnarfirði. **4 íbúðir á hæð**, 3ja - 4ra herb. íbúðir. **Mjög bjartar og vel skipulagðar íbúðir**. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan og einnig að innan fyrir utan gólfefni. Vandaðar innréttingar og tæki. **Mjög traustur verktaki**. Afhending sept. - okt. 2006. Allar nánari uppl. og teikningar á skrifstofu Fasteignastofunnar. Verð frá 16,7 millj.



Frum

**ESKIVELLIR 7** Erum með í sölu stórglæsilegt lyftufjölbýli á Völlunum í Hafnarfirði. Alls 37 íbúðir ásamt 26 stæðum í **bílakjallara**. Afar vandaður frágangur, m.a. opnanlegt öryggisgler fyrir svölum. Sérinngangur af svölum.

***2-3ja herb. verð frá kr. 16,1 millj.***

***4ra herb. verð frá kr. 19,4 millj.***

Traustir verktakar, ER-verktakar. Nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofu okkar.



**AKURVELLIR** Nýkomið í sölu fallegt 6 íbúða fjölbýli á Völlunum með einni 3ja herb. íbúð, 1 4ra herb. íbúð og 4 5 herb. íbúðum. **Allar íbúðir eru með sérinngangi.** Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna, vandaðar innréttingar og fullbúið að utan. Mjög rúmgóðar íbúðir, frá 109 fm. - 152 fm. Verð frá kr. 23,8 millj.

### Einbýli, rað- og parhús



**HOLTSBÚÐ, GARÐABÆ** Nýkomin í einkasölu mjög gott og vel staðsett tvílyft einbýli í Garðabænum. Húsið er alls 294 fm., þ.m.t. innb. 47 fm. bílskúr. **Einstaklega góð staðsetning.** Möguleiki á því að hafa tvær íbúðir. Óskað er eftir tilboðum í eignina.

### Hæðir



**BURKNAVELLIR** Nýkomin í einkasölu glæsileg og rúmgóð **“penthouse“** íbúð í fallegu og klæddu fjölbýli á Völlunum. Íbúðin er alls 135 fm. **auk stæðis í upphitaðri bílgeymslu**. Glæsilegar innréttingar, gegnheilt parket á gólfum, 4 góð svefnherbergi. Tvennar svalir. **“Einstaklega falleg eign sem vert er að skoða“** Verð kr. 33,5 millj. Íbúðin er laus til afhendingar. **Íbúðin er laus til afhendingar**

### 4-5 herb.



**BÆJARHOLT - LAUS STRAX** Vorum að fá mjög fallega og rúmgóða 120 fm íbúð í góðu fjölbýli. Rúmg. stofa og 3 herb. Gott parket og flísar á gólfum. Fráb. úts. frá suðursv. ***ÍBÚÐIN ER LAUS STRAX VIÐ KAUPSAMNING.*** Verð 20,5 millj.



**SUÐURVANGUR** Vorum að fá mikið endurnýjaða íbúð á 2. hæð í mjög góðu og vinsælu fjölbýli. Íbúðin er 108 fm auk geymslu. *Búið að endurn. eldh. og bað.* Parket og flísar á gólfum og þv.hús í íbúð. Fjölbýlið var viðgert fyrir örfáum árum. Verð 20,9 millj.



**KRÍUÁS** Nýkomið falleg og vel skipulögð ca 120 fm., 4ra herb. íbúð á jarðhæð með **sérinngangi**. Innang. úr íbúð í góðan **bílskúr**. Útgengt úr stofu út á fallegan og rúmgóðan timburpall er snýr til suðurs. **Fallegt útsýni úr íbúð**. Staðsetning einstakl. góð, efst við Ásfjallið og stutt í náttúruna og góðar gönguleiðir. Verð kr. 28,5 millj.

# SJÓNARHORN



Fýlar í fjallshlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# HVUNNDAGURINN

## *Gerir það sem dagurinn býður upp á*



**Erna Björk Sigurgeirsdóttir,** móttökustjóri Brims.

**Í hverju felst starf þitt?** Ég sé um móttöku, skönnun og skráningu reikninga og ýmislegt fleira
**Hvenær vaknar þú á morgnana og hvað gerir þú?** Vakna klukkan 7, klæði mig, mála mig, fæ mér að borða og tannbursta mig.
**Hvað er skemmtilegast við vinnuna?** Fjölbreytnin og maður er alltaf að læra eitthvað nýtt.
**En erfiðast?** Ekkert sem ég man í augnablikinu, eða kannski hversu mörg félög tengjast því sem ég vinn fyrir.
**Hvað gerir þú eftir vinnu?** Ýmislegt. Stundum fer ég í ræktina eða bara þangað sem dagurinn býður upp á.
**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?** Ég er mjög ánægð með mitt starf en í framtíðinni væri gaman að fá að breyta til.

# VISSIR ÞÚ

... að árið 1973 sogaðist rifgammur í hreyfil á flugvél sem var í 11.300 metra hæð (37.000 fet)? Vélinni var lent án óhappa en rifgammar eru sjaldséðir í 6.000 metra hæð.

... að sólbríinn frá Jamaíku verpir minnstu eggjum allra fugla? Eggin eru innan við tíu millimetrar og vega 0,365 grömm.

... að hreiður sólbríans er á stærð við hálfa valhnetuskurn?

... að hreiður humalbríans er á stærð við fingurbjörg?

... að þyngsti ránfuglinn er andeskondór sem vegur að meðaltali níu til tólf kíló og vænghaf hans er um þrír metrar?

... að árið 1965 fönguðu skipverjar á heimsskautarannsóknarskipi risastóran albatross sem hafði vænghaf sem mældist 3,63 metrar, en það er á við lengd Mini-Cooper bifreiðar?

... að argentínski vatnaandarsteggurinn hefur að jafnaði 42,5 sentimetra langan getnaðarlim? Rætur limsins eru þaktar broddum en fremsti hluti hans er sagður silkimjúkur.

... að strútur á Datong Xinda strútabúgarðinum verpti 2,35 kílóa eggi árið 1997?

... að trönur, vaðfuglar, eru um tveir metrar á hæð og eru því hávöxnustu fleygu fuglarnir?

... að asnamörgæsin er hraðsyndust fugla og getur náð 27 kílómetra hraða á klukkustund?

... að förufálkinn getur tekið dýfu á 300 kílómetra hraða á klukkustund?

... að hægfleygustu fuglarnir eru kjarrsnípa og skógarsnípa en þær fljúga að meðaltali á átta kílómetra hraða á klukkustund?


allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga















AFSLÁTTUR 30 %

TILBOÐ OG VAXTALAUS NÓVEMBER

FABRIKAN

TICKER
LEÐURSÓFAR OG LEÐURSTÓLAR

| | | |
|---|---|---|
| 3JA SÆTA | 86.800 KR. | ÁÐUR 124.000 KR. |
| 2.5 SÆTA | 75.600 KR. | ÁÐUR 108.000 KR. |
| STÓLL | 51.800 KR. | ÁÐUR 74.000 KR. |

VINTAGE OG PORTOBELLO
BORÐSTOFUBORÐ 180X90 OG 6 LEÐURSTÓLAR
VERÐ NÚ 90.300 KR. ÁÐUR 129.000 KR.

TEKK COMPANY

OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL.10-18, LAUGARDAGA KL.10-16 OG SUNNUDAGA KL. 13-16
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 4.999 -0,59%**

**Fjöldi viðskipta:** 267
**Velta:** 1.959 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| **Jarðboranir** | **+3,81%** |
| **Bakkavör** | **+0,21%** |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| **Flaga** | **-1,94%** |
| **Íslandsbanki** | **-1,22%** |
| **SÍF** | **-1,18%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 47,50 -0,80% ... Bakkavör 47,40 +0,20% ... FL Group 15,60 -0,60% ... Flaga 5,05 -1,90% ... HB Grandi 9,45 +0,00% ... Íslandsbanki 16,20 -1,20% ... Jarðboranir 24,50 +3,80% ... KB banki 640,00 -0,30% ... Kögun 58,80 +0,00% ... Landsbankinn 23,40 -0,40% ... Marel 64,00 -0,30% ... SÍF 4,20 -1,20% ... Straumur-Burðarás 15,30 -0,70% ... Össur 111,00 -0,50%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Sækist eftir fleiri börum


**TCHENQUIZ** hefur verið umsvifamikill í fasteignaviðskiptum í Bretlandi, meðal annars með kaupum á fjölmörgum börum.

Robert Tchenguiz hefur gert tilboð í bresku barkeðjuna Spirit Group. Talið er að KB banki standi við bakið á honum. Tchenguiz hefur boðið um 2,8 milljarða punda, sem samsvarar rúmum 300 milljörðum íslenskra króna, í félagið. Fleiri eru um hituna og má reikna með niðurstöðu í dag eða næstu daga. Frá þessu var sagt í vefútgáfu Times í gær.

Talsmenn KB banka vildu ekki staðfesta frétt Times þess efnis að bankinn tæki þátt í tilboði Tchenguiz. Vitað er að KB banki hefur áður fjármagnað tilboð Tchenquiz og tekið þátt í kaupum hans. Í Times sagði að Barclays-bankinn kæmi einnig að þessu tilboði.

Spirit Group rekur um tvö þúsund bari. Fyrir ári keypti Tchenquiz 360 smærri bari í Bretlandi, meðal annars í London. Hann er Írani og hefur verið umsvifamikill í fasteignaviðskiptum í Bretlandi. Var KB banki meðal þeirra fyrstu sem aðstoðuðu hann við að byggja upp viðskiptaveldi sitt.


**HAGRÆÐA Í BRETLANDI** Bakkvör hyggst fækka skrifstofufólki hjá fyrirtækinu og er það liður í hagræðingu í kjölfar kaupa á breska matvælafyrirtækinu Geest.

# Bakkavör segir upp hundrað

Bakkavör Group hefur ákveðið að segja upp um hundrað starfsmönnum á skrifstofu félagsins í Bretlandi. Í tilkynningu til Kauphallarinnar í gær kemur fram að uppsagnirnar séu hluti af þeim aðgerðum félagsins að samþætta og hagræða í rekstri í kjölfar yfirtöku Bakkavarar á Geest Ltd.

Starfsfólkið, sem á von á uppsögn, vinnur á skrifstofu félagsins í Lincolnshire í Bretlandi en jafnframt er unnið að hagræðingu í verksmiðjum félagsins. Alls vinna um fjórtán þúsund manns hjá Bakkavör Group en markmið aðgerðanna er að auka skilvirkni og bæta arðsemi félagsins. - hb


**JARÐBORANIR HÆRRA METNAR** Greiningardeild KB banka ráðleggur hluthöfum í Jarðborunum að taka ekki yfirtökutilboði.

# Jarðboranir eru meira virði

Greiningardeild KB banka hvetur hluthafa í Jarðborunum til að ganga ekki að líklega yfirtökutilboði Atorku Group sem hefur eignast meira en helming hlutafjár í Jarðborunum. Hún hefur komist að þeirri niðurstöðu í nýju verðmati á Jarðborunum að markaðsvirði þess ætti að vera 2,3 milljörðum meira en það er í raun og veru. Verðmatsgengið er því 31,1 króna á hvern hlut, en tilboð Atorku mun sennilega miðast við gengið 25 krónur á hlut og hluthafar Jarðborana fá í staðinn bréf í Atorku á genginu sex.

„Niðurstaða okkar er að tilboð upp á 25 krónur á hlut endurspegli ekki þau verðmæti sem fólgin eru í rekstri Jarðborana. Að auki teldum við það slök býtti að skipta á bréfum í Jarðborunum og Atorku Group," segir Greiningardeild KB banka í nýlegu verðmati á Jarðborunum.

Hlutabréf í Jarðborunum hækkuðu um fjögur prósent í gær eftir að KB banki sendi frá sér greininguna.



GIACOMO PUCCINI (1858-1924)
LÉST ÞENNAN DAG

*„Andagift er vakning, örvun allra mannlegra hæfileika, og hún er greinileg í öllum listrænum þrekvirkjum.“*



*Giacomo Puccini var ítalskt tónskáld sem samdi meðal annars óperurnar Toscu, La Boheme og Madame Butterfly.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 29. NÓVEMBER 1975

# *Kappaksturshetja lætur lífið*

Á þessum degi árið 1975 lést Graham Hill í flugslysi undan suðaustur-strönd Englands. Hann þótti einn besti kappakstursmaður Breta og hafði hætt keppni þá um sumarið. Hill flaug Piper Aztec-flugvélinni sjálfur en í henni voru ásamt honum fimm félagar úr Embassy Hill kappakstursliðinu. Allir farþegarnir létu lífið.

Þrjú þúsund manns komu í útför Hills sem var gerð frá St. Albans kirkjunni í Herefordskíri þann 5. desember. Rannsókn á slysinu leiddi í ljós að slæmt skyggni varð til þess að Hill flaug of lágt þannig að flugvélin rakst í trjátoppa á Arkley-golfvellinum með þeim afleiðingum að hún hrapaði.

Graham Hill var tvöfaldur heimsmeistari í kappakstri, árin 1962 og 1968. Sonur hans, Damon, fetaði í fótspor föður síns og varð heimsmeistari í Formúlu 1 kappakstrinum árið 1996.



JARÐARFÖR GRAHAMS HILL.

## MERKISATBURÐIR

**1211** Páll Jónsson biskup í Skálholti andast.

**1929** Bandaríski könnuðurinn Richard Byrd flýgur fyrstur allra yfir Suðurpólinn.

**1947** Sameinuðu þjóðirnar ákveða að skipta Palestínu og búa til sjálfstætt ríki gyðinga í landinu.

**1963** 118 látast þegar kanadísk farþegaþota ferst í flugtaki.

**1986** Dregið er í fyrsta sinn í lottóinu á vegum Íslenskrar getspár.

**2000** Hilmir Snær Guðnason leikari hlýtur Íslensku bjartsýnisverðlaunin þegar þau eru veitt í fyrsta sinn.

**2001** Bítillinn George Harrison andast 58 ára að aldri.




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.



*Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristrún Jóhannsdóttir**

frá Skálum á Langanesi, Dalbraut 27, Reykjavík,

sem lést í Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 22. nóvember síðastliðinn verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.

**María Vilhjálmsdóttir**
**Helga A. Vilhjálmsdóttir**
**Friðrik J. Vilhjálmsson**
**Selma Vilhjálmsdóttir** **Þorgils Harðarson**
**Dagur Vilhjálmsson** **Stella S. Vilhjálmsson**
**Oddný Vilhjálmsdóttir**
**Kolbrún H. Sigurjónsdóttir** **Garðar I. Tryggvason**
**Valgerður S. Briem** **Sigurður R. Gíslason**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Við viljum þakka öllum þeim sem sýndu okkur auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning við andlát og útför elskulegs manns míns og föður okkar,*

**Þorsteins Gunnars Guðmundssonar**

til heimilis að Fífusundi 5 á Hvammstanga.

**Kristin Einarsdóttir**
**Einar Valur Gunnarsson**
**Guðrún Ásta Gunnarsdóttir**
**Ingibjörn Pálmar Gunnarsson**
**Berglind Rós Gunnarsdóttir**
**Skúli Arnar Gunnarsson**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn Jón Leví Jónsson,**

húsasmíðameistari, til heimilis að Sundstræti 31 A, Ísafirði,

lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar 26. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Anna Sigríður Kristjánsdóttir**
**Ragnhildur Guðný Kristinsdóttir Flyger, Henning Beck Flyger, Matthías Kristinsson, Björk Gunnarsdóttir, Sigríður Júlíana Kristinsdóttir, Jens Andrés Guðmundsson, Bjarney Kristinsdóttir Vatne, Øystein Vatne, Guðmundur Kr. Kristinsson, Jóna Sveinsdóttir, afabörn og langafabörn.**

ÞÓR SIGFÚSSON: NÝR FORSTJÓRI SJÓVÁR

# Fær hugmyndir í flugvélum

„Það er alltaf erfiðast að kveðja góða samstarfsmenn en um leið gaman að kynnast nýjum hópi,“ segir Þór Sigfússon sem hóf störf sem forstjór Sjóvár-Almennra í gær. Þór, sem er hagfræðingur að mennt, gegndi áður starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands (áður Verslunarráð Íslands).

„Þetta leggst mjög vel í mig en þetta er heilmikið efni að komast inn í,“ segir Þór sem veit nákvæmlega hvert hann vill stefna með fyrirtækið. Hann vill leggja aukna áherslu á bætta þjónustu auk þess sem hann vill að fyrirtækið verði fyrst með nýjungar. Aðaláherslauna vill Þór þó leggja á forvarn sem hann telur að eigi ekki að vera ein deild í fyrirtækinu heldur eigi öll starfsemin meira og minna að huga að þeim þætti.

„Starfsmenn Sjóvár eru að sinna því sem er einna mikilvægast í lífi fólks, öryggið. Þúsundir fjölskyldna treysta Sjóvá fyrir því að vera bakland sitt. Í því felst mikil ábyrgð. Allt starf okkar á að miðast að því að vera í liði með viðskiptavinum okkar þegar á bjátar og að leggja áherslu á að fyrirbyggja slys og óhöpp,“ segir Þór með áherslu.

Þó starfið sé Þór hugleikið og hluti af hans áhugamáli hefur hann undanfarin ár gefið sér tíma til skrifta. Hann hefur alls gefið út fjórar bækur en sú síðasta, Straumhvörf, útrás íslenskra fyrirtækja, var gefin út nú í haust.

Þór á tvö börn, eins árs og fimm ára. „Mér hefur alltaf þótt dálítið lummó að kalla fjölskylduna áhugamál en líf mitt snýst um fjölskylduna,“ segir Þór góðlega. „Ef ég væri spurður hvað frítíminn færi í væri það langmest að elta og taka til eftir börn,“ segir hann glaðlega og bætir við að samveran sé það besta við fjölskyldulífið.

Þór var mikið á ferðinni erlendis í fyrri störfum sínum, sérstaklega þegar hann starfaði hjá Norræna fjárfestingabankanum. Hann á ekki von á að þurfa að ferðast eins mikið í núverandi starfi en finnst þó gott að ferðast bæði innanlands og utan. „Ég fæ mjög mikið af hugmyndum í flugvélum,“ segir Þór sem kveðst mikill jólamaður. Vinir hans geri grín að því að hann byrji jólaundirbúning í byrjun nóvember. Þór setti samt, líkt og margir aðrir landsmenn, upp fyrstu jólaseríurnar á sunnudaginn og kveikti á vísdómskertinu í aðventukransinum.

Hann hlakkar einna mest til að sjá hvernig börnin upplifa jólin. „Þessi aldur á börnunum núna er einstaklega skemmtilegur á jólum. Annað er að átta sig á því hvað þetta gengur út á og strákurinn eldri er kominn í skemmtilegan gír,“ segir Þór sem ætlar að taka að fullu þátt í jólaundirbúningi þrátt fyrir annríki í nýrri vinnu. „Ég hef alltaf tíma fyrir það sem ég hef gaman af,“ segir hann að lokum og er rokinn á næsta fund. ■



**FORVARNIR ERU MIKILVÆGAR** Þór ætlar að auka áherslu Sjóvár á forvarnir, þjónustu og nýjungar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ANDLÁT

**Kristinn Jón Leví Jónsson**, húsasmíðameistari, til heimilis að Sundstræti 31a, Ísafirði, lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar laugardaginn 26. nóvember.

**Óli J. Blöndal** frá Siglufirði, Unnarbraut 1, Seltjarnarnesi, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 26. nóvember.

**Ásrún Magnúsdóttir**, Dælengi 1, Selfossi, er látin.

## JARÐARFARIR

13.00 **Haukur Noah Henderson**, Kleppsvegi 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu.

14.00 **Hjördís Ingvarsdóttir** fyrrverandi kaupkona, Hraunbæ 107d, verður jarðsungin frá kirkju Óháða safnaðarins.

14.00 **Sigríður Eðvaldsdóttir**, Aðalgötu 5, Vínaminni, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Sigurbergur Frímannsson** frá Skíðsholti á Mýrum, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu.

## AFMÆLI



**Didda Jónsdóttir** rithöfundur er 41 árs.

**Rósa Guðbjartsdóttir,** framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, er fertug.



## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1832** Louisa May Alcott, höfundur bókarinnar Little Women.



**1898** C.S. Lewis, höfundur Narníubókanna.



**TÖKUM FRÍ FRÁ NEYSLUNNI** Í því neyslusamfélagi sem Íslendingar búa í er gott að taka einn dag frí til að kaupa ekki neitt.

# Kaupum ekkert

„Kaupum ekkert dagurinn“ er árlegur viðburður en þá eru neytendur eru hvattir til að taka sér frí frá neysluæðinu, staldra við og velta fyrir sér umhverfislegum og félagslegum afleiðingum neyslunnar. Á umhverfisvef Umhverfisfræðsluráðs kemur fram að dagurinn er haldinn 28. nóvember í Bandaríkjunum og Kanada en 29. nóvember í öðrum löndum þar á meðal í Evrópu. Gert er ráð fyrir að rúmlega milljón neytendur í um sextíu löndum taki virkan þátt í deginum að þessu sinni, en hann er nú haldinn í tólfta sinn. Kanadísku samtökin Adbusters samræma aðgerðir dagsins á heimsvísu. ■


4.800 kr. á mánuði til 6. febrúar
JÓLATILBOÐ
Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!
Harry Potter
515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN





## STUÐ MILLI STRÍÐA Andhetjur

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ER SKEMMDUR AF ÆSKUHETJUM SÍNUM.



Val fólks á fyrirmyndum getur haft úrslitaáhrif á það hvernig því farnast í lífinu. Ég er til dæmis fullviss um að andleg og félagsleg staða mín væri mun betri ef ég hefði ekki gert Láka jarðálf, Fúsa froskagleypi og Trölla sem stal jólunum að leiðtogum lífs míns í bernsku.

Þessir gaurar eru að vísu meinleysisgrey miðað við allar fyllibytturnar, geðsjúklingana og uppreisnarseggina sem leystu þá af hólmi þegar ég komst til ára, látum liggja milli hluta hvort ég hafi komist til vits. Ef ég hefði borið gæfu til þess að heillast af Jónatan Ljónshjarta eða einhverjum álíka hjartahreinum sveinum hefði ég örugglega ekki bundið trúss mitt við Lord Byron, Jim Morrison, Humphrey Bogart, Steve McQueen, Philip Marlowe, Andrés Önd, Mickey Rourke, Raymond Chandler og Winston Churchill.

Allir eru þeir mikilmenni á einn eða annan hátt en sem andlegir leiðtogar eru þeir hver öðrum hættulegri. Churchill var þunglyndur og af því Churchill var töffari fannst mér flott að vera þunglyndur og tók því meininu fagnandi þegar það herjaði á mig. Bogart og Chandler voru fyllibyttur og sannfærðu mig um að drykkjuskapur væri lífsstíll sem maður ætti að temja sér. Þar fyrir utan byrjaði maður auðvitað að reykja vegna þess að Bogart gerði það. Andrés er skapofsaönd sem lætur það eftir sér að tryllast í tíma og ótíma þannig að ég hlýt að mega það líka. Steve McQueen og Morrison voru, þrátt fyrir ótvíræða hæfileika, fyrst og fremst skíthælar og voru það með svo miklum stæl að það var ekki hægt annað en herma eftir þeim.

Þessir herramenn gáfu mér umboð til þess að gera eitthvað reglulega ljótt sem flytur okkur aftur á slóðir Láka. Hann var alltaf að gera eitthvað reglulega ljótt þangað til hann varð leiður á því og sneri blaðinu við. Það er kannski spurning um að jarða átrúnaðargoð unglingsáranna og reyna að læra af Láka? Fyrst honum tókst að losna við halann hlýtur maður að eiga séns. ■

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott









## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 1 | 7 | 3 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 2 | 1 | 3 | 7 |
| 4 | 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 6 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 7 | 5 |
| 8 | 5 | 2 | 7 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 8 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 2 | | | | 3 | 6 |
| | | 7 | | 9 | | | 4 | |
| | | | | 4 | | 8 | | |
| | | 3 | | | | | 5 | |
| 1 | 9 | | | | | | 8 | 3 |
| | 5 | | | | | 7 | | |
| | | 2 | | 5 | | | | |
| | 7 | | | 8 | | 6 | | |
| 8 | 1 | | | | 6 | | | 9 |

Síminn



„Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu; sem blöndu af Monthy Python og Buster Keaton, eða jafnvel sem „Steini og Olli í lit“...það eina sem ég veit er að þú munt eiga í erfiðleikum með að velta ekki úr sætinu af hlátri og harðsperrurnar í maganum daginn eftir verða mjög, mjög slæmar.“

-The Seattle Stranger, USA



„Algjörlega taumlaus, áköf og fallega klikkuð sýning. Betri skemmtun geturðu ekki fengið í öllum fötunum.“

- Rolling Stone



# The Shneedles

*Austurbæjarbíói, föstudaginn 27. janúar*

„Takk fyrir að vera alltaf fyndnir. Ég held þið séuð frægir.“

- Frank Rigot, 7 ára

## Miðasala hefst 1. desember kl. 10:00.

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.

event

**HVAÐ:** The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **SÖLUSTAÐIR: Reykjavík:** Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. **Akureyri**: Verslun BT. **Selfossi**: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skífunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að kaupa tvo miða með afslætti.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og mynduppptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.**event**.is

**Kl. 20.00**
*Jólatónleikar **Mótettukórs Hallgrímskirkju** verða með íslensku yfirbragði þetta árið. Einsöngvari verður **Ísak Ríkharðsson** drengjasópran, **Sigurður Flosason** saxófónleikari spinnur fallegan vef í kringum þekkta sálma og **Björn Steinar Sólbergsson** leikur á hið glæsilega Klaisorgel kirkjunnar. Stjórnandi verður **Hörður Áskelsson**.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Hlín syngur í hádeginu*

Ástir og örvænting er yfirskrift annarra hádegistónleika vetrarins í Íslensku óperunni. Þau Hlín Pétursdóttir sópran og Kurt Kopecky píanóleikari flytja lög og aríur eftir Benjamin Britten, Igor Stravinsky og Gian Carlo Menotti.

Eftir Britten flytja þau tónlist úr Draumi á Jónsmessunótt, eftir Stravinskí úr The Rake's Progress og eftir Menotti úr Miðlinum og Símanum.

Hlín bjó árum saman í Þýskalandi þar sem hún söng fjölmörg óperuhlutverk auk þess sem hún hefur sungið öll helstu hlutverk kirkjubókmenntanna. Hún flutti heim haustið 2004 og næsta verkefni hennar í Íslensku óperunni verður hluverk í Öskubusku eftir Rossini, sem verður frumsýnd 5. febrúar næstkomandi. Þar syngur Hlín hlutverk Clorindu, annarrar hinna hégómlegu stjúpsystra Öskubusku. Kurt Kopecky, sem er tónlistarstjóri óperunnar, verður jafnframt hljómsveitarstjóri í þeirri uppfærslu.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 og standa í um fjörutíu mínútur, þannig að fólk sem býr eða vinnur



í nágrenni miðbæjarins getur hæglega brugðið sér á tónleika í hádeginu og haldið svo út á ný endurnært eftir fagra tónlist.

Hægt er að kaupa samlokur í anddyri óperunnar fyrir eða eftir tónleikana, svo enginn ætti að þurfa að fara svangur aftur út í eril dagsins.

## > Ekki missa af ...

... **þýðingarhlaðborði** í Norræna húsinu klukkan 11 í dag. Fjórir þýðendur lesa úr nýjum bókum.



og þau **Snæbjörn Arngrímsson** og **Ingibjörg Haraldsdóttir** flytja erindi.

... **Amnesty-bíói** í Alþjóðahúsinu í kvöld klukkan 20 þar sem Íslandsdeild Amnesty International sýnir þrjár heimildarmyndir um mannréttindarbrot og mannréttindarbaráttu.

... tónleikum í Grafarvogskirkju í kvöld og annað kvöld sem haldnir eru til styrktar **BUGL**. Hópur tólf hljóðfæraleikara flytur Árstíðirnar eftir Vivaldi.

# Hápunktur hátíðar

Í kvöld er komið að hápunkti listahátíðarinnar Tónað inn í aðventuna, sem nú stendur yfir í Neskirkju í Vesturbæ Reykjavíkur.

Á tónleikum kvöldsins, sem jafnframt eru þeir næst síðustu á dagskrá hátíðarinnar, flytja þeir Martin Frewer fiðluleikari, Steingrímur Þórhallsson organisti og Dean Ferrel kontrabassaleikari Rosenkranz-sónöturnar eftir H.I. Franz von Biber, tónskáld sem spókaði sig hér á jörðu á árunum 1644 til 1704.

Hér er ferðinni algjört meistarastykki sem Íslendingum gefst sjaldan færi á að heyra á tónleikum. Inntak sónatanna eru hugleiðingar um ævi Jesú Krists. Alls eru sónöturnar fimmtán talsins. Á tónleikunum verða fluttar fimm þær fyrstu sem tengjast fæðingu frelsarans og fyrstu tólf árum í lífi hans.

Tónlistarhátíðinni í Neskirkju lýkur um næstu helgi með tónleikum þar sem Kór Neskirkju flytur valda kafla úr „Petit Messe solennelle“ eftir G. Rossini ásamt hefðbundnum aðventu- og jólalögum.



**STEINGRÍMUR ÞÓRHALLSSON ORGANISTI** Skipuleggur tónlistarhátíð í Neskirkju, sem lýkur um helgina.



**MAGNÚS ÞÓR SIGMUNDSSON** Magnús Þór hefur samið vinsæl lög á borð við Ísland er land þitt og Blue Jean Queen.

# Beggja blands að vera í fremstu víglínu

**Hinn ástsæli lagahöfundur Magnús Þór Sigmundsson heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Hljóð er nóttin.**

Magnús Þór Sigmundsson hefur unnið sér sess sem einn ástsælasti lagahöfundur þjóðarinnar og samið lög sem greipt hafa sig inn í hug og hjörtu jafnt eldri sem yngri kynslóða Íslendinga. Á meðal þeirra eru Ísland er land þitt, Ást, Jörðin sem ég ann og Blue Jean Queen.

Hljóð er nóttin er fyrsta eiginlega sólóplata Magnúsar Þórs í tuttugu ár. Hann segist ekki hafa haft neinn sérstakan áhuga á því fyrr en núna að stíga á nýjan leik fram í sviðsljósið. „Mér líður betur að semja á bak við tjöldin. Ég gerði töluvert af því að spila út um allt á sínum tíma en fannst það ekkert gaman,“ segir Magnús Þór. „Ég var með plötu með nýju efni sem mig langaði að gera en síðan kom Steinar (Berg Ísleifsson) með hugmynd um að nálgast eldri lög sem aðrir hafa flutt og ég hef líka sungið og gefa þau út á plötu. Eftir að hafa velt því fyrir mér í dálítinn tíma ákvað ég að slá til,“ segir hann.

Tvö af nýju lögunum voru sett á nýju plötuna. Þau eru titillagið Hljóð er nóttin, sem er fyrsta lag plötunnar, og Ólýsanleg, sem er það síðasta.

Aðspurður hvort Magnús ætli næst að ljúka við plötuna sem hann var byrjaður á segir hann ekkert ákveðið í þeim efnum. „Ég er alltaf að búa til eitt og eitt lag. Það er að skapast stemmning í mér að fara að flytja sjálfur mitt efni. Það er samt beggja blands að vera í fremstu víglínu. Mér finnst það meira fyrir ungt fólk. Það er miklu meiri skemmtistemmning á þessum stöðum og ég er eiginlega meira hinum megin,“ segir Magnús.

Á útgáfutónleikunum í kvöld mun Magnús Þór flytja lögin sín og jafnframt segja frá tilurð hvers lags fyrir sig. Jón Ólafsson aðstoðar hann við þessa upprifjun með innskotum og spurningum. Aðalatriðið verður þó flutningur allra laganna á plötunni auk þess sem einvala lið hljóðfæraleikara kemur fram. Auk Magnúsar Þórs, sem syngur og leikur á kassagítar, og Jóns Ólafssonar, sem leikur á hljómborð og raddar, koma fram þeir Stefán Magnússon, rafgítar, Róbert Þórhallsson, kontrabassi og Birgir Baldursson, slagverk.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og er miðaverð 2000 krónur. Miðasala fer fram á salurinn.is og í síma 570 0400. freyr@frettabladid.is


Aðalfundur hverfafélags í Mið- og Vesturbæ

Aðalfundur Hverfafélags Samfylkingarinnar í Mið- og Vesturbæ verður haldinn á Hallveigarstíg 1, þriðjudaginn 29. nóvember og hefst kl. 20. Á fundinn kemur **Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri og að auki sérstakur gestur, **Dagur B. Eggertsson** borgarfulltrúi. Þau hefja umræður um málefni Mið- og Vesturbæjar, skipulagsmál og almenn borgarmál.



Samfylkingarfélagar í Mið- og Vesturbæ eru hvattir til að mæta!

Sjá nánar á www.sffr.is

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík





# Kraumar í Tilraunaeldhúsinu

„Við erum svolítið að segja í þessari sýningu að list er skemmtileg. Hún er ekki flókin gáta til þess að leysa og maður á að finna til og finna fyrir henni,“ segir Kristín Björk Kristjánsdóttir, öðru nafni Kira Kira, sem nú hefur starfrækt Tilraunaeldhúsið í sjö ár ásamt félögum sínum Jóhanni Jóhannssyni og Hilmari Jenssyni.



**JÓHANN JÓHANNSSON, KRISTÍN BJÖRK KRISTJÁNSDÓTTIR OG HILMAR JENSSON** Forsprakkar Tilraunaeldhússins standa fyrir sýningu og fjölmörgum viðburðum í Nýlistasafninu þessar vikurnar.

Þessar vikurnar stendur yfir sýning Tilraunaeldhússins í Nýlistasafninu. Á sýningartímabilinu slær Tilraunaeldhúsið upp röð ellefu viðburða og verður sá fyrsti á dagskrá með tveimur uppákomum. Fyrst leggja í púkkið þeir Dagur Kári Pétursson, Valgeir Sigurðsson og Auxpan. „Þeir ætla að sjóða saman í stuttan performans sem verður eflaust að mestu spunninn af fingrum fram. Okkur kitlaði eitthvað í eldhúsbrýnið að sjá þessa heiðursmenn kitla hver annan.“

Síðan tekur við hljómsveitin Rass sem fékk til liðs við sig listamenn úr ýmsum áttum, þar á meðal Daníel Bjarnason myndlistarmann.

„Okkur flaug í hug að Rass og Daníel myndu gera eitthvað skemmtilegt saman. Rassalingarnir fóru vel á flug með okkur og út úr því kom sú hugmynd að fá Skólahljómsveit Vesturbæjar með í dæmið. Þetta er sveit fimmtán tólf ára krakka sem Lárus Grímsson stjórnar. Sömuleiðis véluðu þeir Birgi Andrésson inn í brasið.“

Viðburðir Tilraunaeldhússins verða á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum og þar verða fornar dyggðir Tilraunaeldhússins vaktar til lífsins á ný með því að kveikja elda milli ólíkra listamanna.

„Við hlökkum rosalega til að sjá öll þessi verkefni seitla og sjóða,“ segir Kristín Björk.






57% 37% 20%

MEÐALLESTUR UNDIR 50 ÁRA

TÖLUR SKV. GALLUPKÖNNUN Í OKTÓBER 2005

# Varanlegt forskot

**SAMKVÆMT GLÆNÝRRI KÖNNUN GALLUP HELDUR FRÉTTABLAÐIÐ YFIRBURÐUM SÍNUM Í LESTRI!**

Íslenska þjóðin velur Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal fólks undir 50 ára. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einkaneyslu auk þess að vera líklegra til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín.

**Fréttablaðið er áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn!**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!

ÁSTIR OG ÖRVÆNTING
HÁDEGISTÓNLEIKAR 29. NÓV. KL. 12.15

Hlín Pétursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó, flytja lög og aríur eftir Britten, Stravinsky og Menotti.
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)

Gjafakort í Óperuna - tilvalin jólagjöf
Frá kr. 1.000 (hádegistónleikar) og upp í 6.500 (stúkusæti á óperusýningar) og allt þar á milli.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN




BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

Salka Valka
Su 4/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20

Woyzeck
Í kvöld kl. 20 UPPS Fi 1/12 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 Mi 7/12 kl. 20 UPPS
Fö 9/12 kl. 20 Fi 29/12 kl. 21
Fö 30/12 kl. 21

Kalli á þakinu
Su 4/12 kl. 14 Su 11/12 kl. 14
Má 26/12 kl. 14 Su 8/11 kl. 14

Manntafl
Mi 30/11 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Su 4/12 kl. 20 UPPSELT
Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!

Nýja svið/Litla svið

Lífsins tré
Lau 3/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20
Síðustu sýningar!

Brot af því besta!
Í anddyri Borgarleikhússins
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum
fimmtudagskvöldið 1/12 kl. 20
Einar Kárason, Gerður Kristný, Kristjón Guðjónsson, Sjón, Steinunn Sigurðardóttir, Yrsa Sigurðardóttir
fimmtudagskvöldið 8/12 kl. 20
Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason, Hreinn Vilhjálmsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn

Léttur jóladjass og kaffihúsastemning.

Allir velkomnir
Aðgangur ókeypis

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Lau. 3/12 örfá sæti laus. Síðasta sýning.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00 og kl. 17:00.
EDITH PIAF
Sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.
Vegna fjölda áskorana: Aukasýning sun. 11/12.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Mið. 30/11 uppselt. Aukasýningar lau. 3/12 örfá sæti laus, sun. 4/12 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Í kvöld þri. 29/11 uppselt, mið. 30/11 uppselt, fim. 1/12 uppselt, fös. 2/12 örfá sæti laus, lau. 3/12 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Mið. 30/11 kl. 13.00 uppselt, lau. 3/12 kl. 13:00 uppselt og kl. 14:15 örfá sæti laus, sun. 4/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, þri. 6/12 kl. 10:00 uppselt, mið. 7/12 kl. 10:00 uppselt, fim. 8/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, lau. 10/12 kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 14:15 uppselt, sun. 11/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, þri. 13/12 kl. 10:00 uppselt og kl. 11:15 uppselt, mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 uppselt, lau. 17/12 kl. 13:00 uppselt og kl. 14:15, sun. 18/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 örfá sæti laus.

DÓMSALURINN KL. 20.30
RÉTTARHÖLDIN
Í kvöld þri. 29/11 "Var Halldór hinn sanni Íslendingur?"
Aðgangur ókeypis og öllum opinn.

LEIKHÚSKJALLARINN
Mið. 30/11 kl. 22:30 Megasukk - Útgáfutónleikar.
Fös. 2/12 og 3/12 Jólahlaðborð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Örfá sæti laus.
Sun. 4/12 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans - Tríó Kjartans Valdimarssonar.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Ferð í myrkri

**BÆKUR**

**UMFJÖLLUN**

Það er erfitt að gagnrýna Túrista eftir Stefán Mána af ýmsum orsökum. Til dæmis vegna þess að bókmenntagagnrýnendur og höfundar eru meðal persóna í bókinni og bókmenntaelítan – ef til er eitthvað sem kalla má bókmenntaelítu – fær háðulega útreið eins og reyndar höfundar yfirleitt.

Hver einasti gagnrýnandi hættir því á að teljast bara bitur og svekktur út af umfjölluninni um gagnrýnendur í bókinni.

En það er líka erfitt að gagnrýna Túrista því hún er um margt margslungin bók. Hún hefst á frásögn af dularfullum skipsskaða fyrir tæpum 350 árum sem aðeins einn lifir af, nokkuð skelfilegur maður sem formælir guði og virðist satanískur í háttum. Hann er tekinn inn á bæ hjá íslenskum bændahjónum og launar þeim gistinguna með því að nauðga konunni og geta með henni son. Bóndinn drepur manninn en elur soninn upp sem sinn eigin eftir að konan deyr af barnsförum.

Eftir þessa átakamiklu byrjun kynnumst við nokkrum höfundum í íslenskum samtíma, þeim Eyvindi Erlendssyni, Kristni Kristóferssyni og Alberti Arnarssyni, sem hver tilheyrir sinni kynslóð en eiga samt margt sameiginlegt, og svo Gunnari Guðbrandssyni sem er söguhetja í bók Eyvindar, Opinberun andskotans. Smám saman skýrast málin og þessir höfundar virðast eiga meira sameiginlegt en virðist í fyrstu. Tengipunktur þeirra er Hótel Sandvík en einmitt þar nálægt strandaði hollenska skipið tæpum 350 árum fyrr.

Ein leið til að túlka Túrista er að skoða hana út frá hlutskipti höfundarins og ekki laust við að kenningar Harolds Blooms um áhrif eldri höfunda á yngri komi upp í hugann. Hér er fengist við persónu höfundarins, hvernig höfundar reyna stöðugt að brjótast undan fortíð sinni með því að skapa sitt eigið höfundarverk og hvernig sú barátta er um leið nánast vonlaus.

En hér er líka fengist við karlmennsku sem er reyndar sýnd í sinni ömurlegustu mynd því hver einasti karlmaður sem kemur við sögu (og reyndar eru kvenpersónur fáar og þokukenndar) virðist eiga í miklum vandræðum með hlutverk sitt og tilgang í lífinu. Þau vandræði virðast fara saman við erfiðleikana við að skapa sem hver listamaður og hver manneskja hlýtur að kynnast á lífsleiðinni.

Sagan er sögð í kaldhömruðum stíl og oft nær Stefán Máni að vera meinfyndinn, ekki síst þegar sögunni víkur að „bókmenntaelítunni" og er lýsingin á Íslensku bókmenntaverðlaununum bráðfyndin þar sem „Heilagur Arnaldur frá Assisi" er tilnefndur fyrir nýja bók um „ævintýri Erlendar löggumanns, Týnda kindin" (225). Gagnrýni á íslenskan bókmenntaheim er oft á tíðum eitruð og eftirminnileg.

Uppbygging Túrista er flókin og þó að oft séu farnar áhugaverðar leiðir virðist vanta einhvern kraft til að binda söguna saman og skapa úr henni skýra heild. Ekki er þó hægt að segja annað en að hún veki upp margar spurningar. Þegar lesandi kemur að leiðarlokum í frásögninni þar sem hver einasta persóna hefur átt í vanda með tilvistina og sköpunina er hann hreint ekki viss hvert hann er kominn eða hvort hann hefur staðið kyrr allan tímann.

Túristi er því spennandi tilraun en niðurstaðan er nokkuð óljós, þessi ferð hefst og endar í myrkri.

**Katrín Jakobsdóttir**






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

26 27 28 **29** 30 1 2

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói, Hafnarfirði, þýsku bíómyndina **Kvennalæknirinn Dr. Sibelius** frá árinu 1962. Myndin var sýnd við fádæma vinsældir í Bæjarbíói á sjöunda áratugnum.

☐ 20.00 **Íslandsdeild Amnesty International** sýnir þrjár heimildarmyndir um mannréttindabrot og mannréttindabaráttu í Alþjóðahúsi, Hverfisgötu 18.

### TÓNLEIKAR

☐ 12.15 „Ástir og örvænting" er yfirskrift annarra hádegistónleika vetrarins í Íslensku óperunni. Á tónleikunum flytja þau **Hlín Pétursdóttir** sópran og **Kurt Kopecky**, tónlistarstjóri Óperunnar, lög og aríur eftir Benjamin Britten, Igor Stravinsky og Gian Carlo Menotti.

☐ 17.00 **Martin Frewer** fiðluleikari, **Steingrímur Þórhallsson** organisti og **Dean Ferrel** kontrabassaleikari flytja Rosenkranz-sónöturnar eftir Franz Biber á tónleikum í Neskirkju.

☐ 19.00 **Dagur Kári Pétursson, Valgeir Sigurðsson, Auxpan, Rass, Skólahljómsveit Vesturbæjar, Daníel Björnsson** og **Birgir Andrésson** koma fram á tónleikum í Jólaseríu Tilraunaeldhússins í Nýlistasafninu.

☐ 20.00 **Magnús Þór Sigmundsson** heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi ásamt hljómsveit sinni. **Jón Ólafsson** aðstoðar Magnús Þór við að rifja upp tilurð laganna með innskotum og spurningum.

☐ 20.00 **Jóel Pálsson** saxófónleikari og **Antonía Hevesi** organisti spinna út frá barnajólalögum á Jólasöngvum í Hafnarfjarðarkirkju.

☐ 20.00 Jólatónleikar **Mótettukórs Hallgrímskirkju** verða með íslensku yfirbragði þetta árið. Einsöngvari verður **Ísak Ríkharðsson** drengjasópran, **Sigurður Flosason** saxófónleikari spinnur fallegan vef í kringum þekkta sálma og **Björn Steinar Sólbergsson** leikur á hið glæsilega Klaisorgel kirkjunnar. Stjórnandi verður **Hörður Áskelsson**.

☐ 20.30 Tónleikar til styrkar Barna- og unglingageðdeild LSH, BUGL, verða haldnir í Grafarvogskirkju þar sem **Hjörleifur Valsson** fiðluleikari leiðir hóp tólf hljóðfæraleikara í flutningi á Árstíðunum eftir Antonio Vivaldi.

☐ 21.00 Annað árið í röð stendur **Félagið Ísland-Palestína** fyrir tónleikum á Grand Rokk á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna til stuðnings réttindum palestínsku þjóðarinnar. Að þessu sinni munu koma fram **Bob Justman, Jakobínarína, Mr. Silla, Reykjavik!** og **Þórir** auk nokkurra meðlima úr hljómsveitinni **Hjálmar**.

### BÆKUR

☐ 11.00 Bandalag þýðenda og túlka og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur bjóða upp á **þýðingahlaðborð** í Norræna húsinu. Fyrirlesarar eru **Ingibjörg Haraldsdóttir** og **Snæbjörn Arngrímsson**. Einnig lesa **Guðrún H. Tulinius, Elísa Björg Þorsteinsdóttir, Rúnar H. Vignisson** og **Tómas R. Einarsson** úr nýjum þýðingum sínum.

☐ 20.00 **Benedikt S. Lafleur** og **Hallgrímur Helgason** lesa báðir úr nýútkomnum skáldsögum á Spútnik Skáldaspírukvöldi í bókaversluninni Iðu.

☐ 20.00 Hið nýstofnaða bókaforlag **Græna húsið** heldur sína fyrstu útgáfuhátíð á Súfistanum þar sem **Rúnar H. Vignisson** kynnir útgáfubækur forlagsins, Feigðarflan, Silfurvæng og Þetta snýst ekki um hjólið. Enn fremur flytja **Rúnar Þórisson** og **Lára Rúnarsdóttir** nokkur lög.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Le'Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
22. sýn. 3. des. - Örfá sæti laus
23. sýn. 10. des.
24. sýn. 28. des.
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
VÍSIR VEFTV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



**RÚNAR HELGI VIGNISSON** Stofnaði Græna húsið til að búa til nýjan farveg fyrir það sem hann vill skrifa og þýða. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

# Feigðarflan í Grænu húsi

Bókaforlagið Græna húsið heldur sína fyrstu útgáfuhátíð með pomp og prakt á Súfistanum í kvöld og verða þar þrjár fyrstu bækur forlagsins kynntar. „Það hefur verið draumur í nokkurn tíma hjá okkur hjónunum að stofna eigið forlag,“ segir Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og annar eigandi Græna hússins. Rúnar hefur bæði skrifað og þýtt verk sem hafa komið út hjá Bjarti og JPV. „Það hefur vakið athygli að ég skyldi stofna mitt eigið forlag en ég vildi skapa nýjan farveg fyrir það sem mig langar að skrifa og það sem mig langar að þýða. Ég geri líka ráð fyrir að gefa út bækur eftir aðra.“

Fyrstu bækur forlagsins eru skáldsagan Feigðarflan eftir Rúnar sjálfan, barnabókin Silfurvængur og Þetta snýst ekki um hjólið, sem fjallar um hjólreiðakappann Neil Armstrong.

Feigðarflan er sjötta skáldverk Rúnars og fjallar um uppgjafarskáld sem hefur fengið leið á lífinu og leggur í leit að heppilegum stað til að stytta sér aldur. Úr því verður vegasaga þar sem maðurinn er aldrei sáttur við þá staði sem hann finnur og eftir því sem líður á ferðalagið breytist sýn hans á lífið.

„Kannski er það vegna þess að ég er orðinn miðaldra og sýn mín á lífið er að breytast,“ segir Rúnar um yrkisefnið. „En þetta er fyrst og fremst samræða við tíðarandann þar sem svo mikil áhersla er lögð á fjárhagslega velgengni.“

Auk bókakynninganna verður boðið upp á tónlistaratriði þar sem Rúnar Þórisson gítarleikari kynnir verk af sinni fyrstu sólóplötu, Ósögð orð og ekkert meir. Rúnar samdi á sínum tíma lagið Mér finnst rigningin góð, en þar kemur fyrir Græna húsið svokallaða á Ísafirði. „Það hús áttu afi minn og amma lengi vel og eftir því er forlagið nefnt,“ segir Rúnar Helgi. „Auk þess er Rúnar mágur minn svo þetta ber allt að sama brunni.“ - bs




# Jólaspuni

Jóel Pálsson saxófónleikari verður gestur Antoníu Hevesi organista í Hafnarfjarðarkirkju þar sem þau halda jólatónleika í kvöld klukkan 20.



**JÓEL PÁLSSON SAXÓFÓNLEIKARI.**

„Við ætlum að spinna út frá barnajólalögum,“ segir Antonía. „Þetta verða tóm gleði og læti. Svo verður getraun fyrir börnin.“

Getraunin fer þannig fram að börn fá í hendurnar dagskrárlottó þar sem lögin á dagskrá tónleikanna eru ekki í réttri röð.

„Þau fá blýanta og eiga að giska á röðina. Allir sem giska rétt fá verðlaun í lokin,“ segir Antonía og tekur fram að þetta sé fyrir börn á öllum aldri.

„Það verður gaman að sjá foreldrana með.“

# Leiðrétting

Þau leiðu mistök urðu í blaðinu í gær að nafn Súsönnu Svavarsdóttur kom ekki fram undir dómi um leikritið, Leitin að jólunum, eftir Þorvald Þorsteinsson. Þess má geta að Súsanna er nýr leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins.



**SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR BÓKMENNTAFRÆÐINGUR OG RITHÖFUNDUR.**


# Almenni lífeyrissjóðurinn

## Sjóðfélagafundur

**Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins boðar til sjóðfélagafundar í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík í dag kl. 17.15.**

**Á fundinum verður lögð fram tillaga um sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs lækna.**

**Upplýsingar um tillögu um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.**

**Dagskrá**

1. Fundarsetning.
2. Tillaga um breytingu á samþykktum sjóðsins. Lagt er til að Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður lækna sameinist.
3. Önnur mál.

***Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.***

***Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.***

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

www.almenni.is

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# HVERNIG HELDUR ÞÚ UPP Á AÐVENTUNA?

Nú þegar aðventan er gengin í garð fer jólaandinn að svífa allhressilega yfir landanum. Að því tilefni ákváðum við að heyra í nokkrum vel völdum einstaklingum og forvitnast um það hvernig þeim finnst réttast að halda upp á aðventuna.

„Ég er mikið jólabarn og hlakka alltaf mikið til jólanna þannig að ég er alltaf rosalega kát þegar hátíðin loksins gengur í garð. Þá tek ég upp aðventukransinn og byrja smám saman að skreyta. Mér finnst rosalega gaman að búa til jólakort en vegna anna um jólaleytið seinustu árin hefur mér ekki tekist að gera eins mikið af því og ég myndi vilja. Fjölskyldan reynir þó alltaf að hittast og við systurnar málum piparkökur saman. Ég kemst ekki mikið á jólatónleika þar sem ég er að syngja svo mikið á þeim sjálf, en ég reyni eins og ég get. Tónlistin er stór hluti af mínu lífi og sjálf syng ég mikið.“



**ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA**

„Ætli það sé ekki þrennt sem tengist aðallega aðventunni sem ég hugsa til þegar að þessum tíma kemur. Það eru kertaljós, Einnig eru það jóladagatöl og að lokum jólaskraut og piparkökur. Þetta eru allt element sem maður brúkar við þetta rituál. Auðvitað er alltaf stemning að skreyta heimilið og maður á lítil börn sem finnst þetta rosalega gaman, þannig upplifi ég svolítið þessa stemningu jólanna í gegnum þau.“



**SIGTRYGGUR BALDURSSON TÓNLISTARMAÐUR**



**GERÐUR KRISTNÝ RITHÖFUNDUR**

„Mér finnst aðventan vera afskaplega hátíðleg og ég hlakka alltaf mikið til hennar. Ég dreg fram jólaskraut og skreyti og legg mig alla fram um að hafa það alveg óskaplega gott. Þetta er tími rólegheita og unaðar. Við hjónin förum út að borða saman á veitingastaði þar sem boðið er upp á jólamatseðil. Þá hlusta ég mikið á jólatónlist. Aðventan er auðvitað trúarlegs eðlis. Þá veltir maður fyrir sér boðskap jólanna og reynir að gera sér og öðrum gott því ef manni líður ekki sjálfum vel þá er erfitt að láta öðrum líða vel.“

„Allir í minni fjölskyldu eru mikil jólabörn. Þetta er auðvitað mjög dimmur tími og ef jólanna nyti ekki við væri þetta enn þá dimmari árstími. Því finnst okkur fjölskyldunni mjög vænt um þetta tímabil. Við gerum ýmislegt þegar þessi tími gengur í garð. Við kveikjum auðvitað á aðventukerti. Einnig er hefð fyrir því í minni fjölskyldu að halda Marsipan-keppni. Þá keppum við innan fjölskyldunnar í því hver búi til fallegasta konfektið úr marsipani og öðrum dýrindis hráefnum. Einnig er brætt súkkulaði og fleira gert til gamans. Svo gerum við laufabrauð þannig að það má segja að það sé mikil stemning fyrir jólunum á mínu heimili.“



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR ÞINGMAÐUR**

„Á aðventunni setur maður upp fyrstu ljósin og skreytingar. Síðan set ég karöfluna mína út í glugga og fylli hana af sérríi. Þannig fá allir gestir og gangandi jólasérrístaup sem koma í heimsókn. Við hjónin erum reyndar bara tvö ein heima þar sem börnin eru flogin úr hreiðrinu þannig að aðventan fer nú bara fyrst og fremst í það að njóta hennar og hafa það rólegt og undirbúa komu jólanna. Mér finnst tími aðventunnar ekkert vera síðri tími en tími jólanna sjálfra vegna þess að oftar en ekki er meiri ró. Maður er að undirbúa stærstu hátíð ársins og oft er það alveg jafn skemmtilegt og hátíðin sjálf.“



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR BÆJARSTJÓRI**




„Aðdragandi jólanna er mjög skemmtilegur tími og fjölskyldan heldur fast í ákveðnar hefðir. Ég hef t.d. gaman af því að baka smákökur og laufabrauðsgerð með skólasystkinum einnar dóttur minnar er orðinn fastur liður fyrir jólin. Við förum árlega í jólatrésferð með vinnufélögum mínum í Straumsvík og fjölskyldum þeirra og höggvum okkar eigið tré, sem er mjög skemmtilegt. Jólagjafirnar kaupi ég yfirleitt snemma og er ekki á handahlaupum um bæinn daginn fyrir jól til að bjarga mér fyrir horn. Ég hlakka því mikið til aðventunnar sem er framundan.“



**RANNVEIG RIST FORSTJÓRI**

„Það er ávallt rokið út til þess að kaupa aðventukrans fyrsta sunnudag í aðventu. Síðan er ég að syngja í Fríkirkjunni á aðventukvöldi núna á sunnudaginn þannig að það má segja að ég byrji nokkuð snemma í mínum jólafagnaði. Mér gefst reyndar lítill tími til þess að fara á jólatónleika þar sem ég er að vinna allar helgar fram að jólum. Ég syng mjög mikið á jólahlaðborðum og öðrum skemmtunum tengdum jólunum. Við fjölskyldan reynum þó að fara á jólahlaðborð eins og við getum. Fyrir mér hefur þessi aðventa ekki neina trúarlega merkingu. Þetta er bara upphafið að jólahátíðinni og aðventan hjálpar jólahátíðinni að komast inn í hjarta fólksins.“



**RAGNAR BJARNASON TÓNLISTARMAÐUR**

www.lyfja.is
LYFJA
- Lífið heil
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 29505 09/2005
Líttu eftir húðinni!


FEDTCREME®
• Á þurra og sprungna húð
• Inniheldur ekki ilm- eða litarefni
REPAIR®
• Á mjög þurra og illa farna húð
• Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni
Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

**SIGN** BLOGGAR FRÁ TÓNLEIKAFERÐ SINNI UM LANDIÐ

## *Líkamslyktin ógnar heilsu okkar*

Ég var tekinn allsvakalega í fyrrinótt. Addi G. hefur greinilega verið eitthvað svekktur eftir að ég rakaði hann því að hann notaði tækifærið þegar ég sofnaði og rakaði af mér sportröndina. Hár út um allt. Jæja, ekki svo slæmt því þetta vex aftur. Við lögðum af stað frá Neskaupstað með smá söknuð í hjarta. Það var svo gaman í gær að við vorum alveg til í annan dag þó svo að svefnleysið hafi verið farið að segja til sín. Við sváfum mest alla leiðina hingað á Blönduós nema Skari greyið en hann var látinn keyra. Ferðin gekk vel, en tók nánast allan daginn. Komum við á Akureyri og af gömlum vana förum við í sjoppu og báðum um hið illfáanlega súkkulaði „makkilon“ og hinn víðfræga gosdrykk „Jarðaberja-Greip“ frá Egils. Það fékkst ekki frekar en fyrri daginn. Við látum ekki deigan síga, við skulum fá þetta.
Við brunuðum á Blönduós og stilltum upp í flýti. Þetta er alveg rosalega stórt hús hérna og við sáum fljótt að það yrði ekki þröngt á þingi hjá tónleikagestum. Hljómsveitin „Deathtrap“ hitaði upp og kom fólkinu í góðan gír. Virkilega flott hljómsveit. Tónleikarnir voru flottir og rokkþyrst ungmenni streymdu að.
Ein helgi og líkamslykt okkar er að styrkjast. Við gerum okkur ekki miklar vonir um að sleppa frá henni ómeiddir. Sem betur fer er lítið sem við þurfum að keyra á morgun, þannig að við skellum okkur í sund, og vinnum bug á þessari þraut sem vofir yfir okkur. Að „sjálfsögðu“ fáum við ekki þann heiður að fá Ragnar með okkur í sund því hann er ennþá sár eftir að hafa verið neyddur í sund eftir sex daga tónleikaferð. Það er ekki „nema“ vika eftir af tímanum sem Ragnar hét því að baða sig ekki. Við erum búnir að reyna að finna leiðir til að lokka hann í bað en þær hugmyndir hafa ekki skilað okkur neinum árangri. Með von um betri (bað) tíma.



# *Fólki finnst...*



...Piece by Piece með Katie Melua vera diskurinn í geislaspilaranum. Yndislega væminn sem yljar um hjartaræturnar á dimmum vetrarkvöldum...



...hóflegar jólaskreytingar vera það sem koma skal. Það er engin ástæða til að lýsa upp allt hverfið þótt jólin séu að koma. Jólaljósin á ekki að nota til að berast á...



...Drabet í leikstjórn Per Fly vera þess virði að sjá en hún er sýnd í Háskólabíói um þessar mundir. Dönsk framleiðsla í hæsta gæðaflokki og frábær leikur...




...Lífið er annars staðar eftir Milan Kundera vera yndisleg bók þar sem leit Jaromil að sjálfum sér er lýst á einstakan hátt...

...Göngutúr um miðbæ Reykjavíkur vera tilvalinn síðdegisskemmtun í stað þess að húka inni. Þetta er líka rétt áður en jólaösin hefst þegar ekki verður hægt að þverfóta fyrir kaupóðum Íslendingum...



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

TÓNLISTARHÁTÍÐ Á JÓLAFÖSTU Í HALLGRÍMSKIRKJU 2005



Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju

29. nóv. Þriðjudagur kl. 20
3. des. Laugardagur kl. 17
4. des. Sunnudagur kl. 20
Miðaverð 2500 / 2000 kr.

Hugljúf jóla- og aðventulög í útsetningum fyrir sópran, saxófón, orgel og kór.

**Mótettukór Hallgrímskirkju**
**Ísak Ríkharðsson** *drengjasópran*
**Sigurður Flosason** *saxófónn*
**Björn Steinar Sólbergsson** *orgel*

*Stjórnandi:* **Hörður Áskelsson**



*Útgáfutónleikar geisladisksins Jólagjöfin.*

4. des. Sunnudagur kl. 17
Miðaverð: 1500 / 1200 kr.

Orgeljól

Glæsileg, frönsk jólatónlist fyrir orgel eftir Balbastre, Daquin, Guilmant o.þ.

**Björn Steinar Sólbergsson**, *leikur á orgel*



J. S. Bach Jólaóratórían I-VI



10. des. Laugardagur kl. 17 — Kantötur I-III
11. des. Sunnudagur kl. 15 — Kantötur I-III
11. des. Sunnudagur kl. 18 — Kantötur IV-VI
Miðaverð: 3000 / 2500 kr.

**Hulda Björk Garðarsdóttir** *sópran*
**Sesselja Kristjánsdóttir** *alt*
**Eyjólfur Eyjólfsson** *tenór*
**Ágúst Ólafsson** *bassi*
**Schola cantorum**
**Alþjóðlega barokksveitin frá Den Haag í Hollandi**
*Stjórnandi:* **Hörður Áskelsson**

Jólaóratóriutvenna (fyrir þá sem vilja heyra Jólaóratóriuna alla): 5000 kr. Miðakvartett á ferna tónleika: 7000 kr. Miðasala í Hallgrímskirkju

ÍSLANDSBANKI

WWW.CONCERT.IS

CORTES



HLJÓMPLATAN CORTES INNIHELDUR PRAYER, CARUSO OG SKÝIÐ

JÓLA & ÚTGÁFU TÓNLEIKAR GRAFARVOGS KIRKJU 3. DESEMBER

ÁSAMT HLJÓMSVEIT OG 20 MANNA STRENGJASVEIT AUK SÉRSTAKRA GESTA

UPPSELT Á FYRRI TÓNLEIKANA

MIÐASALA Á SEINNI TÓNLEIKANNA SEM HEFJAST KL. 21:00 ER Í GANGI

MIÐASALA Í SKÍFUNNI OG BT ÚTI Á LANDI

WWW.CONCERT.IS OG Í SÍMA 511 2255

CONCERT Plan B

MasterCard

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs Mastercard, www.kreditkort.is/tonlist












RANDY JACKSON, SIMON COWELL OG PAULA ABDUL.

# Stýrir framtíðinni

Þegar um það bil mánuður er í að fimmta tímabil American Idol byrji eru sögusagnir í gangi um að hinn miður geðþekki dómari, Simon Cowell, verði ekki með þegar þættirnir hefjast að nýju. Samkvæmt dagblaðinu New York Times er samningaviðræðum við Cowell enn ekki lokið og hafa framleiðendur þáttanna áhyggjur af því að Simon muni þráast við að semja. Cowell er víst í mjög góðri samningsaðstöðu þar sem hann er í þann mund að koma af stað bandarískri útgáfu af þættinum X-Factor, sem slegið hefur í gegn í Bretlandi. Fox-sjónvarpsstöðin, sem framleiðir þættina American Idol, vill endilega fá X-Factor á sína stöð en það mun ekki gerast nema Cowell fái umtalsverða launahækkun fyrir hlutverk sitt í American Idol. Hann fær nú þegar um 8 milljónir dollara á ári fyrir að koma fram í þáttunum. Samkvæmt heimildarmanni sem vinnur við þættina er öllum ljóst að ef Cowell hættir í þáttunum verður erfitt að fylla skarð hans. „Við vitum öll að ef Simon hættir eru góðar líkur á að þátturinn hætti einnig. Við erum samt sem áður vongóð um að hann semji við okkur að lokum.“ Að sögn er andrúmsloftið rafmagnað á milli Simons og allra annarra á tökustað þáttanna. Þrátt fyrir það segir einn dómaranna, Randy Jackson, að næsta tímabil verði frábært. „Þetta verður frábært ár að mínu mati. Við eigum margt frábært hæfileikafólk sem bíður eftir því að láta ljós sitt skína.“ ■

# Tónleikar til styrktar Palestínu

Félagið Ísland-Palestína stendur í kvöld fyrir tónleikum á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna til stuðnings réttindum palestínsku þjóðarinnar.
Þetta er annað árið í röð sem félagið heldur tónleika á þessum degi. Að þessu sinni mun allur ágóði tónleikana renna til Öryrkjabandalags Palestínu. Fram koma hljómsveitirnar Jakobínarína, Þórir, Bob Justman, Mr. Silla, Reykjavík! auk nokkurra meðlima hljómsveitarinnar Hjálma. Tónleikarnir, sem hefjast klukkan 21.00 fara fram á Grand Rokki og er aðgangseyrir 500 krónur. Allir listamennirnir sem koma fram gefa vinnu sína.

Sérhannaðir bolir frá Nakta apanum verða seldir á staðnum auk þess sem safndiskurinn Frjáls Palestína verður seldur á tilboðsverði.



**JAKOBÍNARÍNA** Hljómsveitin Jakobínarína, sem vann Músíktilraunir fyrr á árinu, spilar á Grand Rokk í kvöld.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Daniel Radcliffe segir ástralska aðdáendur oft halda að hann sé leikarinn Elijah Wood úr Lord of the rings. „Fólk galar oft á eftir mér, „Hei, Frodo!“ og virðist halda að ég sé Elijah – sem er reyndar mjög myndarlegur gaur svo ég tek þessu bara sem hrósi,“ sagði Daniel. „Ég viðurkenni það að þegar fólk hefur rétt að mér bækur til að árita þá hef ég skrifað í þær: „Ástarkveðja, Elijah Wood.“ Það væri svo vandræðalegt að segja fólki að ég væri í rauninni ekki hann,“ sagði Daniel sem er þessa dagana staddur í Ástralíu við tökur á myndinni December Boys.



Joss Stone segist ennþá elska fyrrverandi kærasta sinn, Beau Dozier, þótt hún hafi hætt með honum nýlega. „Maður hættir ekkert að elska einhvern þó að sambandinu ljúki. Beau var fyrsta og stærsta ást lífs míns. Við hættum saman vegna þess að ástarsambandið var orðið að vinasambandi. Það var ekkert drama og engin öskur. En það er mikilvægt fyrir okkur að halda áfram að lifa lífinu,“ sagði hún en parið bjó saman í Kaliforníu.











**SKÍTAMÓRALL** Má ég sjá er fyrsta plata Skítamórals í sex ár.

# Útgáfutónleikar Skítamórals

Hljómsveitin Skítamórall heldur útgáfutónleika í Íslensku óperunni fimmtudaginn 1. desember í tilefni af útkomu plötunnar Má ég sjá.

Þetta er fyrsta plata Skítamórals í sex ár og hefur hún m.a. að geyma lögin Ástin dugir, Hvers vegna?, Má ég sjá og Hún, sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarið.

Strákarnir ætla að taka upp myndband við lag á nýju plötunni á útgáfutónleikunum og verða áhorfendur því þátttakendur í því. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00. ■

# Mest aðsókn á Harry Potter

Kvikmyndin Harry Potter og eldbikarinn var sú aðsóknarmesta í Bandaríkjunum um síðustu helgi, sem var þakkargjörðarhelgi þar í landi.

Alls halaði myndin inn tæplega þrjá og hálfan milljarð en myndin Walk the Line, sem er byggð á ævi sveitasöngvarans Johnnys Cash, halaði inn rúmlega 1,2 milljarða. Kvikmyndin um Harry Potter og eldbikarinn hefur alls náð í rúmlega 12, 5 milljarða síðan hún var frumsýnd á dögunum. ■



**AÐALLEIKARAR MYNDARINNAR** Kvikmyndin Harry Potter og eldbikarinn hefur notið mikilla vinsælda síðan hún var frumsýnd.



**BJÖRK** Söngkonan Björk Guðmundsdóttir er meðal þeirra sem koma fram í Laugardalshöll 7. janúar.

# Tónleikar til eflingar náttúruvernd

Miðasala á tónleika til eflingar náttúruvernd á Íslandi hefst á fimmtudag. Tónleikarnir verða haldnir í Laugardalshöll þann 7. janúar. Þar koma fram Björk, Damon Albarn, Sigur Rós, Hjálmar, Ham, Trabant, Magga Stína, Múm, Rass, KK, Zeena Parkins, Ghostigital og Egó, og einnig verða þar óvæntar uppákomur.

Með tónleikunum vilja skipuleggjendur og listamenn beina athyglinni að náttúru Íslands og því að hún sé ekki sjálfsögð uppspretta raforkuvera eða álvera. Allir listamenn, skipuleggjendur og þorri starfsmanna gefa vinnu sína í þágu málstaðarins.

Verði hagnaður af tónleikunum mun hann renna í sérstakan sjóð Náttúrufélags Íslands sem notaður verður til að efla náttúruvernd á Íslandi.

Miðsalan á tónleikana hefst klukkan 10.00 á midi.is, í verslunum 12 Tóna, Smekkleysu, BT og Skífunnar og í Kaffi Hljómalind. Miðaverð er 3.000 krónur í stúku en 2.500 í stæði auk miðagjalds. ■



## Stutt gaman hjá Sigurði

Ungi knattspyrnumaðurinn Sigurður Donys Sigurðsson hefur náð samkomulagi við forráðamenn Keflavíkur um að rifta samningi sínum við félagið, en hann skrifaði nýlega undir þriggja ára samning við félagið. Ástæðan er sú að Sigurður þarf í aðgerð á hné sem mun halda honum frá keppni í nokkurn tíma.

**sport**
sport@frettabladid.is

VIGNIR SVAVARSSON, VILHJÁLMUR HALLDÓRSSON OG RÓBERT GUNNARSSON: VÖKTU ATHYGLI

# *Skrautlegir landsliðsmenn í handbolta*

Það var ekki bara góður leikur íslenska landsliðsins í handbolta sem vakti athygli um helgina því útlit þriggja leikmanna liðsins - Vignis Svavarssonar, Vilhjálms Halldórssonar og Róberts Gunnarssonar – vakti gríðarlega athygli. Róbert er fúlskeggjaður en þeir Vignir og Vilhjálmur skörtuðu skemmtilegri móhíkanaklippingu. Ástæða skeggvaxtarins hjá Róberti er sú að hann rakar sig ekki fyrr en Gummersbach tapar leik en hver ætli ástæðan sé fyrir móhíkanaklippingunni hjá hinum tveimur sem leika báðir með danska félaginu Skjern.

“Ef maður stendur fyrir framan spegil með rakvél í hönd fer allskyns vitleysa í gang,” sagði línumaðurinn Vignir en hann reið á vaðið fyrir rúmri viku síðan. Jón Þorbjörn Jóhannesson, sem leikur með þeim hjá Skjern, fylgdi fordæmi Vignis og í kjölfarið kom pressa á Vilhjálm og Aron Kristjánsson, þjálfara liðsins. “Það kom pressa frá öllum í bænum að Villi klippti sig líka og hann lét að sjálfsögðu undan pressunni. Nú er Aron næstur.”



Vignir segir að hann sé myndarlegastur þeirra þriggja með klippinguna en ætli hann hafi ráðgert einhverja skemmtilega klippingu fyrir EM í janúar?

“Nei, ég get nú ekki sagt það,” sagði Vignir en neitar þó að loka á að hann bjóði upp á álíka stíl og Jón Arnar Magnússon gerði á stórmótum. “Ég efast um það en maður á aldrei að segja aldrei.”

## Íris Andrésdóttir hætt

Knattspyrnukonan og fyrirliði Vals til síðustu ára, Íris Andrésdóttir, hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna eftir 15 ára farsælan feril með Hlíðarendaliðinu. Sem fyrirliði hefur Íris tekið á móti öllum þeim bikurum sem hægt er að fá í kvennaknattspyrnunni hér á landi síðustu þrjú árin með Val.



Þá lék Íris 14 leiki fyrir A-landslið kvenna á ferlinum.



**GEORGE BEST** Var gjaldþrota þegar hann lést í síðustu viku.

Dauði George Best:

## Þurfti ekki að borga krónu

**FÓTBOLTI** Knattspyrnugoðið George Best, sem lést í síðustu viku eftir áralanga baráttu við lifrarsjúkdóm, þurfti ekki að borga krónu fyrir sjúkralegu sína undir það síðasta, né lifrarígræðsluna sem hann gekkst undir fyrir nokkrum árum og lengdi líf hans umtalsvert. Ástæðan fyrir því er einföld – Best var gjaldþrota og ákvað Crommwell-sjúkrahúsið, þar sem Best dvaldi lengst af, að láta allan kostnað niður falla.

„Ég get ekki rætt um kostnað á meðhöndlun fyrir einstaka sjúklinga,“ sagði Jeffrey Brandon, talsmaður Crommwell, en ákvörðun sjúkrahússins hefur vakið upp töluverða reiði á meðal almennings í Bretlandi þar sem um klárlega mismunun er að ræða á milli stétta. Fjölmiðlar voru uppfullir frétta um Best alla síðustu viku og var því um frábæra auglýsingu fyrir Crommwell að ræða. Brandon þverneitaði þó fyrir að það hefði eitthvað haft með þá ákvörðun sjúkrahússins að gera að rukka ekki aðstandendur Bests fyrir kostnaði á sjúkralegunni. **- vig**

Knattspyrnufélagið Leeds:

## Biðst afsökunar

**FÓTBOLTI** Stjórn Leeds United sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem félagið biðst afsökunar á hegðun stuðningsmanna félagsins um helgina en sumir þeirra létu öllum illum látum þegar George Best var minnst með einnar mínútu þögn.

„Við biðjum alla viðkomandi afsökunar á þessari hegðun og við munum gera allt til þess að hafa uppi á viðkomandi einstaklingum,“ sagði m.a. í yfirlýsingu félagsins. **- vig**

# Aðstaða sem mun nýtast íþróttahreyfingunni í heild sinni

**Knattspyrnuakademía Íslands og Kópavogsbær skrifuðu í gær undir samninga um uppbyggingu og rekstur heilsuseturs í Kópavogi. Um er að ræða einhvern stærsta samning sem bæjarfélag á Íslandi hefur skrifað undir.**

**ÍÞRÓTTAMANNVIRKI** Knattspyrnuakademía Íslands og Kópavogsbær gengu í gær frá samningum um framkvæmdir glæsilegs heilsu-, íþrótta- og fræðaseturs við Vallarkór í Kópavogi. Um er að ræða 25 ára samstarfssamning sem metinn er á 5-6 milljarða að sögn Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra Kópavogs, og felur hann í sér að bærinn beri kostnað af framkvæmd fjölnota íþróttahúss auk íþróttavalla utanhúss. Knattspyrnuakademían mun hins vegar bera kostnað af gerð íþróttahúss, heilsurækt, sundlaugar og þjónustumiðstöðvar.

„Við höfum mikla trú á þessu verkefni og það sést best á því að þetta er einhver mesta skuldbinding sem bæjarfélag á Íslandi hefur lagt í,“ sagði Gunnar eftir undirskriftina í gær en stefnt er á að framkvæmdir hefjist strax í byrjun næsta árs.

Arnór Guðjohnsen, fyrrverandi atvinnumaður og stofnandi Knattspyrnuakademíunnar, kveðst binda miklar vonir um að samstarfið verði sem farsælast og segir hann væntanlega aðstöðu verða einstaka á landinu. Knattspyrnan verður sem fyrr í fyrirrúmi hjá Arnóri og félögum en hann segir að rætt hafi verið við ÍSÍ og sérsambönd á borð við HSÍ með mögulegt samstarf í huga. „Þar hafa viðbrögðin verið mjög góð þannig að það má líta á þetta sem módel sem nýtist flestum íþróttagreinum,“ segir Arnór.

Logi Ólafsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari og samstarfsmaður Arnórs í Akademíunni, segir að hið nýja heilsusetur geti vel orðið miðstöð íþrótta í Kópavogi. Hugmyndir um byggingu framhaldsskóla á svæðinu hafa auk þess verið reifaðar við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og að sögn Loga var vel tekið í þær.

„Þessi aðstaða mun nýtast íþróttahreyfingunni í heild sinni og er hún kjörin fyrir ungt fólk til að stunda sitt nám samhliða því að stunda sína íþrótt af fullum krafti,“ segir Logi en stefnt er á að sérstök íþróttabraut verði innan fyrirhugaðs framhaldsskóla þar sem afreksfólk í íþróttum mun koma saman.

Framkvæmdirnar eru fjármagnaðar á ýmsan hátt en að sögn Gunnars kemur stærsti hlutinn úr bæjarsjóði Kópavogs. Framkvæmdum hefur þegar verið skipt í sex áfanga en fyrirhugað er að heilsusetrið verði tilbúið í allri sinni dýrð í lok ársins 2008.

**vignir@frettabladid.is**




**SNÚUM BÖKUM SAMAN** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, og Arnór Guðjohnsen, stofnandi Knattspyrnuakademíunnar, vonast til að samstarf þeirra verði sem lengst og farsælast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GLÆSILEGT MANNVIRKI** Hin nýja íþróttamiðstöð verður staðsett við Vallarkór í Kópavogi, ekki langt frá Elliðavatni.




Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, mærir ungstirnið Wayne Rooney:

# Líkir Rooney við George Best

**FÓTBOLTI** Vonarstjarna enskrar knattspyrnu, Wayne Rooney, átti stórleik fyrir Man. Utd gegn West Ham og stjórinn hans, Sir Alex Ferguson, hefur nú líkt honum við sjálfan George Best.

„Ég var að vona að einhver myndi sýna álíka tilþrif og Best í leiknum og Wayne sá um það. Hann er aðeins tvítugur og án nokkurs vafa besti ungi leikmaðurinn sem ég hef séð um ævina,“ sagði Ferguson. „Ef hann heldur áfram að þróast á sama hraða þá á hann eftir að verða ótrúlega öflugur.“

Rooney var hógvær þegar hann var spurður út í ummæli Fergusons. „George var einn af þeim bestu ef ekki besti leikmaður heims. Ég á langt í land með að verða jafn góður og hann var en vonandi á einhver eftir að tala jafn vel um mig í framtíðinni og gert er um Best,“ sagði Wayne Rooney sem hefur verið þekktur fyrir flest annað en lítillæti hingað til. **- hbg**



**WAYNE ROONEY** Á hugsanlega eftir að verða betri en George Best var. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




# SKÝR SKILABOÐ

UNGA FÓLKIÐ VELUR HELGARBLAÐ DV*




**LYKILHÓPUR NEYTENDA SETUR HELGARBLAÐ DV Í FYRSTA SÆTI**

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (október 2005) lesa Íslendingar á aldrinum 20-29 ára DV mest allra blaða um helgar. DV sækir á í öllum aldurshópum og er uppsafnaður lestur 40% hjá öllum Íslendingum 50 ára og yngri, á meðan lestur Blaðsins er 39%.** Við hvetjum auglýsendur til að nýta sér hagstætt snertiverð hjá DV. Okkar skilaboð eru skýr!

Auglýsingasíminn er **550 5000**

*Lestur á laugardögum hjá Íslendingum á aldrinum 20-29 ára.
**Uppsafnaður lestur í vikunni.

DV
ÞORIR ÞEGAR AÐRIR ÞEGJA!

Rannsókn að hefjast vegna ólátanna í Tyrklandi:

# Sú stærsta í sögu FIFA

**FÓTBOLTI** Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, hefur hafið rannsókn á ólátunum eftir leik Tyrklands og Sviss á dögunum þar sem allt varð vitlaust og út brutust slagsmál.

„Þetta verður viðamesta rannsókn í sögu FIFA,“ sagði talsmaður Alþjóðaknattspyrnusambandsins en forseti FIFA, Sepp Blatter, hefur lofað því að rannsókninni verði lokið fyrir 9. desember. Þá verður einmitt dregið í riðla fyrir HM sem fram fer í Þýskalandi næsta sumar.

Mikil reiði er í garð Tyrkja vegna uppákomunnar í Istanbúl og vilja þeir hörðustu að Tyrkjum verði meinuð þátttaka frá alþjóða keppnum næsta ár. - hbg



**HASAR** Tyrkinn Alpay sparkar hér í afturendann á einum leikmanna Sviss. Slagsmálin héldu áfram í göngunum skömmu síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES






# Markmiðið er að komast í EM-hópinn sem skytta

**Logi Geirsson hefur fulla trú á því að hann sé maðurinn sem geti leyst vandræðastöðuna í handboltalandsliðinu. Hann spilar sinn fyrsta leik í sex mánuði í kvöld og lofar tíu mörkum þótt leikið sé á útivelli gegn sterku liði Kiel.**

**HANDBOLTI** Það er stórleikur í 16-liða úrslitum þýska bikarsins í kvöld þegar Kiel tekur á móti Íslendingaliðinu Lemgo. Leikurinn er merkilegur fyrir þær sakir að þetta er fyrsti leikurinn sem Logi Geirsson leikur í tæplega hálft ár en hann hefur glímt við þrálát meiðsli.

„Ég spilaði síðast landsleiki í maí og það er loksins að koma að þessu,“ sagði Logi mjög kátur og heyra mátti að dvölin utan vallar hafði lítil áhrif haft á egóið. „Ég finn að maður er strax orðinn bestur á æfingunum. Það var öllu tjaldað til strax á fyrstu æfingunni.“

Logi var upphaflega fenginn til Lemgo sem hornamaður en sökum meiðsla hjá liðinu endaði Logi lengi vel í skyttuhlutverkinu þar sem hann kom skemmtilega á óvart með góðum leik jafnt í deild sem og Meistaradeild. Logi hefur fulla trú á sér sem skyttu sem hann segir sína framtíðarstöðu.

„Mín markmið eru að festa mig í sessi sem skytta hjá Lemgo enda skoraði ég miklu meira þar en í horninu í fyrra. Ég er ekkert minni en sumar skytturnar hérna og get vel spjarað mig sem skytta á meðal þeirra bestu. Næst á dagskrá er að slá Tékkann Filip Jicha úr liðinu en hann er skytta númer eitt sem stendur. Ég tel mig vera betri en hann og því er það vel raunhæft að slá hann út,“ sagði Logi sem telur sig vel geta leyst vandræðastöðuna í landsliðinu þessa dagana sem er staða vinstri skyttu. „Mitt markmið er að komast í EM-hópinn sem skytta. Það er ekki spurning. Ég meira en treysti mér til þess að leysa þessa stöðu á EM.“



**MEÐ SJÁLFSTRAUSTIÐ Í LAGI** Logi Geirsson er klár í slaginn á ný og hefur nú þegar sett sér háleit markmið með landsliðinu og félagi sínu, Lemgo. FRÉTTABLAÐIÐ/TOMMY HOLL

Logi lofaði fyrir nokkru að hann myndi skora 10 mörk í sínum fyrsta leik eftir meiðslin. Það sem meira er þá er hann búinn að veðja við fjölda manns um að hann nái að skora þessi tíu mörk. Það verður ekki auðvelt að ná því takmarki gegn eins sterku liði og Kiel en Logi er hvergi banginn.

„Ég er búinn að tala við þjálfarann um að stilla mér upp í skyttunni og ég á ekki von á öðru en að fá að byrja þar. Þetta verður fjör,“ sagði Logi Geirsson og verður áhugavert að fylgjast með gangi mála í kvöld.

henry@frettabladid.is








**LYFJAPRÓF** Starfsmaður lyfjaeftirlitsins á Ólympíuleikunum sést hér við vinnu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Mikið að gera hjá lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ þessa dagana:

# Taka um 120-130 próf á ári

**LYFJAEFTIRLIT** Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ hefur farið mikinn síðustu vikurnar og tekið fjölda lyfjaprófa. Tvisvar sinnum hafa frjálsíþróttamenn tekið próf á þessum tíma hjá lyfjaeftirlitsnefnd og einnig hafa iðkendur í handbolta, íshokkíi, blaki, sundi og fitness lent í klóm lyfjaeftirlitsnefndar.

„Það er engin annarleg ástæða fyrir þessum fjölda lyfjaprófa,“ sagði Áslaug Sigurjónsdóttir, formaður lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, við Fréttablaðið. „Við höfum verið róleg framan af ári en erum að vinna það upp núna.“

Áslaug segir að lyfjaeftirlitsnefndin taki um 120-130 próf á ári en hvert próf kostar um 40-45 þúsund krónur með öllu. Hlutverk lyfjaeftirlitsnefndarinnar er fyrst og fremst að veita íþróttamönnum aðhald. Nefndin getur látið iðkendur sem eru innan ÍSÍ taka próf hvar og hvenær sem er. Neiti einstaklingar að gangast undir próf eru þeir taldir hafa fallið. Nefndin getur einnig tekið íþróttamann í próf sem hún hefur grun um að neiti ólöglegra lyfja.

„Það er aldrei að vita hvar við bönkum upp á næst. Íþróttamenn eiga að vera meðvitaðir um að þeir geti lent í lyfjaprófi hvar og hvenær sem er því það veitir visst aðhald,“ segir Áslaug, en á næsta ári mun nefndin gera átak í fræðslumálunum.

Fyrir utan hefðbundið eftirlit tekur nefndin einnig próf fyrir þá sem æskja þess. Til að mynda fóru aðstandendur Icefitnessmótsins fram á að lyfjaeftirlitsnefndin tæki próf fyrir þá og greiddu sérstaklega, fyrir enda er fitness-hreyfingin ekki hluti af ÍSÍ. Mikið hefur verið rætt um málefni kraftlyftingamannsins Benedikts Magnússonar sem setti heimsmet í réttstöðulyftu á dögunum. Ekki voru tekin nein lyfjapróf á mótinu og því fær Benedikt metið ekki staðfest. Áslaug segir að Benedikt hefði getað leitað til hennar og tekið próf hefði hann haft áhuga á því.

Tveir einstaklingar hafa fallið á lyfjaprófi í ár, einn í sundi og annar í körfubolta. Það er rétt yfir því sem venjulegt getur talist.

„Miðað við önnur lönd ætti innan við einn á ári að falla á lyfjaprófi hjá okkur. Síðasta ár var slæmt enda féllu óvenju margir en árið í ár hefur verið eðlilegra,“ sagði Áslaug. henry@frettabladid.is



**HELGA JÓNASDÓTTIR** Átti fínan leik fyrir ÍS í gær, skoraði 12 stig og tók átta fráköst.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Iceland Express-deild kvenna:

## ÍS sigraði í háspennuleik

**KÖRFUBOLTI** Stúdínur unnu magnaðan sigur á Grindavík í stórskemmtilegum leik í Iceland Express-deild kvenna í gærkvöld, 80-70. Úrslitin réðust ekki fyrr en í framlengingu því staðan að loknum venjulegum leiktíma var 69-69 þar sem Þórunn Bjarnadóttir jafnaði fyrir ÍS með ótrúlegri þriggjastiga körfu þegar þrjár sekúndur voru eftir. Jöfnunarkarfan var mikið áfall fyrir leikmenn Grindavíkur og nýttu heimastúlkur sér sinn meðbyr til hins ýtrasta í framlengingunni, eins og lokatölurnar gefa til kynna.

Grindavík byrjaði mun betur og hafði sjö stiga forystu að loknum fyrsta leikhluta en Stúdínur svöruðu með mjög góðum öðrum leikhluta og náðu þær góðri forystu fyrir hálfleik 36-26. Grindavík náði jafnt og þétt að saxa á forskot ÍS og komst síðan yfir 64-60 en með mikilli baráttu á lokamínútunum náði ÍS að tryggja sér framlengingu.

Helga Jónasdóttir og Corrie Mizusawa áttu mjög góðan leik fyrir ÍS og þá má ekki gleyma þætti Þórunnar Bjarnadóttur, sem skoraði mjög mikilvægar körfur. Hjá Grindavík voru Jessica Watson og Hildur Sigurðardóttir í sérflokki, en Watson skoraði 29 stig og tók 15 fráköst. - vig

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild kvenna:*

ÍS-GRINDAVÍK 70-60

**Stig ÍS:** Corrie Mizusawa 17, Helga Jónasdóttir 12, Þórunn Bjarnadóttir 12, Signý Hermannsdóttir 9 (12 fráköst), Helga Þorvaldsdóttir 8, Lovísa Guðmundsdóttir 5, Stella Kristjánsdóttir 4, Hanna B. Kjartansdóttir 4.

**Stig Grindavíkur:** Jerica Watson 29 (15 fráköst), Hildur Sigurðardóttir 16, Jovana L. Stefánsdóttir 9, Alma Garðarsdóttir 6, Ólöf H. Pálsdóttir 6, Petrúnella Skúladóttir 2, Elva R. Sigmarsdóttir 2.

Slagsmál á Brúnni:

## Chelsea sektað

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið hefur sektað Chelsea um 30 þúsund pund, eða rúmar 3 milljónir króna, vegna óláta milli stuðningsmanna sem urðu á heimavelli félagsins eftir leik gegn West Ham þann 27. október árið 2004.

Það var einnig allt vitlaust meðan á leiknum stóð og til að mynda varð Mateja Kezman að leita aðstoðar sjúkraliða meðan á leik stóð eftir að hafa fengið aðskotahlut í höfuðið. Hann skoraði síðan eina mark leiksins. - hbg

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

26 27 28 **29** 30 31 1

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

☐ 20.00 **Valur** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild karla í handbolta.

### SJÓNVARP

☐ 17.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur.

☐ 19.35 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Doncaster gegn Aston Villa.

☐ 22.00 **Bardaginn mikli** á Sýn. Ali gegn Frazier.

☐ 22.55 **Ensku mörkin** á Sýn.

David Beckham hefði viljað kveðja stuðningsmenn Man. Utd. á annan hátt:

# Skil ekki enn af hverju ég var seldur

**FÓTBOLTI** David Beckham, fyrirliði enska landsliðsins og fyrrverandi leikmaður Manchester United, segist enn þann dag í dag ekki skilja af hverju hann var seldur frá félaginu til Real Madrid árið 2003. Þetta sagði Beckham í viðtali sem tekið var við hann af tilefni af óvæntu brotthvarfi Roy Keane.

„Salan á mér kom mér sjálfum mest allra á óvart," sagði Beckham og bætti því við að hann hefði stokkið á tækifæri til að kveðja stuðningsmenn Man. Utd. formlega. Það fær Keane einmitt í lok leiktíðarinnar en þá er fyrirhugaður kveðjuleikur honum til heiðurs á Old Trafford. „Ég var þarna hálfa mína ævi og fékk aldrei að segja bless. Ég hef aldrei komið aftur á Old Trafford til að spila. En ég neita því ekki að það væri mjög gaman," segir Beckham.

Hann sagði ennfremur að hann hefði fengið sjokk þegar hann heyrði af brotthvarfi Roy Keane. „Ég trúði því varla. Ég vona að hans verði minnst fyrir þau tólf ár sem hann spilaði fyrir félagið og alla þá titla sem hann vann á þeim tíma, en ekki brotthvarfið. Stuðningsmennirnir elskuðu hann og fyrir mig var það mikill heiður að spila við hlið hans," sagði Beckham og bætti að lokum við að það væri afar ólíklegt að hann myndi snúa aftur til Englands „Ég er mjög ánægður hjá Real en það er aldrei hægt að segja aldrei." - vig



**FAGNAÐ HJÁ MAN. UTD.** Beckham hefur áður lýst því yfir að hann hefði aldrei yfirgefið Man. Utd. hefði hann átt þess kost.



**VERÐLAUNIN KYSST** Ronaldinho leiddist ekki að taka á móti gullboltanum góðkunna á verðlaunaafhendingunni í París í gærkvöld. Ronaldinho kyssti hann og knúsaði fyrir ljósmyndarana á staðnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ronaldinho valinn bestur

**Brasilíski miðjumaðurinn Ronaldinho var valinn besti knattspyrnumaður Evrópu við hátíðlega athöfn í París í gær. Tveir enskir landsliðsmenn komu í næstu sætum á eftir, Frank Lampard í öðru og Steven Gerrard í því þriðja.**

**FÓTBOLTI** „Það er sem draumur fyrir mig að vinna þessi verðlaun og ótrúlegur heiður. Með því að horfa til þeirra leikmanna sem hafa áður unnið þennan titil líður mér sem ég sé sérstakur leikmaður og hvetur mig til að halda áfram að leggja mig fram fyrir Barcelona og brasilíska landsliðið," sagði knattspyrnusnillingurinn Ronaldinho, sem í gær var kosinn besti knattspyrnumaður Evrópu og fékk að launum gullknöttinn fræga.

Ronaldinho þótti langsigurstranglegastur fyrir kjörið sem franska tímaritið France Football stóð fyrir eins og það hefur gert síðastliðin 50 ár. Hann fékk 148 stig frá þeim 52 blaðamönnum sem hafa atkvæðarétt, en annar varð enski landsliðsmaðurinn hjá Chelsea, Frank Lampard. Þriðji varð fyrirliði Evrópumeistara Liverpool, Steven Gerrard. Fjórði varð Thierry Henry, sóknarmaður Arsenal, en úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko varð í fimmta sæti.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ronaldinho hlýtur þessi eftirsóttu verðlaun en þessi 25 ára gamli leikmaður varð í þriðja sæti í kjörinu á síðasta ári, en þá var það Shevchenko sem varð fyrir valinu. Hann er þriðji leikmaður Brasilíu frá upphafi sem fær gullknöttinn, en áður hafði Ronaldo unnið hann árin 1997 og 2002 og Rivaldo árið 1999.

„Það er mikil vinna sem liggur að baki þessum árangri mínum. Ég hef alltaf lagt mig allan fram, jafnt á æfingum sem og leikjum, og nú er ég að uppskera fyrir þá erfiðisvinnu," sagði Ronaldinho jafnframt við verðlaunaafhendinguna í gær.- vig



**ZINEDINE ZIDANE** Vill fá Michael Ballack til Real Madrid.

Zinedine Zidane:

## Vill fá Ballack til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Franski knattspyrnusnillingurinn Zinedine Zidane segir að þýski miðjumaðurinn Michael Ballack sé einmitt leikmaðurinn sem Real Madrid vantar. Nánast öruggt þykir að Ballack yfirgefi herbúðir Bayern Munchen í lok leiktíðar.

„Ef það er einhver leikmaður sem býr yfir þeim hæfileikum sem munu nýtast Real Madrid, þá er það Michael Ballack," sagði Zidane í gær. „Samt sem áður geri ég mér grein fyrir því að það verður erfitt fyrir okkur að spila saman inni á vellinum. Það verður ekki auðvelt fyrir mig að halda sæti mínu í liðinu en það breytir því ekki að ég mun taka á móti honum með opnum örmum kjósi hann að koma til okkar," sagði Zidane. - vig

Logi Gunnarsson:

## Með enn einn stórleikinn

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Logi Gunnarsson spilaði enn og aftur frábærlega fyrir lið sitt Bayreuth í Þýskalandi um helgina. Logi skoraði 29 stig í 87-81 sigri á TV Lich og tók auk þess 6 fráköst. Logi hefur nú skorað rúm 20 stig að meðaltali í leik á tímabilinu fyrir Bayreuth og virðist vera langbesti leikmaður síns liðs.

Jón Arnór Stefánsson skoraði 13 stig þegar lið hans Carpisa Napoli vann góðan sigur á Siena á útivelli, 93-88. Eftir heldur brösuga byrjun hefur Carpisa verið að ná góðum úrslitum í síðustu leikjum og er liðið nú í 4. sæti deildarinnar með sex sigra í níu leikjum.

Þá skoraði Jakob Sigurðarson 9 stig fyrir lið sitt Bayern Leverkusen í þýsku úrvalsdeildinni þegar liðið tapaði fyrir EWE Oldenburg, 101-107. Jakob tók auk þess sjö fráköst og gaf þrjár stoðsendingar. - vig

# *Íslenska landsliðið er í heimsklassa*

**UTAN VALLAR**
ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA



**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Það eru spennandi tímar í íslenskum handknattleik enda hefur íslenska landsliðið í handbolta ekki verið eins sterkt og skemmtilegt í áraraðir. Það hefur liðið sannað með spilamennsku sinni í síðustu leikjum. Upp eru komnir gríðarlega sterkir einstaklingar og sá leiftrandi sóknarleikur sem Viggó Sigurðsson hefur búið til kveikti neistann í hjörtum handknattleiksáhugamanna á nýjan leik.

Það er orðið gaman að horfa á handboltalandsliðið spila á ný og krafan um árangur á EM byggist upp með hverjum leik.

Þarf ekki að undra þar sem Ísland teflir klárlega fram einu besta landsliði heims um þessar mundir en það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því hversu gott íslenska landsliðið er í raun og veru.

Í vinstra horninu er heitasti handboltamaður heims í dag, Guðjón Valur Sigurðsson, sem er markahæstur í sterkustu deild heims. Við hlið hans eigum við Jaliesky Garcia sem er ágætis skytta á alþjóðamælikvarða. Á miðjunni er Snorri Steinn Guðjónsson, drengur sem er hlaðinn hæfileikum og í sífelldri sókn. Hann var valinn í lið ársins í þýsku deildinni á síðasta ári og það eitt og sér segir sína sögu. Um Ólaf Stefánsson þarf ekki að fjölyrða og Einar Hólmgeirsson er á góðri leið með að verða einn mesta stórskytta sem Íslendingar hafa átt. Í hægra horninu er síðan Alexander Peterson sem er búinn að stimpla sig rækilega inn í þýska boltann sem og landsliðið með frábærri frammistöðu á HM í Túnis. Á línunni er síðan besti handboltamaður Danmerkur, Róbert Gunnarsson, sem er að spila með toppliðinu í þýsku deildinni í dag.

Eina sem liðið vantar í raun er markvörður sem ver alltaf um 20 bolta því fyrir utan þessa einstaklinga sem eru nefndir hér að ofan eru fleiri mjög frambærilegir leikmenn sem styrkja hópinn. Nægir að nefna menn eins og Sigfús Sigurðsson í því sambandi.

Íslenska landsliðið í dag er í heimsklassa og byrjunarlið okkar er klárlega eitt af fimm sterkustu byrjunarliðum heims í dag. Það er ekkert flóknara en það. Það sem meira er þá virðist ríkja frábær andi innan hópsins en hann verður að vera til staðar eigi árangur að nást.

Þótt það hafi kostað sitt þá gerði Viggó Sigurðsson rétt í því að gefa nýjum mönnum tækifæri á HM í Túnis og hann er að uppskera fyrir þá ákvörðun í dag. Lykilleikmenn fengu mikilvæga reynslu sem mun koma þeim til góða á EM í Sviss í janúar og liðið hefur styrkst við hverja raun. Það er að koma fiðringur fyrir EM og vonandi tekst strákunum að standa undir þeim væntingum sem réttilega verða til þeirra gerðar á mótinu.



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I was thinking of calling him Alphonsius.“**

**Svar:**
Angela McCourt úr kvikmyndinni Angela's Ashes frá árinu 1999.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER DOLFALLINN YFIR NFL TILÞRIFUM

# *Íþrótt og sjónvarp í sömu sæng*

Fáir komast með tærnar þar sem Bandaríkjamenn hafa hælana í vinnslu á íþróttaefni. Það er hrein unun að sjá hvernig þeim tekst að búa til dramatík, spennu og gleði sem bestu kvikmyndaleikstjórar heims gætu verið fullsæmdir af.

Það er stutt síðan NFL-deildin rataði inn á heimili okkar og farið var að sýna beint frá leikjum deildarinnar í hverri viku. Reyndar er þessi íþrótt okkur ekkert alveg hulinn heimur því við höfum kynnst henni í gegnum fjöldann allan af Hollywood-kvikmyndum. Nægir þar að nefna Any Given Sunday þar sem Al Pacino lék skapbráða þjálfarann Tony D'Amato. Af þeirri mynd að dæma er NFL-deildin undirlögð af hvers kyns freistingum og fögrum fljóðum.

Það er engu til sparað þegar kemur að umgjörðinni en ég hélt alltaf að kvikmyndirnar ýktu raunveruleikann. Svo sá ég NFL tilþrif á Sýn. Þulurinn er með djúpa karlmannalega rödd sem minnir á þá sem kynna nýjustu myndirnar í kvikmyndahúsum borgarinnar. Textinn ljóðrænn og stundum var ég í vafa um hvort náunginn væri að segja frá kappleik eða lýsa uppfærslu á Svanavatninu. Myndvinnslan er hreint augnakonfekt og NFL tilþrif minna stundum meira á kvikmynd en fréttaþátt um leiki vikunnar.



**PEYTON MANNING** Ein skærasta stjarna NFL-deildarinnar en áhugi á íþróttinni vex með ári hverju, ekki síst vegna skemmtilegrar framsetningar.

Glansmyndin sem brugðið er upp af þessari íþrótt hefur orðið til þess að lítil þjóð úti á ballarhafi sér útsendingar frá henni. Því þrátt fyrir að NFL-deildin sé ótrúlega „bandarísk“ þá hefur henni tekist með sjónvarpstækninni að vopni að skapa fyrirbæri sem nýtur vinsælda úti um allan heim.



▶ 22.25 *Sakamál*

ÓDÁÐABORG



▶ 22.00 *Nýtt*

OVER THERE



▶ 20.30 *Keppni*

IDOL EXTRA



▶ 22.00 *Drama*

JUDGING AMY



▶ 19.35 *Fótbolti*

DONCASTER ROVERS-ASTON VILLA

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (14:25) **18.25** Tommi togvagn (9:26)

**18.30 Gló magnaða (27:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Veronica Mars (10:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum.
**21.10 H.C. Andersen – Saga af skáldi (1:2)** Ný leikin dönsk heimildarmynd í tveimur hlutum um ævintýraskáldið Hans Christian Andersen.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Ódáðaborg (4:4)** (Murder City) Breskur sakamálaflokkur. Meðal leikenda eru Amanda Donohoe, Kris Marshall, Geff Francis, Amber Agar, Laura Main og Connor McIntyre. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.35** Örninn (5:8) **0.35** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** Grey's Anatomy (1:9) **11.05** Eldsnöggt með Jóa Fel (e) **11.35** Alf

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air (24:25) **13.30** Life Begins (3:8) **14.20** The Guardian (9:22) **15.05** Extreme Makeover – Home Edition (3:14) **16.00** Shin Chan **16.20** Töframaðurinn **16.40** He Man **17.05** Ginger segir frá **17.30** Finnur og Fróði **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (17:23)** Marge er í ævintýraleit og kaupir sér nýja dyrabjöllu.
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Amazing Race 7 (13:15)**
**21.15 Numbers (2:13)** (Tölur) Nýir bandarískir sakamálaþættir um stærfræðisnilling sem vinnur með bróður sínum, sem er yfirmaður hjá FBI, við að leysa snúin sakamál. Hér eru á ferð vel skrifaðir og krefjandi sakamálaþættir, sem líkt hefurverið við Cold Case og bresku Prime Suspect. Bönnuð börnum.
▶ **22.00 Over There (5:13)** (Á vígaslóð)
**22.45 Crossing Jordan (15:21)** (Réttarlæknirinn)

**23.30** Deadwood (10:12) **0.20** Route 666 (Stranglega bönnuð börnum) **1.50** Full Tilt Boogie (Stranglega bönnuð börnum) **3.30** Twenty Four 3 (4:24) (e) **4.20** Silent Witness 8 (4:8) (e) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Veggfóður** Hönnunar og lífsstílsþáttur.
**20.00 Friends 5 (3:23)**
▶ **20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina. Viðtöl við keppendurna, fylgst með þeim á æfingum og allt það sem gerist bak við tjöldin færð þú að sjá hér á Sirkus. Umsjón með þættinum hefur hárgreiðslumaðurinn og tískulöggan Svavar Örn.
**21.00 Laguna Beach (9:11)**
**21.30 Fabulous Life of**
**22.00 HEX (9:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.
**22.45 Fashion Television (5:34)**

**23.10** David Letterman **23.55** Friends 5 (3:23) (e)

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Silvía Nótt (e)**
**20.00 Borgin mín** Í þessum þætti leiðir Pétur Ó. Pétursson okkur um götur Pétursborgar.
**20.30 Allt í drasli**
**21.00 Innlit / útlit**
▶ **22.00 Judging Amy** Bandarískir þættir um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum. Amy þarf að dæma í máli 13 ára drengs sem drap afa sinn. Vincent verður vitni að hrottalegu morði. Amy og Davið leita sér að draumahúsinu.
**22.50 Sex and the City – 2. þáttaröð** Miranda hefur áhyggjur af því að hún sé að renna yfir seinasta söludag og hefur áhyggjur af því að pipra.

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

**17.30** UEFA Champions League **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 X-Games 2005** (X-Games 2005 – þáttur 5) Eitt vinsælasta sportið í Bandaríkjunum í dag Ótrúlegir taktar á hjólum, hjólabrettum og snjóbrettum.

▶ **19.35 Enski deildabikarinn** (Doncaster Rovers – Aston Villa)
**21.35 Timeless** (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.
**22.00 Bardaginn mikli** (Muhammad Ali – Joe Frazier) Í boxsögunni eru margir umtalaðir bardagar. Einn sá frægasti fór fram í Manila á Filippseyjum árið 1975.
**22.55 Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næstefstu deild.

**23.25** Enski deildabikarinn

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Princess Mononoke **8.10** What's the Worst That Could Happen? **10.00** Wishful Thinking **12.00** How to Lose a Guy in 10 Days **14.00** Wishful Thinking **16.00** Princess Mononoke **18.10** What's the Worst That Could Happen?
**20.00 How to Lose a Guy in 10 Days** Rómantísk gamanmynd.
**22.00 Seabiscuit** Sannsöguleg stórmynd sem var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna.
**0.15** Bandits (Bb) **2.15** Solaris (Bb) **4.00** Seabiscuit

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** The Soup UK **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 40 Celebrity Weddings & A Funeral **17.00** 40 Celebrity Weddings & A Funeral **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** E! Entertainment Specials **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The Soup UK **1.30** The Anna Nicole Show

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Aston Villa – Charlton frá 26.11 **16.00** Wigan – Tottenham frá 26.11 **18.00** Man. City – Liverpool frá 26.11
**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.
**22.00 Arsenal – Blackburn frá 26.11**
**0.00** Portsmouth – Chelsea frá 26.11 **2.00** Dagskrárlok


ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?




Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptíví í stafrænum hágæðum.
Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjá mánuði.

digital ísland

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## H.C. Andersen – Saga af skáldi Sjónvarpið **kl.21.10**

***Liðin eru 200 ár frá fæðingu H.C. Andersen***

### *Ævintýraskáldið*

Þessi leikna, danska heimildarmynd fjallar um ævintýraskáldið góðkunna Hans Christian Andersen. Danir hafa haldið upp á það með ýmsum hætti að í ár eru liðin 200 ár frá fæðingu skáldsins. Þar á meðal var myndin Unge Andersen framleidd sem Sjónvarpið sýndi um páskana og hlaut á dögunum alþjóðlegu Emmy-verðlaunin, glæsileg hátíðardagskrá var sýnd í beinni útsendingu og þessi mynd sem nú verður sýnd um ævi skáldsins. Leikstjóri er Piv Bernth og meðal leikenda eru Lars Mikkelsen, Christiane Bjørg Nielsen, Lars Sidenius, Lars Lippert, Morten Staugaard og Gisela Stille. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Hermann **14.30** Miðdegistónar **15.03** Líður að jólum **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Bær verður til **21.10** Púsl **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Slut **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **18.00**
*Fréttir*

KVÖLDFRÉTTIR

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi
▶ **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.
**21.10** **48 Hours** (48 stundir) (Strange Truth) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**21.55** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Football: Football World Cup Season Journeys **12.45** Football: Football World Cup Season News **13.00** Football: Eurogoals **14.00** Bowls: Scottish International Masters Scotland **16.30** Ski Jumping: World Cup Kuusamo **17.30** Football: Football World Cup Season Legends **18.30** Football: Football World Cup Season News **18.45** Football: Football World Cup Season Journeys **19.00** Boxing **20.00** Boxing **22.00** All sports: WATTS **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Football: UEFA Cup **0.15** News: Eurosportnews Report

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Bug Attack **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** When Expeditions Go Wrong **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megacities **19.00** Dangerous Encounters **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds From Disaster **22.00** When Expeditions Go Wrong **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** The Life of Birds **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Nightmares of Nature **20.30** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Nightmares of Nature **1.30** Animal Precinct

**DISCOVERY**

**12.05** Brain Story **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Fishing on the Edge **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Secret Life of Formula One **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Ultimates **21.00** Super Structures **22.00** Deadliest Catch **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv.new **18.00** The Rock Chart **19.00** Newlyweds **19.30** MY Super Sweet 16 **20.00** Power Girls **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Britney Spears **22.00** Punk'd **22.30** Wonder Showzen **23.00** Alternative Nation

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of ... **0.00** VH1 Hits





## HRÓSIÐ

*...fær Harpa Einarsdóttir fyrir vel heppnaða tískusýningu í Stokkhólmi.*

## HVERNIG FANNST ÞÉR TÓNLEIKAR SIGUR RÓSAR Í LAUGARDALSHÖLL?



**Hallgrímur Helgason rithöfundur**
„Mér fannst þetta stórkostleg upplifun. Það er gaman að sjá hversu „professional" þeir eru orðnir. Að mínu mati voru þessir tónleikar einir af hápunktunum í hinni nýju íslensku menningarsögu."

**Frosti Logason tónlistarmaður**
„Mér fannst þetta þvílíkt flott, ég fékk bara gæsahúð aftur og aftur. Síðast þegar ég sá Sigur Rós var það í Háskólabíói þegar þeir voru að gefa út nafnlausu plötuna og það var mjög flott. En þetta var algjör upplifun. Ég gekk út mjög sáttur."





**Helgi Björnsson tónlistarmaður**
„Mér fannst þeir frábærir. Þetta voru tilfinningaþrungnir tónleikar og það sást líka á þeim hvað þeim fannst gaman að spila á þessum tónleikum. Það hafa liðið nokkur ár síðan ég sá þá síðast og það er gaman að sjá hvað þeir eru orðnir sjóaðir í þessu. Lokalagið var auðvitað bara algjör snilld og hreinlega bara með því besta sem maður hefur séð."

**Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona**
„Þetta var bara alveg magnað, algjört æði. Þetta var í fyrsta skipti sem ég fer á tónleika með Sigur Rós og þeir voru bara algjörlega stórkostlegir frá A til Ö. Mér fannst hljómsveitin á undan, Amina, líka vera alveg frábær. Þetta var mjög áhrifamikið og hreinlega hljómflutningur á heimsmælikvarða."





**LÁRÉTT:** **2** þó **6** frá **8** blund **9** nægilegt **11** ætíð **12** stoðgrind **14** lítil ausa **16** utan **17** lítil **18** að **20** tveir eins **21** blóðormur.
**LÓÐRÉTT:** **1** djæf **3** bor **4** íslamstrúar **5** þrí **7** pedali **10** hlaup **13** prjónavarningur **15** ómargir **16** erlendis **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** samt, **6** af, **8** lúr, **9** nóg, **11** sí, **12** stell, **14** sleif, **16** út, **17** smá, **18** til, **20** ii, **21** igla.
**LÓÐRÉTT:** **1** dans, **3** al, **4** múslimi, **5** trí, **7** fótstig, **10** gel, **13** les, **15** fáir, **16** úti, **19** ll.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. Fimm þúsund manns
2. Thelma Ásdísardóttir
3. Zlatan Ibrahimovic

allt matur
Alla föstudaga

**RAGNAR BRAGASON:** MEGINÞORRINN TEKINN UPP Á YFIRDRÆTTI

# Kvikyndi verður að Börnum og Foreldrum

Kvikmyndin Kvikyndi, sem Ragnar Bragason leikstýrir og er að mestu skipuð leikurum frá leikhópnum Vesturporti, er orðin að tveimur kvikmyndum í fullri lengd. Sú fyrri verður að öllum líkindum frumsýnd í febrúar og ber heitið Börn. Þar leika þau Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir og Ólafur Darri Ólafsson undirmálsfólk sem lent hefur utangáttar í kerfinu. Seinni myndin ætti að vera klár seinna á árinu og heitir Foreldar en hún tekur á lífi yfirstéttarfólks. Þar fara Ingvar E. Sigurðsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir og Víkingur Kristjánsson með stærstu hlutverkin. Tónlistarmaðurinn Pétur Þór Benediktsson semur tónlistina við myndirnar.

Að sögn Ragnars varð Kvikyndi að tveimur myndum í tökuferlinu og þetta var síður en svo ákvörðun sem tekin var fyrir fram. Ástæðuna segir Ragnar vera að persónurnar hafi orðið það umfangsmiklar að þær hefðu aldrei getað rúmast í einni mynd svo vel væri gert. Myndirnar tvær eru sjálfstæðar en tengjast efnislega. Þær fjalla um mjög ólíkar stéttir í þjóðfélaginu sem eru þó að glíma við sömu vandamálin. „Okkur langaði til að gera mynd sem hefði tilfinningaleg áhrif á áhorfandann. Við vildum einblína á persónurnar en ekki plottið," útskýrir Ragnar, en hann fékk sex leikara til að vinna með sér persónur. Leikararnir vissu aldrei af verkum hver annars. „Leikararnir notuðu persónur sem þeir þekktu úr sínu eigin umhverfi og spunnu út frá því."

Upphaflega var gert ráð fyrir að byrjað yrði á tökum fyrir tveimur árum. Því var hins vegar slegið á frest þegar Vesturporti bauðst að fara með uppsetningu sína á Rómeó & Júlíu til London. Reyndar nýtti Ragnar sér tækifærið og gerði heimildarmynd um þessa ferð sem heitir Love Is in the Air. Persónur leikaranna fengu að sama skapi að gerjast á þessu tímabili og þær voru því orðnar nokkuð heilsteyptar þegar tökur hófust snemma á þessu ári. „Ingvar E. Sigurðsson leikur til að mynda tannlækni í myndinni en hann eyddi tveimur vikum í starfsþjálfun hjá einum slíkum hér í bæ," útskýrir leikstjórinn. Þá fer Gísli Örn Garðarsson með hlutverk handrukkara en leikarinn hitti fólk sem hefur reynslu af þeirri vafasömu iðju. „Flest allt sem gerist fyrir hann í myndinni er byggt á raunverulegum atburðum," bætir Ragnar við.

Fjármögnun á kvikmynd sem hefur ekkert eiginlegt handrit er illmöguleg að sögn Ragnars enda er yfirleitt gerð sú krafa að fullklárað handrit liggi á borðinu áður en farið er í tökur. Hópurinn setti það þó ekki fyrir sig heldur hafði tröllatrú á því sem þau voru að gera, sannfærð um að þetta myndi ganga upp að lokum. „Meginþorri af tökunum er tekinn upp á yfirdráttarheimild," segir Ragnar og hlær. „Þegar við gátum á hinn bóginn sýnt afrakstur reyndist ekki erfitt að fá fólk til liðs við okkur," bætir hann við.



**FORELDRAR** Ingvar E. Sigurðsson leikur tannlækni í Foreldrum. Hann eyddi tveimur vikum í starfsþjálfun hjá einum slíkum til að undirbúa sig fyrir myndina.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Björn Ingi Hrafnsson**, aðstoðarmaður forsætisráðherra, er kominn í prófkjörsham og stefnir beint á efsta sætið í opnu borgarstjórnarprófkjöri Framsóknarflokksins. Björn Ingi lýsti sem kunnugt yfir framboði sínu á dögunum og nú hefur heimasíðan hans, bjorningi.is, fengið hressilega andlitslyftingu. Græni framsóknarliturinn er að sjálfsögðu áberandi og efst á síðunni trónir ný ljósmynd af frambjóðandanum sem er greinilega fullmeðvitaður um að góð heimasíða er öllum alvörustjórnmálamönnum ómissandi.





Knattspyrnuhetjan **George Best** hefur yfirgefið þennan heim en fyrir utan afrekin á knattspyrnuvellinum er hans helst minnst fyrir að hafa drukkið allt frá sér, peninga og heilsu. Best er enn eitt dæmið um að gæfa og gjörvileiki eiga ekki alltaf samleið. Best hefur verið sagður „tragískur" en því hafnar **Egill Helgason** á heimasíðu sinni á Vísi.is. „Einhvers staðar sá ég að fótboltamaðurinn George Best var kallaður tragískur. Ég veit ekki. Er maður sem drekkur sig í hel tragísk persóna?, spyr Egill og svarar sér síðan sjálfur. „En efnaður maður sem þarf ekki annað en að fara út í búð eftir næstu flösku, hann er varla tragískur. Það er frekar að maður vorkenni honum fyrir ístöðuleysið. Hann er aumkunarverður."

**Össur Skarphéðinsson** alþingismaður hefur tekið að sér formennsku í nýrri Íslandsdeild Spes-samtakanna sem vinna að því að byggja barnaþorp fyrir munaðarlaus börn í Lomé, höfuðborg Togo í Afríku. Össur segist hafa tekið verkefnið að sér fyrir „orðastað **Njarðar P. Njarðvík**, sem er aðalhvatamaðurinn að samtökunum". Megintilgangur Íslandsdeildar Spes er að afla fjár til að standa straum af byggingu barnaþorpsins og finna styrktarforeldra sem kosta uppeldi og menntun barnsins sem þau taka að sér. Nú þegar eru 19 styrktarforeldrar á Íslandi og tveir bíða eftir að fá barn til að styrkja.



Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

# Roger Moore kemur til Íslands í fyrsta sinn

Enski leikarinn sir Roger Moore er væntanlegur hingað til lands á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Verður leikarinn viðstaddur undirritun styrktarsamnings þriggja fyrirtækja sem vilja leggja sitt af mörkum til að bæta líf barna í þróunarlöndum. Ekki verður afhjúpað hvaða fyrirtæki er um að ræða fyrr en á fundinum en Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, sagði verkefnið vera eitt það stærsta sem samtökin hér á landi hefðu tekið þátt í. „Hið mikla umfang verkefnisins er meðal annars ástæða þess að við gátum fengið Sir Roger Moore til að koma."

Moore er annar velgjörðarsendiherra UNICEF sem kemur til landsins á tiltölulega skömmum tíma en í fyrra heimsótti Harry Belafonte landið heim. Moore var fyrir tveimur vikum staddur á Indlandi en hann þykir mjög reyndur á sínu sviði. „Það að svona nafntogaðir einstaklingar eins og hann leggi málstaðnum lið nýtist samtökunum mjög vel," segir Stefán Ingi en hann telur það mjög mikilvægt þegar fólk sem kann að koma fyrir sig orði deilir reynslu sinni með öðrum líkt og Moore gerir.

Þótt ótrúlegt megi virðast er þetta í fyrsta skipti sem Roger Moore kemur til Íslands. Reyndar renndi þekktasta persóna hans, leyniþjónustumaðurinn James Bond, sér á skíðum við Jökulsárlón í kvikmyndinni A View to a Kill. „Fróðir menn hafa tjáð mér að Moore hafi ekki komið hingað í tengslum við þær tökur," útskýrir Stefán en líst vel á þá hugmynd að sýna leikaranum hvar „hann" slapp undan óþokkunum í myndinni frægu.

- fgg



**ROGER MOORE** Kemur til Íslands á fullveldisdaginn í þeim tilgangi að vera viðstaddur undirritun styrktarsamnings þriggja fyrirtækja og UNICEF. MYND / GETTY IMAGES

# BESTA BYRJUN NÝRRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR!

ENGIN SJÓNVARPSSTÖÐ Á ÍSLANDI HEFUR FARIÐ EINS VEL AF STAÐ OG SIRKUS.




| STÖÐ 2 - 1986 | SKJÁR EINN - 1999 | RÚV - 1967 | SIRKUS - 2005 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi óhorfenda á fyrsta ári . (Stod2.is/Hagstofa Íslands). | Uppsafnað áhorf í fyrstu könnun. (Gallup/1999). | Fjöldi óhorfenda á fyrsta ári . (Hagstofa Íslands). | Uppsafnað áhorf í fyrstu könnun. (Gallup/2005). |

## FRAMUNDAN Á SIRKUS!



Ameríska Idolið byrjar á Sirkus í janúar



Vinsælasti nýi grínþátturinn í Bandaríkjunum



Bræður berjast við ill öfl í leit að föður sínum



Grínþættir sem fjalla um samskipti foreldra og barna



Á 20 ára útskriftarafmælinu er framið morð!



X-files mætir Lost. Þú vilt ekki missa af þessum!

SIRKUS ÞAKKAR ÁHORFENDUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR. SIRKUS SÆKIR NÚ FRAM AF MIKLUM KRAFTI OG KYNNIR YFIR 20 NÝJA INNLENDA OG ERLENDA ÞÆTTI Á NÆSTUNNI. MEÐAL ÞEIRRA ERLENDU ERU MARGIR AF VINSÆLUSTU NÝJU ÞÁTTUNUM Í HEIMINUM Í DAG. ALDREI Í SÖGU FJÖLMIÐLA Á ÍSLANDI HEFUR SJÓNVARPSSTÖÐ BYGGT SVO FLJÓTT UPP ÖFLUGA DAGSKRÁ.

**FYLGSTU MEÐ!**

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Bernskuvernd á jólaföstu*

Skreytum bara jólatréð í hvelli, sagði krakkakríli og dró á eftir sér nælonjólatré inn í stofu. Er það ekki alltof snemmt í nóvember? spurðu foreldrarnir undrandi. Nei, sagði stýrið. Það er þá bara búið og við þurfum ekki að gera það í stressi rétt fyrir jólin. Foreldrunum fannst hugmyndin umhugsunarverð því fram undan eru álagstímar – ekki síst fyrir þá yngstu. Nú hefst leitin mikla að jólunum sem lýkur formlega á aðfangadagskvöld.

Á jólaföstu sligast jólahlaðborðin undan kræsingum. Yfirkeyrðir jólasveinar fylla litla skó af varningi. Jólagjafainnkaupin hefjast með tilheyrandi búðarápi. Örþreyttir krakkaormar hanga suðandi og volandi í foreldrum á þönum um bæinn fram eftir kvöldum. Opnunartíminn lengist og lengist. Jólaföndursstundir eru haldnar um borg og bý. Jólatónleikarnir bresta á með lúðrablæstri og strengjaslætti. Jólaleikritin eru frumsýnd með ótal Maríum, Jósefum og vitringum. Danskir jólamorgunverðir, laufabrauð og bakstur. Jólahreingerningarnar skella á líkt og sápubylur. Haldin eru lítil jól um koppa og grundir áður en stóru jólin skella á og landsmenn liggja örmagna í litríku pappírsflóði á aðfangadagskvöld.

Í allri gleðinni á ef til vill að vera svo gaman að á stöku stað getur það orðið áhyggjuefni. Þær systur, Streita og Þreyta gera það víðreist á jólaföstu og setjast að á ólíklegustu stöðum. Þær taka jafnvel með sér til veislunnar lagsmenn sína, Tímaþjóf og Kvíða, svo úr verður samkvæmi sem tekur á taugar, oft á tíðum langt fram á nýja árið. Best er líklega að bjóða frekar formlega heim þríburasystrunum, Kyrrð, Samveru og Birtu. Þær geyma fyrstu verðlaunin í jólaratleiknum og börnin standa uppi sem sigurvegarar.

Í miðju jólaöngþveitinu er gengið langt í því að æra óstöðuga og álagið sem skapast víða getur valdið því að dýrmætustu heimilisafurðirnar mæta afgangi. Því er vert að rifja upp nokkur boðorð átaksins Verndum bernskuna: Leyfum barninu að vera barn og þorum að axla ábyrgð sem uppalendur. Verum til staðar fyrir barnið. Munum að rækta okkur sjálf. Hlífum barninu við ónauðsynlegu áreiti. Setjum foreldrahlutverkið í forgang. Veitum frelsi en setjum mörk. Verum barninu mikilvæg og verndum bernskuna.





